

Ársskýrsla 2005



Ársskýrsla 2005



Persónuvernd

Ljósmyndir: Bjarni Eiríksson
Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja
ISSN 1670-3782.

FORMÁLI FORSTJÓRA



Næstu áramót verða liðin 25 ár frá gildistöku fyrstu laga sem sett voru hér á landi til verndar einstaklingum vegna skráningar á upplýsingum um einkamálefni þeirra, lög nr. 63/1981. Á þessum tíma hafa orðið straumhvörf í umræðu um þennan málaflokk sem m.a. má rekja til þeirrar gerbyltingar sem orðið hefur á umfangi rafræns persónueftirlits.

Þegar á þeim tíma er lögin voru sett var mönnum reyndar orðið tíðrætt um þessi mál. Það endurspeglast m.a. í þingsályktunartillögu sem samþykkt var árið 1976 um að skora á ríkisstjórnina að semja frumvarp til laga um verndun einstaklinga gegn því að komið yrði upp safni upplýsinga um þá með aðstoð tölvutækni, talað var um að verja menn gegn „undramætti tölvutækninnar.“ Meðvitund fólks um þessi mál hefur hins vegar aldrei verið meiri en nú og veldur þar vafalaust mestu áðurnefnd bylting í notkun rafræns vöktunarbúnaðar. Hún var m.a. rædd á alþjóðafundi forstjóra persónuverndarstofnana í London á þessu ári. Kom fram að víða telja menn eftirlitsþjóðfélagið vera orðið að veruleika. Þar sé ekki lengur um neina framtíðarsýn að ræða heldur raunveruleika í nútímanum. Kom fram að þrátt fyrir hina margvíslegu kosti sem rafræn vöktun getur haft í för með sér fyrir bæði samfélagið og einstaklinginn verði að gæta þess að umfang hennar verði ekki slíkt að hún ali á óöryggi og tortryggni, auk þess að grafa undan trausti manna á milli.


Þótt þekking almennings og skilningur á mikilvægi málaflokksins hafi tekið stakkaskiptum er ljóst að Persónuverndar biður mikið starf. Má minna á könnun sem gerð var fyrir á þessu ári á umfangi og framkvæmd rafrænnar vöktunar hér á landi. Spurningalistar voru sendir til 150 íslenskra fyrirtækja og stofnana. Spurt var hvort haft væri eftirlit með net- og tölvupóstnotkun starfsmanna, hvort notaðar væru eftirlitsmyndavélar, ökusíritar, símvöktunarbúnaður o.s.frv. Væri vöktun fyrir hendi var spurt hvort starfsfólk vissi um hana, hver væri tilgangur eftirlitsins, hversu lengi gögn sem söfnuðust væru geymd o.fl. Því miður náðist ekki næg svörun til þess að líta megi svo á að tölfræðilega marktækar niðurstöður hafi fengist. Engu að síður gefa þau svör sem bárust því miður ákveðnar vísbendingar um verulega misbresti á að gildandi reglum sé fylgt og starfsfólk fái að vita um það hvernig fylgst sé með því.

Þessar vísbendingar eru ekki úr takti við það sem Persónuvernd hafði búist við. Ljóst er að þótt stofnunin leggi sig alla fram er góð þekking almennings á rétti sínum meginforsenda þess að árangur náist og einkalífsréttinum verði sýnd viðhlítandi virðing. Með þetta í huga ákvað Persónuvernd í upphafi ársins að ráðast í sérstakt kynningarátak. Var markmiðið einkum að auka þekkingu manna á rétti sínum og hvetja til málefnalegrar og öfgalausrar umræðu. Heimsóttu starfmenn stofnunarinnar skóla og vinnustaði. Einnig var gefinn út kynningarbæklingurinn „Réttur þinn“ og opnuð ný útgáfa af heimasíðu stofnunarinnar. Þá er í undirbúningi að gefa út á næsta ári tvö rit. Annars vegar kennslu- eða fræðirit um persónuupplýsingarétt. Hins vegar sérstakt rit í tilefni af 25 ára afmæli persónuupplýsingalöggjafarinnar. Er stefnt að því að ritið muni hafa að geyma hugvekjur af fjölbreyttu tagi.

Árangurs kynningarstarfsins sér þegar stað m.a. í auknum fjölda erinda sem Persónuvernd berast á ári hverju. Munar þar mest um erindi frá einstaklingum. Þau koma frá fólki

alls staðar að af landinu, af báðum kynjum og úr öllum aldurshópum. Kynningarstarfi sínu hefur Persónuvernd þó ekki aðeins beint að hinum almenna borgara heldur ekki síður að þeim hópi sem vinnur með persónuupplýsingar og ber ábyrgð á meðferð þeirra. Reynslan sýnir að meiri árangur næst þegar samvinna er höfð fremur en harkaleg framganga. Hefur Persónuvernd haft það að leiðarljósi að gæta sanngirni og hófsemi án þess að slá af eðlilegum kröfum til lögmætra og vandaðra vinnubragða. Þessari nálgun hafa menn tekið vel.

4. nóv. 2006
Sigrún Jóhannesdóttir



Efnisyfirlit

1. Almenn

1.1. Stofnunin Persónuvernd	9
1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2005.....	9
1.3. Um starfið 2005	9
1.4. Um fjárreiður á árinu 2005.....	10

2. Hlutverk Persónuverndar

2.1. Nánar um ýmis verkefni Persónuverndar.....	11
2.1.1. Um leyfisveitingar og tilkynningar	12
2.1.2. Um úttektir.	12

3. Nánari umfjöllun um ýmis mál – Leyfisveitingar og aðrar afgreiðslur; úrskurði, álit, umsagnir og svör við fyrirspurnum

3.1. Einstakar leyfisveitingar 2005	14
3.1.1. Veitt starfsleyfi	14
3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsóknna á heilbrigðisviði.....	14
3.2. Greinargerð um ýmsar afgreiðslur; úrskurði, álit, umsagnir og svör við fyrirspurnum....	22
3.2.1. Öryggi persónuupplýsinga hjá Lyfjum og heilsu hf., ósk um endurupptöku	22
3.2.2. Kvörtun yfir að Íslandsbanki virði ekki upplýsingarétt	22
3.2.3. Miðlun upplýsinga um slys af völdum flugelda	23
3.2.4. Miðlun upplýsinga í tengslum við viðhorfskönnun.....	23
3.2.5. Símsending persónulegra gagna starfsmanns	23
3.2.6. Miðlun upplýsinga um félagi í lífeyrissjóði	24
3.2.7. Tulkun á 48. gr. fjarskiptalaga	24
3.2.8. Aðgangur að gögnum tryggingafélags	26
3.2.9. Upplýsingar um fyrrverandi maka í Íslendingabók.....	27
3.2.10. Öflun upplýsinga úr málaskrá lögreglu í tengslum við ráðningu í starf.....	29
3.2.11. Staðlaður samningur um flutning erfðafnis til Bandaríkjanna.....	29
3.2.12. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga hjá Kreditkorti hf.	32
3.2.13. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga hjá VISA Íslandi – Greiðslumiðlun hf.....	35
3.2.14. Umfjöllun fjölmiðla um einkamálefni fólks	37
3.2.15. Eftirlitsmyndavélar á heimavist	41
3.2.16. Álit á lögmæti rafrænnar vöktunar í búningssklefa líkamsræktarstöðvar.....	46
3.2.17. Vinnsla tryggingafélags á persónuupplýsingum við sölu á líf- og sjúkdómtryggingum	49
3.2.18. Uppfletting í vanskilaskrá Lánstrausts	55
3.2.19. Miðlun upplýsinga um nemendur með sérþarfir	55

3.2.20. Dreifing myndefnis úr eftirlitsmyndavélum.....	56
3.2.21. Miðlun fjárhagsupplýsinga með símbréfi.....	56
3.2.22. Kvörtun vegna ólögðrar meðferðar fyrirverandi vinnuveitanda á tölvupósti kvartanda.....	57
3.2.23. Upplýsingar um ökuleyfissviptingu	58
4. Erlent samstarf	
4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana.....	60
4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana.....	60
4.3. Alþjóðlegt samstarf	60
4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins	60
4.5. Erlent samstarf vegna ýmissa sérverkefna eða einstakra mála	60
4.6. Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs sem tilgreint er hér að framan.....	61
4.6.1. Um fund forstjóra norrænna Persónuverndarstofnana	61
4.6.2. Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana.....	61
4.6.3. Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana.....	61
4.6.4. Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB	61
4.6.5. Um vorfund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana	71
4.6.6. Um starf Sameiginlegu Schengen-eftirlitsstofnunarinnar – JSA	71
4.6.7. Um 27. alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana.....	72
4.6.8. Um samstarf á vettvangi Evrópuráðsins	74
4.6.9. Um fund um staðsetningarbúnað í farsímum	74
5. Lög og reglur	
5.1. Lög nr. 77/2000, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 90/2001, lögum nr. 81/2002, lögum nr. 46/2003 og lögum nr. 72/2003.....	75
5.2. Um stjórnvaldsreglur.....	90
5.3. Reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga	90
5.4. Reglur nr. 888/2004 um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði.....	93



Persónuvernd

1. Almennt

1.1. Stofnunin Persónuvernd

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og -reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2005

Formaður stjórnar var Dr. Páll Hreinsson lagaprófessor. Auk hans sátu í stjórn stofnunarinnar Valur Arnason lögfræðingur og skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Haraldur Briem sóttvornarlæknir, Svana Helen Björnsdóttir verkfræðingur og formaður Skýrslutæknifélags Íslands og Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður. Vilhelmina Haraldsdóttir læknir var varamaður Haraldar en Arnaldur Axfjörð verkfræðingur og varaformaður Skýrslutæknifélags Íslands var varamaður Svönu Helenar. Aðrir varamenn voru Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson héraðsdómslögmaður og Ástríður Grímsdóttir sýslumaður. Haldnir voru 12 stjórnarfundir á árinu.

Forstjóri stofnunarinnar var Sigrún Jóhannesdóttir. Aðrir starfsmenn voru Erla Björgvinsdóttir fjármála- og skrifstofustjóri og Þórður Sveinsson, Ingvi Snær Einarsson, Særún María Gunnarsdóttir og Björn Geirsson lögfræðingar, auk Þórólfs Heiðars Þorsteinssonar laganema.

1.3. Um starfið 2005

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 37. gr. pul., er fimmta ársskýrsla Persónuverndar frá því að hún tók til starfa hinn 1. janúar 2001. Stöðug aukning hefur orðið í fjölda innkominna erinda. Á fyrsta starfsári stofnunarinnar voru þó skráð flest slík erindi, eða 920, en hafa ber í huga að nokkur fjöldi þeirra voru mál sem Tölvunefnd, forveri hennar, náði ekki að afgreiða áður en hún var lögð niður hinn 31. desember 2000. Ný mál árið 2002 voru 606, árið 2003 voru þau 627 og árið 2004 voru þau 676.

Á árinu 2005 voru ný mál 720 talsins. Óafgreidd erindi frá fyrra ári voru 84 þannig að alls hafði stofnunin til meðferðar 804 mál á árinu. Hún afgreiddi 748 mál.

Eftirfarandi tafla sýnir tegundir skráðra mála og fjölda:

Tegundir	Fjöldi
Frumkvæðismál	25
Fyrirspurnir/umsagnir/álit	245
Kvartanir/kærur/úrskurðir	172
Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	27
Veitt leyfi	103
Mál vegna tilkynninga	69
Stjórnvaldsreglur	4
Úttektarverkefni	14
Erlent samstarf	66
Annað	79

Auk framangreindra mála bárust Persónuvernd 462 tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga. Eru þær allar birtar á heimasíðu stofnunarinnar

1.4. Um fjárreiður á árinu 2005

Fjárveitingar í fjárlögum til Persónuverndar námu samtals 55,2 millj. kr., en það er hækkun um 2,3 millj. kr. frá árinu 2004. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum á árinu námu samtals tæplega 53,5 millj. kr. og var tekjuafgangur liðlega 1,7 millj. kr. eða 3%.

Kostnaður vegna launa og launatengdra gjalda nam 38,2 millj. kr., starfstengdur kostnaður (ferðareikningar, fundir, námskeið, akstur o.fl.) nam 2,6 millj. kr. og kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðipjónustu (öryggisúttektir, tölvumál og fleira) nam 7,5 millj. kr. Stofnunin er í leiguhúsnæði í eigu Fasteigna ríkissjóðs og nam kostnaður vegna húsnæðis 2,7 millj. kr. Samkvæmt rekstrarreikningi hefur rekstrarkostnaður aukist. Hér er ekki um raunaukningu að ræða nema að hluta til. Hækkun skýrist m.a. af breyttum vinnubrögðum við færslu bókhalds, sbr. lækkun liðarins „Aðkeypt þjónusta“.

Rekstrarreikningur ársins 2005

Tekjur	2005	2004
Seld þjónusta.....	3.450.221	6.193.510
	<u>3.450.221</u>	<u>6.193.510</u>
Gjöld		
Launagjöld.....	38.232.421	33.700.887
Aðkeypt þjónusta.....	7.526.266	9.951.198
Starfstengdur kostnaður.....	2.603.273	3.477.130
Húsnæðiskostnaður.....	2.744.120	2.745.944
Rekstrarkostnaður.....	4.565.540	1.128.341
	<u>55.671.620</u>	<u>51.003.500</u>
Tækjakaup/húsbúnaður o.fl.	1.241.398	642.968
	<u>56.913.018</u>	<u>51.646.468</u>
Tekjuafgangur (- halli) fyrir ríkisframlag.....	(53.462.797)	(45.527.837)
Ríkisframlag.....	55.200.000	52.900.000
<i>Tekjuafgangur ársins</i>	<u>1.737.203</u>	<u>7.372.163</u>



2. Hlutverk Persónuverndar

Í fyrri ársskýrslum Persónuverndar hefur verið gerð grein fyrir helstu áherslum í vinnu stofnunarinnar á hverju starfsári. Fyrstu starfsár Persónuverndar fór mikil vinna í samningu fjölþættra stjórnvaldsfyrirmæla og samræmdra reglna um verklag og daglega starfsemi. Á þriðja og fjórða starfsári Persónuverndar var einkum lögð áhersla á gerð öryggisúttekta og er þeim verkefnum sem þá var hleypt af stokkunum nú að mestu lokið. Almennt má segja að sú vinna hafi leitt í ljós að víðast hvar sé öryggi persónuupplýsinga nokkuð vel tryggt. Hafa þeir sem vinna með persónuupplýsingar flestir tekið slíkum úttektum vel og orðið við ábendingum Persónuverndar og fyrirmælum um aðgerðir til úrbóta hvað varðar vinnubrögð, öryggi og skipulag á vinnslu persónuupplýsinga. Fimmta starfsárið var mikil áhersla lögð á fjölþætt kynningarstarf. Heimsóttu starfsmenn Persónuverndar skóla og vinnustaði og kynntu starfsemi stofnunarinnar.

2.1. Nánar um verkefni Persónuverndar

Helstu verkefni Persónuverndar eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrirmæli varðandi tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Ennfremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlendum vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og siðareglna og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar um persónuvernd og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög nr. 77/2000, reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrirmæli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífsrétt manna. Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði pul. og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settar samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, bann við notkun þeirra, eyðingu þeirra og ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslu þeirra. Hún getur ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrirmælum hennar.

Brot á ákvæðum pul. og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer er: 510 9600. Faxnúmer er: 510 9606. Netfang er: postur@personuvernd.is.

Á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is, er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um Persónuvernd, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni, reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

2.1.1. Um leyfisveitingar og móttöku tilkynninga

Persónuvernd afgreiðir leyfisumsóknir og tekur við tilkynningum.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 8. gr. pul., sem og 9. gr. pul. sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þessara heimilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju, einstöku tilviki til þess að skera úr um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur alla jafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna, þ.e. þeim sem búa yfir viðkomandi upplýsingum, en rísi ágreiningur milli aðila um vinnsluna má bera hann undir Persónuvernd. Teljist heimild vera fyrir vinnslunni og samþykki ábyrgðaraðili upplýsinganna vinnsluna skal Persónuvernd send tilkynning um vinnsluna. Tilkynningin er send rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is, og vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. pul. Það hefur hún gert með setningu reglna nr. 698/2004 sem tóku við af reglum nr. 90/2001. Í 7. gr. reglnanna eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lífisvæðingarlögum nr. 110/2000 og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera ítarleg. Í henni skal m.a. tilgreina sérstaklega á grundvelli hvaða reglu um leyfisskyldu hún byggji og hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Umsókn skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is.

Persónuvernd hefur sett sér sérstakar verklagsreglur, nr. 340/2003, um afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskrá vegna aftursýnna vísindarannsókna. Meginreglan er sú að þegar unnið er með persónuupplýsingar við vísindarannsóknir á heilbrigðissviði skal vinnsla upplýsinganna byggjast á samþykki þátttakenda í rannsókninni. Þessar verklagsreglur gilda um nokkrar undantekningar frá framangreindri meginreglu. Þær gilda einvörðungu um umsóknir lækna, annarra heilbrigðisstarfsmanna og háskólanema á sviði heilbrigðisfræða um leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna aftursýnna vísindarannsókna og um afgreiðslu Persónuverndar á þeim umsóknum, en með aftursýnni vísindarannsókn er hér átt við rannsókn þar sem ekki er gert ráð fyrir virkri þátttöku sjúklings, s.s. með því að hann gefi upplýsingar eða láti lífsýni í té, heldur aðeins vinnslu upplýsinga úr fyrirliggjandi skrá og sjúkraskrá sem færðar hafa verið í samræmi við fyrirmæli 14. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Þessar verklagsreglur gilda ekki um aðgang að lífsýnum í þágu vísindarannsókna á heilbrigðissviði.

2.1.2. Um úttektir.

Samkvæmt 2. tl. 3. mgr. 37. gr. pul. er það eitt af hlutverkum Persónuverndar að hafa eftirlit með því að aðilar sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga fari að lögum og öðrum reglum sem um vinnsluna gilda og tryggja eiga að fyllsta öryggis sé gætt.

Til þess að Persónuvernd geti rækt það eftirlitshlutverk sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt getur verið nauðsynlegt að gera úttekt á fyrirkomulagi öryggismála hjá ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga. Ákvörðun um úttekt þarf ekki að fela í sér að Persónuvernd telji að öryggiskerfi viðkomandi ábyrgðaraðila sé að einhverju leyti ábótavant. Markmiðið er að sannreyna að öryggiskerfi ábyrgðaraðila sé í samræmi við þær öryggiskröfur sem Persónuvernd gerir til vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga.

Úttekt er framkvæmd í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn felst í því að kalla eftir og fara yfir skrifleg gögn frá ábyrgðaraðila. Seinni hlutinn er skoðun á þeim vettvangi þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram. Það er gert í þeim tilgangi að bera fyrirkomulag og ástand öryggiskerfis saman við framlögð gögn ábyrgðaraðila þar að lútandi. Persónuvernd lýkur úttekt með ákvörðun um hvort öryggiskerfið standist þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum um öryggi persónuupplýsinga og gefur ábyrgðaraðila fyrirmæli um úrbætur ef ástæða þykir til.

Við úttektir hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft á tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur úttekt Persónuverndar því takmarkast við afmarkaðan þátt starfseminnar. Í þeim tilgangi að öðlast raunhæfan samanburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sambærilegri starfsemi. Er þá jafnan reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni til að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.



3. Nánari umfjöllun um ýmis mál – Leyfisveitingar og aðrar afgreiðslur; úrskurðir, álit, umsagnir og svör við fyrirspurnum

3.1. Einstakar leyfisveitingar 2005

3.1.1. Veitt starfsleyfi

2004/533 – Lánstraust hf. fékk endurnýjað starfsleyfi til að annast söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, í því skyni að miðla þeim til annarra, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust og 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna Persónuverndar nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

2004/534 – Lánstraust hf. fékk endurnýjað starfsleyfi til að annast söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, í því skyni að miðla þeim til annarra, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, sbr. 2. mgr. 45. gr. pul.

2005/382 – Myndmark, samtök þeirra sem dreifa myndbandsefni í gegnum útleigu og heildsölu á Íslandi, fengu endurnýjað starfsleyfi til að annast söfnun og skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni einstaklinga, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001 og 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna Persónuverndar nr. 698/2004.

3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði

Persónuvernd veitti eftirfarandi leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við vísindarannsóknir á heilbrigðissviði:

2005/168 – Ari Klængur Jónsson nemi fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Áhrif innflytjenda á atvinnuleysi á Íslandi“.

2005/288 – AstraZeneca og Magni Jónsson lungnasérfræðingur fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „A comparison of Symbicort Single inhaler Therapy (Symbicort Turbuhaler 160/4.5 µg, 1 inhalation b.i.d. plus as needed) and conventional best practice for the treatment of persistent asthma in adolescents and adults – a 26 week, randomised, open label, parallel-group, multicentre study. STYLE, D5890L00014.“

2005/404 – Axel Finnur Sigurðsson, Kristján Eyjólfsson, Ragnar Danielsen, Sigurpáll Scheving, Karl Andersen, Torfi F. Jónasson og Þórarinn Guðnason læknar fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Sam- anburður á Prasugrel (CS-747) og Chlopidogrel hjá sjúklingum með brátt kransæðaheilkenni sem eiga að fara í kransæðavíkkunaraðgerð gegnum húð/TIMI 38.“

2005/228 – Árni Kristjánsson lektor og Haukur Hjaltason sérfræðingur fengu leyfi vegna rannsóknarinnar: „Gaumstol og heildarsamhengisáhrif ýfingar lita og staðsetningar í sjónleit.“

2004/676 – Ásdís Kristjánsdóttir fageiningarstjóri, Bjarni Torfason yfirlæknir og María Ragnarsdóttir rannsóknarsjúkraþjálfari fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Áhrif styrktar- og þolþjálfunar öndunarvöðva á lungnastarfsemi fyrir og eftir hjáveituskurðaðgerð.“

2005/323 – Ásdís Ólafsdóttir lektor fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Frumbyrjur, 35 ára og eldri.“

2005/2 – Ásgeir Haraldsson sviðstjóri og prófessor, Sigurður Kristjánsson yfirlæknir, Gestur Pálsson sérfræðingur og Ólafur Þorvaldsson deildarlæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Dánarorsök barna á Íslandi 1994-2003.“

2005/368 – Ásgerður Sverrisdóttir læknir, Jonas Bergh prófessor, Helgi Sigurðsson læknir og forstöðumaður, Óskar Jóhannsson, Jakob Jóhannsson og Sigurður Böðvarsson læknar, Jóna Jónsdóttir rannsóknarhjúkrunarfræðingur og Pia Krönberg og Maria Moskovits vaktarar fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „SBG 2004-1.“

2005/318 – Bertrand Lauth sérfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Innlagnir á unglingsdeild (BUGL), LSH.“

2005/118 – Bjarni Torfason yfirlæknir, Þórarinn Arnórsson hjarta- og lungnaskurðlæknir og Magnús Konráðsson deildarlæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Árangur ósæðalokuaðgerða á LSH frá því að notkun lífrænna gerviloka án stoðgrindar hófst.“

2005/163 – Björn Guðbjörnsson sérfræðingur og dósent, Þórarinn Gíslason yfirlæknir og prófessor, Sigríður Ó. Haraldsdóttir sérfræðingur, Sveinn Guðmundsson yfirlæknir og Dýrleif Pétursdóttir læknanemi fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Liðbólur sem fylgigigt við sarklíki (sarcoidosis) – sjúkdómsbirting og horfur.“

2005/586 – Björn Geir Leifsson skurðlæknir og María Bragadóttir hjúkrunarfræðingur og heiluhagfræðinemi fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Kostnaðar- og nytjagreining á hjáveituaðgerðum á maga.“

2005/595 – Bryndís Jónsdóttir nemi fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Hvað verður um starfsmenn þegar þeir snúa til vinnu að loknu fæðingar- og foreldraorlofi?“

2005/397 – Davíð O. Arnar yfirlæknir og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Kortlagning og einangrun áhættugena gáttatífs.“

2005/540 – Ebba Margrét Magnúsdóttir sérfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Northern European Factor VIIa in Obstetric Haemorrhage (NEFOH) Registry.“

2004/659 – Elías Ólafsson yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Orsök flogabreytinga í heilari.“

2005/630 – Elin Dianna Gunnarsdóttir lektor fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Heilsutengd lífs-gæði einstaklinga sem komu í Verkjaskólann í Kristnesi 2005.“

2005/591 – Erla Kolbrún Svavarsdóttir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Heimilisofbeldi gegn konum: Hlutverk hjúkrunarfræðinga.“

2005/174 – Eyrún Unnur Guðmundsdóttir, Freydis Jóna Freysteinsdóttir og Eygló Sigmundsdóttir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Hvað einkennir notendahóp Hvítabandsins.“

2005/635 – Felix Valsson sérfræðingur og Bjarni Torfason yfirlæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Mæling á BNP fyrir hjartaaðgerðir, rannsóknarverkefni 3. árs læknanema.“

2005/238 – Fjármálaráðuneytið fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Kostnaður við tekjutengingu atvinnuleysisbóta.“

2005/187 – Friðbjörn Sigurðsson sérfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „5-Fluorouracil/Folinate/Oxaliplatin (Eloxatin®) (FLOX regimen), gefið stöðugt eða með hléum samhliða Cetuximab (Erbix®), sem fyrsta meðferð gegn dreifðu ristilkrabbameini. Slembiröðuð, fasa III, fjölsetra rannsókn.“

2005/241 – Gerður Gröndal sérfræðingur fékk leyfi vegna „Slembiraðaðrar, tvíblindrar, samsíða sam-
anburðarrannsóknar við lyfleysu til ákvörðunar á öryggi og verkun MRA teknu ásamt methotrexate hjá sjúklingum með meðalvirka eða alvarlega iktsýki sem svara ekki anti-TNF meðferð“.

2005/259 – Grétar Guðmundsson sérfræðingur og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Forkönnun: Rannsókn á ættlægni ALS.“

2005/142 – Guðjón Birgisson skurðlæknir, Margrét Oddsdóttir yfirlæknir og Bergþór Björnsson deildarlæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Miltistökur á LSH 1993 til 2004.“

2005/464 – Guðmundur Sigurðsson dr. juris og dósent, Ragnhildur Helgadóttir S.J.D. dósent, Berglind Ýr Karlsdóttir ML-nemi, Hulda Hákonardóttir BA-nemi og Ingólfur Kristinn Magnússon ML-nemi fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Almannatryggingar: Hlutverk þeirra og samspil við önnur bótaúrræði.“

2005/292 – Guðmundur Þorgeirsson, Árni Kristinsson, Hrefna Guðmundsdóttir, Karl Andersen sérfræðingar og Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir læknir fengu leyfi vegna „Opinnar, slembiraðaðrar rannsóknar til ákvörðunar á öryggi, þoli og áhrifum á blóðþéttni ýmissa bólguþátta eftir inntöku mismunandi skammta af rannsóknarlyfinu DG-031 hjá kransæðasjúklingum, með eða án breytinga í FLAP og/eða LTA4 hýdrólasa genum.“

2004/662 – Guðmundur Þorgeirsson sviðstjóri og Kolbeinn Guðmundsson sérfræðingur fengu leyfi vegna „Einsetra, opinnar, samhliða, slembiraðaðrar rannsóknar til ákvörðunar á öryggi, þoli og áhrifum á blóðþéttni ýmissa bólguþátta eftir inntöku mismunandi skammta af rannsóknarlyfinu DG-031 hjá kransæðasjúklingum með breytileika í FLAP og/eða LTA4-hýdrólasa genum.“

2005/321 – Guðrún Linda Guðmundsdóttir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Mataræði ungbarna: áhrif nýrra ráðlegginga.“

2005/202 – Guðrún Kristjánsdóttir prófessor og Ída Atladóttir hjúkrunarfræðingur og MS nemi í hjúkrunarfræði fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Ráf meðal aldraðra á hjúkrunarheimilum.“

2005/217 – Gunnar Þór Gunnarsson yfirlæknir og lektor fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Skyndi-
dauði vegna hjartasjúkdóma hjá ungmennum á Íslandi.“

2005/121 – Gunnar Guðmundsson læknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði og erfð-
um lungnatrefjunar.“

2005/34 – Gunnar Sigurðsson lyflæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Phase 3, Multi-Center,
double-blind, randomized, parallel group study of the efficacy, safety and tolerability of fixed combi-
nation torcetrapib (CP-529,414)/ Atorvastatin administered orally, once daily (QD) for six months,
compared with maximally tolerated Atorvastatin therapy alone, in subjects with heterozygous famili-
al hypercholesterolemia.“

2005/483 – Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson f.h. Lögreglunnar í Reykjavík fékk leyfi vegna rann-
sóknarinnar „Kostnaður tryggingafyrirtækja af völdum innbrota og þjófnaða barna undir 18 ára
aldri.“

2005/383 – Hanna Ásgeirsdóttir sjúkraþjálfari og meistaranemi, María Heimisdóttir og Pálmi V.
Jónsson læknar og Svana Helen Björnsdóttir verkfræðingur fengu leyfi vegna rannsóknarinnar
„Tengsl færni og getu aldraðra á dvalar- og hjúkrunarheimilum við auka- og/eða hjáverkanir lyfja.“

2005/327 – Hannes Blöndal prófessor og Finnbogí Þormóðsson sérfræðingur fengu leyfi vegna
„Rannsóknar á meingerð og meinferli arfgengrar heilablæðingar.“

2005/244 – Hannes Petersen yfirlæknir og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsókn-
arinnar „Forkönnun: Rannsókn á fjölskyldulægni snigilgluggaherslis.“

2005/243 – Hannes Petersen yfirlæknir og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsókn-
arinnar „Forkönnun: Rannsókn á fjölskyldulægni Meniere's sjúkdóms.“

2004/632 – Hannes Petersen og Ingibjörg Hinriksdóttir yfirlæknar fengu leyfi vegna rannsóknarinn-
ar „Heyrnarfræðilegar afleiðingar stikilbólgu.“

2005/522 – Helga Gottfredsdóttur lektor og ljósmóðir, Þóra Jenni Gunnarsdóttir lektor og Stefania
Guðmundsdóttir nemi í ljósmóðurfræði fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Áhrif nálastungumeð-
ferðar á grindarverki á meðgöngu: þróun meðferðar og forprófun mælitækis.“

2005/689 – Helga Ögmundsdóttir yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Sjúkdómsmyndun
og forstig mergfrumuæxla, framhaldsrannsókn.“

2005/481 – Helgi Jónsson, Guðmundur Jón Eliasson og Eypór Björgvinsson sérfræðingar fengu leyfi
vegna rannsóknarinnar „Myndgreining slitgigtar í þumalrótarlið með segulómskoðun (CMC1).“

2005/39 – Hildur Harðardóttir yfirlæknir, Þórður Þórkelsson og Ragnar Bjarnason barnalæknar og
Ólöf Elíasdóttir og Kamilla Sigríður Jósefsdóttir nemar fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Afleið-
ingar ofþyngdar verðandi mæðra á meðgöngu, fæðingu og á nýburann.“

2005/633 – Hlíf Steingrimsdóttir sérfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Viðbótarméðferð
með bortezomib hjá sjúklingum með mergæxli eftir háskammtalyfjameðferð með melphalan og eigin
stofnfrumustuðning. Slembiröðuð NMSG rannsókn (15/05).“

2005/512 – Ingibjörg Hjaltadóttir lektor fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Virgni til dægrastyttingar á hjúkrunarheimili.“

2004/541 – Íslensk erfðagreining ehf. fékk leyfi til flutnings gagna úr landi til SNP-arfgerðargreiningar í þágu rannsókna á sínum vegum, n.t.t. til Illumina, Inc., 9885 Town Center Drive, San Diego, CA 92121-1975, Bandaríkjunum.

2005/48 – Íslensk erfðagreining ehf., Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir, Valgerður Rúnarsdóttir sérfræðingur og Högni Óskarsson geðlæknir fengu leyfi vegna „Rannsóknar á erfðum fíksjúkdóma.“

2005/123 – Jens A. Guðmundsson og Auður Smith sérfræðingar fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Brottnám legs. Breytingar á algengi, ástæðum og aðferðum á Íslandi síðastliðin 20 ár.“

2005/141 – Jón Gunnlaugur Jónasson fékk viðbótarleyfi vegna rannsóknarinnar „Smásæ ristilbólga (microscopic colitis) á Íslandi árin 1995-1999.“

2005/194 – Jón Hjaltalín Ólafsson yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Sortuæxli og óreglulegir fæðingarblettir hjá íslenskum flugáhafnarmedlimum – Þýðing skimunar.“

2005/465 – Jón Friðrik Sigurðsson forstöðusálfræðingur, Halldóra Ólafsdóttir yfirlæknir og Agnes Agnarsdóttir sálfræðingur fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Hugræn atferlismeðferð í almennri heilsugæslu. Bætir hún árangur meðferðar sjúklinga með almennar tilfinningaraskanir í heilsugæslunni?“

2005/450 – Jórunn Erla Eyfjörð dósent, Laufey M. Tryggvadóttir framkvæmdastjóri, Kari Hemminki, Joyce Carlsson og Joakim Dillner fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „WP Genetic Epidemiology, JER2 (Jointly Executed Research) part of EU funded Network of Excellence Cancer Control using Population-Based Registries and Biobanks.“

2004/248 – Karl Andersen læknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Sameindaerfðafræðileg rannsókn á endurbrengingu kransæða eftir kransæðavíkkun og ísetningu stoðnets (coronary artery stent).“

2005/169 – Karl Andersen sérfræðingur, Helga Harðardóttir rannsóknarfulltrúi og Axel F. Sigurðsson og Þórarinn Guðnason læknar fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „A 26 week, double-blind, randomized, multicenter, parallel group, active-controlled study comparing aliskiren to ramipril with optional addition of hydrochlorothiazide, followed by a 4 week double-blind, randomized, placebo-controlled withdrawal in patients with essential hypertension (CSPP100A2306).“

2005/100 – Karl Marínósson félagsráðgjafi og Jóna Guðný Eyjólfsdóttir nemi fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Bráðamál á BUGL 2004.“

2005/110 – Karl Sigurðsson f.h. Vinnumálastofnunar og Sigríður Lilly Baldursdóttir f.h. Tryggingastofnunar ríkisins fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Rannsókn á samspili atvinnuleysis og örorku.“

2005/125 – Kristján Steinsson yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Notkun á TNF mótverkandi lyfjum á LSH.“

2005/47 – Magnús Karl Magnússon blóðmeinafræðingur, Kristín Bergsteinsdóttir líffræðingur og Eiríkur Steingrímsson framkvæmdastjóri fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Sjúkdómsgreining á krabbameini með örflögutækni.“

2005/297 – Margrét Oddsdóttir yfirlæknir og Bergþór Björnsson deildarlæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Kviðsjáraðgerðir vegna æxla í nýrnahettum á LSH.“

2004/317 – María Kristín Jónsdóttir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Félagsleg afdrif eftir heila-áverka.“

2005/190 – María Ragnarsdóttir sjúkraþjálfari, dr. Þórarinn Sveinsson dósent og dr.med. Guðmundur Geirsson fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Árangur sjúkraþjálfunar og lyfjameðferðar við áreynsluþvagleka.“

2005/237 – Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Könnun á tengslum coxiblyfja við heila- og hjartaáföll á Íslandi 2001-2004.“

2005/156 – Ólafur Guðlaugsson yfirlæknir og Hjördís Harðardóttir sérfræðingur fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði methicillin ónæmra Staphylococcus aureus (MÓSA) á Íslandi árin 2000-2004.“

2005/105 – Ólafur Skúli Indriðason læknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Afdrif einstaklinga með langvinnan nýrnasjúkdóm.“

2005/76 – Ólöf Inga Óladóttir og Guðrún Sigurðardóttir nemar fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Athugun á huglægu mati þjálfunarálags hjartasjúklinga á fyrstu vikum endurhæfingar.“

2005/330 – Ómar Þorsteinn Árnason og Þorvaldur Ingvarsson lækna fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Algengi misvaxtar augnkarls hjá sjúklingum með slitgigt.“

2005/117 – Páll Helgi Möller yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Botnlangabólga á LSH 1992-2004.“

2005/417 – Páll Torfi Önundarson yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Hemophilia Inhibitor Genetics Study, rannsókn á erfðum mótefnamyndunar í dreyrasýki.“

2005/205 – Pálmi V. Jónsson sviðsstjóri fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Alþjóðlegur samanburður á fæðugjöf um slöngu hjá öldruðum á hjúkrunarstofnunum með alvarlega heilabilun“ (Þýðing Persónuverndar á svofelldum enskum titli: „International comparison of tube-feeding among institutionalized older persons with severe dementia“).

2005/234 – Pálmi V. Jónsson sviðsstjóri fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „InterRAI Acute Care Field test trial.“

2005/352 – Pálmi Óskarsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Bráð skútabólga – meðferð og greining á 3 heilsugæslustöðvum.“

2005/136 – Rafn Benediktsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Fjölsetra, slembiröðuð, tvíblind rannsókn með lyfleysuviðmiðunarhóp til að meta öryggi og áhrif viðbótarmeðferðar með MK-0431

hjá sjúklingum með sykursýki tegund 2 sem hafa ófullnægjandi stjórn á sykurþúska en eru þegar meðhöndlaðir með glimepiride einu og sér eða glimepiride og metformin.“

2005/240 – Ragnhildur Jónsdóttir meistaranemi fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Barnavernd í skólum – Nemendaverndarráð. Uppruni nemendaverndarráðs, tilgangur þess og starfshættir.“

2005/66 – Sigríður Ólína Haraldsdóttir sérfræðilæknir, Þórarinn Gíslason og Jóhannes Björnsson yfirlæknar og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Ættlægni sarklikis (sarcoïdosis) á Íslandi.“

2005/7 – Sigríður Inga Karlsdóttir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Áhrif BMI á fæðingu og útkomu barns úr fæðingu.“

2005/354 – Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Áhættuhegðun ungs fólks.“

2005/85 – Sigrún Ósk Sævarsdóttir nemi fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Anesthetic Management for a Patient with Thyrotoxicosis: A Case Report.“

2005/306 – Sigurður Björnsson barnaskurðlæknir, Ásgeir Haraldsson prófessor og sviðsstjóri og Ólafur Kjartansson yfirlæknir fengu leyfi vegna „Rannsóknar á bakflæði þvags úr blöðru í nýrnaleiðara (vesico-ureteral reflux) – Stigs 3.“

2005/307 – Sigurður Björnsson barnaskurðlæknir og Ásgeir Haraldsson prófessor og sviðsstjóri fengu leyfi vegna „Rannsóknar á bakflæði þvags úr blöðru í nýrnaleiðara (vesico-ureteral reflux), framhaldsrannsóknar nr. 2.“

2005/93 – Sigurður Ó. Blöndal skurðlæknir og Bergþór Björnsson deildarlæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Aðgerðir vegna lifraræxla á Íslandi, tíu ára uppgjör.“

2005/311 – Sigurður Páll Pálsson geðlæknir fékk leyfi vegna „Rannsóknar á vísitandi sjálfssköðun árin 2000-2004 á Landspítala Háskólasjúkrahúsi.“

2005/421 – Sigurveig Þ. Sigurðardóttir læknir, Michael Clausen barnalæknir, Þórarinn Gíslason yfirlæknir, Torfi Magnússon læknir, dr. Kirsten Bayer, dr. Tomas Keil, dr. Bodo Niggemann og Doreen McBride hjá Charité – Universitätsmedizin Berlin fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Algengi, kostnaður og ástæður fyrir fæðuofnæmi í Evrópu; Verkbáttur 1.1: Fæðuofnæmi á barnsaldri – einkenni barna sem fá fæðuofnæmi.“

2005/608 – Snæfríður Þ. Egilsson lektor fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Skynúrvinnsla íslenskra barna sem greinst hafa með Aspergers heilkenni og svipaðar raskanir á einhverfuprófi.“

2005/392 – Unnur Ágústsdóttir deildarstjóri og MS-nemi fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Beinar greiðslur til einstaklinga í veikindaleyfi á Íslandi og samanburður við slíkar tryggingar í Bretlandi, Danmörku, Þýskalandi og Noregi.“

2005/82 – Unnur Steina Björnsdóttir sérfræðingur og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna „Framsýnnar, slembiraðaðrar, tvíblindrar, samsíða samanburðarrannsóknar við lyfleysu til ákvörðunar á öryggi, þoli og verkun mismunandi skammta af CEP-1347 hjá íslenskum astmasjúklingum.“

2004/666 – Unnur Steina Björnsdóttir, Kolbeinn Guðmundsson og Davíð Gíslason sérfræðingar fengu leyfi vegna „Framsýnnar, slembiraðaðrar, tvíblindrar, samhliða samanburðarrannsóknar við lyfleysu til ákvörðunar á öryggi, þoli og verkun mismunandi skammta af rannsóknarlyfinu DG-031 hjá astmasjúklingum.“

2005/375 – Unnur Valgerður Ingólfssdóttir félagsmálastjóri fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Áhrif breytinga í opinberri stjórnsýslu á störf og starfsumhverfi starfsfólks í félagsþjónustu sveitarfélaga.“

2004/640 – Urður Njarðvík sálfræðingur, Dr. Sigurður J. Grétarsson prófessor og Edda Margrét Guðmundsdóttir nemi fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Mat á hópmeðferð við kvíðaröskunum barna á aldrinum 8-12 ára.“

2003/328 – Vilhjálmur Rafnsson prófessor fékk endurúttegið leyfi vegna rannsóknarinnar „Dánartíðni einstaklinga sem leituðu til bráðamóttöku Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH) við Hringbraut. Rannsókn á þeim einstaklingum sem leituðu til bráðamóttökunnar og voru útskrifaðir að skoðun lokinni á árunum 1995-2002.“

2002/413 – Vilmundur Guðnason forstöðulæknir fékk leyfi til samkeyrslu skráa vegna „Rannsóknar á einstaklingum sem greinst hafa með stækkað hjarta samkvæmt hjartalínuriti í rannsóknnum Hjartaverndar.“

2002/414 – Vilmundur Guðnason forstöðulæknir fékk leyfi vegna „Rannsóknar Hjartaverndar á þátttakendum í hóprannsókn Hjartaverndar með hjartabilun.“

2005/42 – Vilmundur Guðnason forstöðulæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Könnun á tíðni erfðabreytileika í krabbameinsgenum í Íslendingum.“

2005/290 – Vilmundur Guðnason forstöðulæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Erfðamarkagreining í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar.“

2005/497 – Vilmundur Guðnason forstöðulæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Mæling á epigenetics þætti í erfðaeftni (DNA) þátttakenda Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar.“

2005/40 – Vilmundur Guðnason forstöðulæknir og Sædis Svavarsdóttir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Könnun á tíðni erfðabreytileika í genum í gigtsjúkdómum í Íslendingum.“

2005/225 – Þorbjörg María Ómarsdóttir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Heilsutengdur lífsstill og tíðni þunglyndiseinkenna hjá ungu fólki með sykursýki á Íslandi.“

2005/160 – Þorbjörn Jónsson læknir og sérfræðingur, Magnús Böðvarsson nýrnalæknir og Ragnhildur Jóna Kolka meinatæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Tengsl sykrunargalla á IgA sameindum sjúklinga með IgA nýrnamein við magn af mannósabindilektíni og komplementþætti C4 í blóði.“

2005/454 – Þorvaldur Ingvarsson bæklunarlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Mjadmabrot á Íslandi, faraldsfræði og afdrif 1965-2004.“

2005/367 – Þórarinn Gíslason yfirlæknir, Björg Þorleifsdóttir aðjúnt og Erna Sif Arnardóttir svefnmælitæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Tengsl svitnunar, hitastigsstjórnunar og vanstarfsemi æðapels hjá kæfisvefnisjúklingum.“

2004/591 – Þórður Sigmundsson dósent og yfirlæknir fékk leyfi vegna „Rannsóknar á öryggi og verkun SEP-226330 í einstaklingum með fótaóeirð.“

2005/58 – Þórður Sigmundsson dósent og yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Taugasálfræði geðklofa – Erfðafræði truflunar á skilvitund.“

2005/36 – Þórunn Rafnar framkvæmdastjóri f.h. Urðar, Verðandi, Skuldar ehf. fékk leyfi vegna rannsókna „Blöðruhálskirtilskrabbamein – sameindaerfðafræðileg athugun“ og „Rannsókn á arfbreytileika í brjóstakrabbameini og fylgni við læknisfræðilegar breytur.“

3.2. Greinargerð um ýmsar afgreiðslur; úrskurði, álit, umsagnir og svör við fyrirspurnum

3.2.1. Öryggi persónuupplýsinga hjá Lyfjum og heilsu hf., ósk um endurupptöku

8. febrúar 2005 tók Persónuvernd ákvörðun í máli nr. 2002/17 vegna beiðni Lyfja og heilsu hf. um endurskoðun á hluta ákvörðunar sem stofnunin hafði tekið árið 2003 varðandi öryggi vinnslu persónuupplýsinga hjá félaginu (sjá ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2003, bls. 22-28). Hafði hún þá m.a. lagt fyrir félagið að gera ýmsar öryggisúrbætur, en 2005 óskaði það eftir að tiltekinn hluti málsins yrði endurupptekinn.

Niðurstaða Persónuverndar var tvíþætt: Hún taldi ekki unnt að fallast á ósk Lyfja og heilsu hf. um varðveislu afrita í sjö ár. Taldi Persónuvernd að aðeins ætti að varðveita gögn þar til tilbúin væru öryggisafrit sem nægðu til að endurbyggja tölvukerfi kæmi til þess að netþjónn hryndi eða upplýsingar glötudust af öðrum ástæðum. Þá hafnaði stofnunin einnig ósk Lyfja og heilsu hf. um að hún fælli frá fyrirmælum um eyðingu persónuupplýsinga um lyfjaneyslu. Taldi Persónuvernd aðeins heimilt að varðveita þau gögn að því marki sem lög gerðu ráð fyrir.

3.2.2. Kvörtun yfir að Íslandsbanki virði ekki upplýsingarétt

28. febrúar 2005 tók Persónuvernd ákvörðun í máli nr. 2004/144 varðandi kvörtun yfir því að viðskiptabanki hefði hafnað kröfu manns um að fá lista yfir nöfn þeirra starfsmanna bankans sem skoðað hefðu fjárhagsupplýsingar um hann, hvenær það hefði verið gert og í hvaða útibúi bankans.

Persónuvernd leit til þess að upplýsingarnar voru skráðar í svokallaðar atburðaskrár (log-skrár) sem haldnar eru í öryggisskyni. Þær voru annars vegar í fyrirspurnakerfi Reiknistofu bankanna og hins vegar í upplýsingakerfi bankans sjálfs. Um var að ræða upplýsingar um uppflettingar og aðrar aðgerðir sem framkvæmdar eru í tengslum við reikningshald um viðskiptamenn. Eftir kennitölum er hægt að sækja þangað upplýsingar um aðgerðir sem framkvæmdar hafa verið vegna bankareikninga einstakra viðskiptamanna. Slíkar upplýsingar lágu fyrir varðandi bankareikning málshefjanda yfir sex mánaða tímabil fyrir dagsetningu kvörtunar hans. Eðli málsins samkvæmt var bæði um að ræða persónuupplýsingar um málshefjanda og þá starfsmenn bankans sem framkvæmdu umræddar aðgerðir. Á skránum voru því upplýsingar um það hvaða starfsmenn bankans unnu með upplýsingarnar, hvenær og hvar – og hvað þeir gerðu. Af þeim varð hins vegar ekkert ráðið um það hvort persónuupplýsingum um fjárhagsstöðu málshefjanda hefði verið miðlað frá bankanum til utanaðkomandi aðila. Var og ljóst að afhending gagnanna til málshefjanda gæti haft ýmsar afleiðingar gagnvart starfsmönnum, s.s. að á þá fælli örökstuddur grunur um trúnaðarrest.

Málshefjandi byggði kröfu sína á 3. tl. 1. mgr. 18. gr. pul., en það ákvæði hefur ekki verið túlkað svo að það eigi við þau tilvik þegar upplýsingar berast milli einstakra starfsmanna – heldur þegar þeim er miðlað til utanaðkomandi aðila. Með vísan til þess, og að því virtu að af umræddum atburðaskrár varð ekki ráðið hvort persónuupplýsingum um fjárhagsstöðu málshefjanda hefði verið miðlað frá bankanum til utanaðkomandi aðila, taldi Persónuvernd kvartanda ekki eiga kröfu til aðgangs að skránum á grundvelli framangreinds ákvæðis. Væri bankanum því ekki skylt að afhenda honum umbeðnar upplýsingar. Hún tók þó fram að þessi niðurstaða haggði ekki skyldu bankans til að rannsaka, m.a. samkvæmt beiðni málshefjanda, hvort unnið hefði verið með persónuupplýsingar

um hann í samræmi við lög og reglur, sbr. 12. gr. laga nr. 77/2000 er kveður á um skyldu ábyrgðaraðila til innra eftirlits, og gera málshefjanda grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar.

3.2.3. Miðlun upplýsinga um slys af völdum flugelda

Hinn 28. febrúar 2005 gaf Persónuvernd Lögreglustjóranum í Reykjavík umbeðið álit í máli nr. 2005/53 á því hvaða persónuupplýsingar starfsfólki í heilbrigðisþjónustu væri heimilt eða jafnvel skylt að veita lögreglu um slys af völdum flugelda.

Um var að ræða upplýsingar sem m.a. gátu borið með sér vitneskju um það hvort maður hefði gerst brotlegur við refsíákvæði. Þá var um að ræða upplýsingar um heilsuhagi einstaklinga, t.d. um það hvort maður hefði hlotið sprengjuáverka, bruna, heyrnarskaða eða áverka á auga.

Persónuvernd leit til 9. gr. reglugerðar nr. 952/2003 sem sett er með stoð í 2. mgr. 33. gr. vopnagala nr. 16/1998. Þar segir m.a. að ráðherra geti sett reglur um að ekki megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda og í því skyni geti hann kveðið á um sérstakt eftirlit. Hins vegar er þar ekkert vikið að vinnslu persónuupplýsinga eða afmarkað nánar í hverju eftirlitið megi vera falið. Í reglugerðarákvæðinu sjálfu er kveðið á um skyldu til að tilkynna lögreglu um öll alvarleg slys sem verða af völdum flugelda, en ekki kemur skýrlega fram hvort sú skylda nær eingöngu til atburðarins sem um ræðir, þ.e. að orðið hafi alvarlegt slys af völdum flugelda, og eftir atvikum ópersónugrein- anlegra upplýsinga til nota í forvarnastarfi og gæðaeftirliti (s.s. um seljanda, tegund skaðvalds, hvort öryggisbúnaður hafi verið notaður og hvort skoteldur hafi verið gallaður), eða hvort hún nái einnig til miðlunar persónuupplýsinga um þann eða þá tilteknu einstaklinga sem fyrir slysinu verða eða að því komu með einhverjum hætti.

Persónuvernd taldi umrædd laga- og reglugerðarákvæði ekki vera nægilega skýr og afmörkuð til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til heimildar samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Í ljósi þess, og með hliðsjón af þeirri ríku þagnarskyldu, sem hvílir á læknum, taldi hún ekki verða séð að þeir yrðu skyldaðir til miðlunar umræddra persónuupplýsinga til lögreglu. Ekki var tekin afstaða til þess hvort skylda stæði til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum, enda taldi Persónuvernd það falla utan valdsviðs síns, sbr. 37. gr. laganna. Persónuvernd benti á að samþykki hinna skráðu nægði sem heimild fyrir slíkri upplýsingamiðlun.

3.2.4. Miðlun upplýsinga í tengslum við viðhorfskönnun

Hinn 4. mars 2005 tók Persónuvernd ákvörðun í máli nr. 2005/104 varðandi miðlun upplýsinga um félagsmenn í stéttarfélögum, en þær átti að nota við gerð viðhorfskönnunar. Var niðurstaðan sú að umrædd vinnsla væri heimil færi hún fram innan félaganna sjálfra, og færi að öðru leyti fram í samræmi við lög nr. 77/2000. Taldi Persónuvernd því að óheimilt væri að miðla upplýsingum um félagsmenn til utanaðkomandi aðila án samþykkis þeirra sjálfra.

3.2.5. Símsending persónulegra gagna starfsmanns

Hinn 4. mars 2005 kvað Persónuvernd upp úrskurð í máli nr. 2004/126 vegna kvörtunar manns yfir því að fyrirtækið B, sem hann hafði unnið hjá, hefði tekið einkagögn hans úr tölvu sem hann hafði haft til umráða, prentað þau út og sent þriðja aðila. Um var að ræða drög að bréfi til fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóra fyrirtækisins og umsókn um starf hjá D. Gögnin höfðu verið símsend frá fyrirtækinu B til X á hóteli í Danmörku.

Persónuvernd gaf B kost á að tjá sig en engin svör bárust um tiltekin atriði. Lá því ekki fyrir full vitneskja um það hvers vegna gögnin voru send, hver aðdragandinn að sendingu þeirra var eða hvernig meðferð þeirra var háttáð áður en þau voru send. Taldi Persónuvernd B bera hallann af því að hafa ekki veitt umbeðnar skýringar. Í ljósi þess, sem og persónulegs eðlis gagnanna, væri því ekki unnt að líta svo á að símsending þeirra til Danmerkur hefði getað átt undir eitthvert af skilyrðum 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000. Var og lagt fyrir B að ganga úr skugga um að gögnin væru ekki enn til í starfsstöðvum þess, eða í tölvum sem það hefði notað.

3.2.6. Miðlun upplýsinga um félagi í lífeyrissjóði

Hinn 4. mars 2005 komst Persónuvernd að niðurstöðu í máli nr. 2004/654 um erindi lífeyrissjóðs sem óskaði eftir álitum stofnunarinnar á því hvort honum væri heimilt og/eða skylt að verða við beiðni samtakanna D um að fá afhentan lista með nöfnum þeirra sjóðfélaga sem „b[byggju] við skerta verðtryggingu lífeyrisréttar hjá sjóðnum, þ.e. 80% verðtryggingu.“ Samtökin óskuðu eftir listanum til þess að geta metið hve margir og þá hverjir hefðu hagsmuni af yfirstandandi málaferlum D gegn lífeyrissjóðnum.

Persónuvernd tók fram að það væri ekki á hennar valdsviði að kveða á um skyldu til upplýsingamiðlunar í öðrum tilvikum en þeim sem falla undir III. kafla laga nr. 77/2000. D gæti farið með slíkan upplýsingarétt fyrir hönd félagsmanna sinna samkvæmt umboði, en slíkt umboð væri þó takmarkað við upplýsingar um umbjóðendur samtakanna.

Persónuvernd tók mið af ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. pul., enda þótt ekki væri um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða. Samkvæmt þessu ákvæði er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, en fyrir lá að umrædd gögn væru talin hafa mikilvægt sönnunargildi vegna þriggja dómsmála sem þá voru rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þá taldi Persónuvernd tilgang miðlunarinnar ekki vera ósamrýmanlegan upphaflegum tilgangi með skráningu upplýsinganna og mætti því telja hana eðlilegan þátt í starfsemi lífeyrissjóða skv. 20. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Var það því niðurstaða Persónuverndar að sjóðinum væri heimilt að afhenda D umbeðinn lista með nöfnum þeirra sjóðfélaga sem „b[byggju] við skerta verðtryggingu lífeyrisréttar hjá sjóðnum, þ.e. 80% verðtryggingu.“

3.2.7. Túlkun á 48. gr. fjarskiptalaga

Hinn 18. apríl 2005 veitti Persónuvernd samgönguráðuneytinu umbeðna umsögn í máli nr. 2005/184 um túlkun á 48. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 um hljóðritun símtala. Ráðuneytið spurði hvort túlka mætti ákvæðið svo að almenn og opinber tilkynning aðila um að hann myndi hljóðrita öll símtöl, sem hann ætti við viðmælendur sína, gæti gilt fyrir öll samtöl þaðan í frá.

Niðurstaða Persónuverndar var sú að svo væri ekki, enda myndi með slíkri túlkun í raun vera rutt brott meginreglu 1. mgr. 48. gr. Persónuvernd benti og á að slík túlkun á 2. mgr. væri ekki í samræmi við markmið 48. gr. laga nr. 81/2003 og minnti á að sönnunarbyrði um að aðvörun hefði átt sér stað hvíldi á þeim sem hljóðritaði símtal. Að öðru leyti var til frekari skýringar eftirfarandi tekið fram í álitum Persónuverndar:

„Um meðferð persónuupplýsinga fer samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt lögum nr. 77/2000 verður öll vinnsla persónuupplýsinga að eiga sér lagastoð samkvæmt einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laganna, sbr. og einhverju af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. þeirra, ef um er að ræða vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Ljóst má vera að efni samtals getur, eftir atvikum, falið í sér viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi 8. tl. 2. gr. laganna, s.s. ef einstaklingur lýsir sjúkdómseinkennum sínum í samtali við lækni eða ef efni samtalsins felur í sér refsiverðan verknað eða bendlar tiltekinn einstakling við slíkt athæfi.

Um hljóðritun símtala gildir hins vegar sérákvæði 48. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 sem gengur framur ákvæðum 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000. Leggur ákvæðið bann við því að aðili hljóðriti símtal án þess að tilkynna viðmælanda sínum um þá fyrirætlun í upphafi símtalsins, sbr. 1. mgr. ákvæðisins, nema í þeim undantekningartilvikum sem greinir í 2. og 3. mgr. þess. Samkvæmt þessu er vinnslan ekki heimil nema að undangenginni fræðslu gagnvart hinum skráða. Er þannig gert ráð fyrir þeirri meginreglu að hljóðritun sé lögmæt ef maður veit af henni en heldur samtalinu áfram og samþykkir hana þannig í verki.

Núgildandi fjarskiptalög nr. 81/2003 leystu af hólmi lög um sama efni nr. 107/1999. Er 1. mgr. 48. gr. laga nr. 81/2003 samhljóða 3. mgr. 44. gr. þeirra síðarnefndu, en ákvæðið er að stofni til eldra í löggjöfinni. Ekki er að finna neina skýringu á ákvæðinu í greinargerð þeirri sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 107/1999. Með lögum nr. 29/2001, um breytingar á lögum nr. 107/1999, voru lögfestar tvær undantekningar frá 3. mgr. 44. gr. laganna, auk þess sem kveðið var á um heimild Persónuverndar til þess að setja tiltekin skilyrði fyrir slíkum hljóðritunum. Í frumvarpi því sem varð að nefndum lögum segir hins vegar eftirfarandi til skýringar á umræddu ákvæði: „Markmiðið með þessu ákvæði er að hljóðritun fari ekki fram án vitneskju hlutaðeigandi aðila. Ákvæðið felur ekki í sér að sá sem vill hljóðrita samtal þurfi að fá samþykki til hljóðritunar. Það felur hins vegar í sér að ætlast er til þess að gagnaðili fái vitneskju um að hljóðritun eigi sér stað. Verndarhagsmunir ákvæðisins eru þeir að ekki verði brotið gegn friðhelgi einkalífs manna með hljóðritun símtala og þeim hljóðritunum sem fara fram án vitneskju verði [ekki] síðar safnað í persónugreinanlega gagnagrunna eða þær notaðar gegn viðkomandi.“

Fellur þetta markmið að þeim meginreglum sem almennt gilda um alla vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt 7. gr. laga nr. 77/2000, en samkvæmt henni skal þess gætt við meðferð persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga, sbr. 1. tl. ákvæðisins. Til skýringar á þessu segir eftirfarandi í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að fyrrgreindum lögum: „Í ljósi 38. liðar formála tilskipunarinnar [nr. 95/46/EB] getur vinnsla vart talist sanngjörn nema hinn skráði geti fengið vitneskju um hana og eigi, þegar söfnun upplýsinganna á sér stað, kost á fullnægjandi upplýsingum um vinnubrögð, vinnuferli og annað er lýtur að vinnslunni.“

Eins og fyrr greinir gerir 48. gr. fjarskiptalaga ráð fyrir tveimur undantekningum á tilkynningaskyldu samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins. Í fyrsta lagi þarf aðili ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku símtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Þá er í öðru lagi gerð undantekning hvað varðar opinberar stofnanir eða fyrirtæki sem stofnanir fela [hljóðritun símtala] þegar hljóðritun er eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalds og nauðsynleg vegna þjóðar- og almannaöryggis, sbr. 3. mgr. ákvæðisins.

Í nefndaráli samgöngunefndar, 126. löggjafarþing, þskj. 949 – 193. mál., um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 107/1999, er fjallað um túlkun á 3. mgr. 44. gr. þágildandi laga (2. mgr. 48. gr. í núgildandi lögum). Kemur þar fram eftirfarandi skoðun meirihluta nefndarinnar: „Meirihlutinn lítur svo á að samkvæmt þessu geti t.d. fjölmiðill með almennri tilkynningu fullnægt tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 44. gr. laganna þannig að þeir sem starfa hjá honum séu þar með undanþegnir tilkynningarskyldunni í skjóli þessa ákvæðis. Með sama hætti lítur meirihlutinn svo á að það nægi fórnarlambi persónuofsókna að tilkynna ofsækjanda það í eitt skipti fyrir öll að samtöl þeirra verði tekin upp.“

Það sem ræður úrslitum um túlkun á ákvæði 2. mgr. 48. gr. fjarskiptalaga er, að mati Persónuverndar, að hinn skráði hafi óvírætt verið, eða mátt vera, kunnugt um hljóðritunina, sbr. orðalag ákvæðisins. Tekur Persónuvernd þannig undir þau ummæli í framsöguræðu samgönguráðherra, sem vísað er til í fyrrnefndu nefndaráli, þess efnis að öllu máli skipti að viðkomandi hafi fengið eða getað fengið vitneskju um upptökuna. Telur Persónuvernd að markmið fræðslunnar gagnvart viðmælanda, sbr. 1. mgr. 48. gr., verði aðeins náð með því að viðmælanda sé tilkynnt um það í upphafi símtals að ætlunin sé að hljóðrita það, nema að óvírætt megi ætla að það sé óþarft, s.s. vegna stöðu og reynslu viðmælanda eða vegna þess að honum hefur verið tilkynnt um það áður í samskiptum sínum við fjölmiðil að samtöl hans séu hljóðrituð. Er þá um að ræða undanþágu sem ræðst af mati á atvikum og aðstæðum hverju sinni.

Aftur á móti telur Persónuvernd að almenn og opinber tilkynning fjölmiðils í eitt skipti fyrir öll, þess efnis að símtöl við starfsmenn hans séu hljóðrituð, fullnægi ekki kröfu umrædds undantekningarákvæðis 2. mgr. 48. gr. í þá veru. Kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi má draga í efa áhrif og útbreiðslu tilkynningar sem einungis er gefin út einu sinni í eitt skipti fyrir öll. Takmarkast raunverulegt fræðslugildi slíkrar tilkynningar við þá einstaklinga sem hafa kynnt sér efni hennar eða a.m.k. verið kunnugt um hana og átt þess kost að kynna sér efni hennar. Í öðru lagi má telja óvíst að fréttamenn fjölmiðils hljóðriti í reynd öll símtöl sem þeir eiga í störfum sínum við aðra aðila. Við undirbúning fréttar getur fréttamanni t.d. verið nauðsynlegt að eiga samtöl við ýmsa aðila án þess að ummæli þeirra eigi erindi í fréttina sem slíka, s.s. öflun bakgrunns- eða almennra upplýsinga um tiltekið atriði. Myndi almenn tilkynning um að öll símtöl væru hljóðrituð valda viðmælendum óviðunandi óvissu um það hvenær samtöl þeirra væru hljóðrituð og hvenær ekki. Má í þessu sambandi jafnframt hafa til hliðsjónar þau meðalhöfssjónarmið sem almennt gilda varðandi vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, þ.e. að ekki skuli afla eða vinna með persónuupplýsingar frekar en nauðsynlegt er til að ná því markmiði sem að er stefnt.

Ætla má að starfsmenn fjölmiðils hljóðriti símtöl þegar sérstök þörf er á, s.s. ef ætlunin er að vinna frétt upp úr samtali við viðmælanda eða ef búast má við að ummæli hans geti að öðru leyti verið fréttæm. Við þær kringumstæður mæla sanngirnissrök með því að viðmælandanum sé tilkynnt um hljóðritunina fyrirfram samkvæmt meginreglu 1. mgr. 48. gr. fjarskiptalaga, sbr. og meginreglu 1. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 þessa efnis, nema að ótvírætt megi ætla að honum sé þegar kunnugt um hana. Verður slík regla ekki talin fela í sér óhóflega íþyngjandi eða ósanngjarna kröfu gagnvart starfsmönnum fjölmiðils.

Samkvæmt framansögðu telur Persónuvernd að almenn tilkynning í eitt skipti fyrir öll um að öll símtöl aðila séu hljóðrituð fái ekki samrýmist þeim meginreglum sem almennt gilda um vinnslu persónuupplýsinga. Enn síður fær það staðist, að mati Persónuverndar, að tiltekin hagsmunasamtök, t.d. Bláamannafélag Íslands, geti fyrir hönd ótilgreindra félagsmanna sinna gefið út slíka tilkynningu. Telur Persónuvernd að slík túlkun á undanþáguákvæðinu, hvort sem í hlut á fjölmiðill eða aðili sem hefur með höndum annars konar starfsemi, þoki í reynd meginreglunni um fræðsluskyldu gagnvart viðmælanda, sbr. 1. mgr. 48. gr., og dragi stórlega úr þeirri vernd sem henni er ætlað að tryggja.

Þannig er það álit Persónuverndar, með tilliti til almennra lögskýringarsjónarmiða um að túlka beri undantekningarákvæði þröngt og þeirra mikilvægu réttinda sem ákvæði 1. mgr. 48. gr. fjarskiptalaga er ætlað að tryggja, að ákvæði 2. mgr. 48. gr. verði tæplega túlkað svo að aðili geti með almennt og opinberri tilkynningu í eitt skipti fyrir öll vikið sér undan tilkynningarskyldu samkvæmt umræddu ákvæði. Standi vilji löggjafans á hinn bóginn til þess að veita fjölmiðlum slíka undanþágu er það skoðun Persónuverndar, með vísan til forsagnargildis settra lagaákvæða, að kveða þurfi á um það með skýrum hætti í texta umrædds lagaákvæðis.

3.2.8. Aðgangur að gögnum tryggingafélags

Hinn 18. apríl kvað Persónuvernd upp úrskurð í máli nr. 2004/141 varðandi kvörtun manns yfir því að vategyggingafélagið D hefði ekki orðið við beiðni hans um aðgang að tilteknum upplýsingum um færslur sem það hefði gert í bókum sínum og tengdust umferðarslysi sem hann varð fyrir árið 1994. Við umfjöllun um málið varð að meta hvort ákvæði 2. og 3. mgr. 19. gr. ættu við. Í því sambandi taldi Persónuvernd að meta yrði þá hagsmuni sem vógust á, annars vegar hagsmuni málshefjanda af því að fá umræddar upplýsingar og hins vegar hagsmuni D af því að njóta leyndar um þær. Félagið taldi því vera heimilt, þar sem um væri að ræða mikilsverða fjárhags- og viðskiptahagsmuni félagsins, að takmarka rétt hins skráða til umræddra upplýsinga. Um þetta segir í bréfi félagsins, dags. 30.

september 2004: „Við fyrstu áætlun er yfirleitt beitt tölfræðilegu mati, eins og gert var í máli því sem hér er til umræðu, þar sem upplýsingar um raunverulegt tjón eru í flestum tilvikum mjög litlar. Slíkt tölfræðilegt mat byggist á upplýsingum úr rekstri félagsins á liðnum árum. Er hér um upplýsingar að ræða, sem varða mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni [D], sem félagið leggur mikla áherslu á að fari leynt.“

Persónuvernd taldi sýnt hafa verið fram á að um væri að ræða upplýsingar um færslur sem félagið hefði gert í bókum sínum og báru með sér hvað félagið áætlaði að gætu orðið útgjöld þess vegna umrædds slyss. Fram hefði komið að við ákvörðun fjárhæðar væri byggt á fyrirbyggjandi persónuupplýsingum er byggðu á tilteknum hlutlægum reikniaðferðum og vitneskju um meðaltjónsútreikning samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum úr rekstri félagsins. Yrði ekki séð að upplýsingar um þessar fjárhæðir eða þær reikniaðferðir er lágu þeim til grundvallar, gætu, enda þótt málshefjandi fengi aðgang að þeim, gert honum kleift að staðreyna réttmæti þeirra persónuupplýsinga sem unnið var með um hann.

Þá var og litið til þess að fengi málshefjandi aðgang að upplýsingum um fjárhæð umræddra færslna fengi hann ekki aðeins í hendur ýmsar rekstrarupplýsingar, heldur einnig vitneskju um þær tölfræðiaðferðir sem félagið beitti við að uppfylla lagaskyldu skv. 34. gr. laga nr. 60/1994. Mætti telja félagið geta haft sérstaka hagsmuni af því að fá að njóta leyndar um umræddar upplýsingar. Þá taldi Persónuvernd færslur eins og hér um ræðir hvorki fela í sér viðurkenningu á bótaskyldu gagnvart viðkomandi né heldur ákvörðun um upphæð hugsanlegra bótagreiðslna, heldur aðeins þjóna þeim tilgangi að uppfylla framangreinda lagaskyldu. Lægi því ekkert fyrir um að umræddar upplýsingar úr bókhaldi félagsins hefðu þýðingu fyrir hagsmuni kvartanda sem ætla mætti að vægju þyngra en hagsmunir D af leynd um þær. Var það því niðurstaða Persónuverndar að félaginu bæri ekki skylda til þess að veita kvartanda aðgang að umræddum upplýsingum.

Í máli þessu reyndi einnig á ákvæði um fræðsluskyldu sem kvartandi taldi félagið ekki hafa uppfyllt. Taldi Persónuvernd að hann hefði ekki sýnt fram á hvernig upplýsingar um umræddar færslur, og þar með þann útreikning sem lá þeim til grundvallar, vörðuðu beina hagsmuni hans. Var því ekki talið að ákvæði 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000 hefðu lagt þá skyldu á herðar félagsins að upplýsa hann um „þessar fjárhagslegu tilfæringar“.

Loks laut erindið að því að D upplýsti hvernig það fræddi tjónþola um rétt sinn. Um þetta atriði benti Persónuvernd á að samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 77/2000 á sá sem þess óskar rétt á að fá almenna vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga hjá ábyrgðaraðila, þ. á m. um fyrirkomulag fræðslu til tjónþola. Taldi Persónuvernd, með vísun til framangreinds, að félaginu bæri að veita kvartanda almenna vitneskju í samræmi við fyrirmæli 16. gr. laga nr. 77/2000, þar á meðal um að slíkar færslur gætu átt sér stað, enda þótt félaginu væri ekki skylt að veita upplýsingar um inntak eða dagsetningu einstakra færslna.

3.2.9. Upplýsingar í Íslendingabók um fyrrverandi maka

Hinn 18. apríl kvað Persónuvernd upp úrskurð í máli nr. 2004/568 um kvörtun manns yfir því að á vefnum „Íslendingabók“ væru upplýsingar um fyrrverandi eiginkonu hans. Hann sagði að þar sem þau hefðu aldrei átt börn saman gæti slíkt ekki talist til ættfræðiupplýsinga heldur aðeins upplýsinga um hans einkamálefni. Fram kom að kvartandi hafði þegar leitað til ábyrgðaraðila Íslendingabókar án árangurs.

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að óheimilt hefði verið að skrá og birta í Íslendingabók upplýsingar um fyrrverandi maka gegn eindregnum andmælum kvartanda. Varð enda ekki séð að ábyrgðaraðili hefði hagsmuni af birtingu upplýsinga um nafn fyrrverandi maka kvartanda sem gengju framar hagsmunum kvartanda.

Niðurstaðan byggði m.a. á þeim yfirlýsta tilgangi sem býr að baki rekstri og vinnslu Íslendingabókar, þ.e. að hún nýttist í þágu ættfræðirannsókna, en kvartandi og fyrrverandi maki hans áttu engin börn saman. Í rökstuðningi Persónuverndar fyrir framangreindri niðurstöðu segir m.a.:

„Samkvæmt 4. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000 telst ábyrgðaraðili sá sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. B hefur haft fyrirvar sem ábyrgðaraðili að því er varðar birtingu Íslendingabókar á netinu. Er því, í úrskurði þessum, litið á hann sem ábyrgðaraðila vinnslunnar í skilningi 4. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Í 5. gr. laga nr. 77/2000 er að finna sérreglu þess efnis að víkja megi frá ákvæðum laganna í þágu bókmennta að því marki sem það sé nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Í 2. málslið ákvæðisins segir síðan að þegar persónuupplýsingar séu einvörðungu unnar í þágu bókmenntalegrar starfsemi þá gildi aðeins tiltekin ákvæði laganna. Persónuvernd lítur svo á að vinnsla persónuupplýsinga í þágu ættfræði- og æviskrárrita sé bókmenntalegs eðlis en að túlka verði 5. gr. þannig að henni sé einkum ætlað að gilda um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer við listræna tjáningu og tjáningu skoðana og viðhorfa. Því falli vinnsla persónuupplýsinga í þágu æviskrárrita ekki undir sérreglu 5. gr. heldur gildi öll ákvæði laga nr. 77/2000 um slíka vinnslu. Loks skal tekið fram að í úrskurði þessum er á því byggt að vinnsla ættfræðiupplýsinga á vef Íslendingabókar (www.islendingabok.is) sé sambærileg við vinnslu í ættfræði- eða æviskrárriti.“
[...]

Vinnsla persónuupplýsinga telst lögmæt ef hún fullnægir einhverju af skilyrðum 8. gr. og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000. Ákvæði 8. gr. gilda um vinnslu almennra upplýsinga en einnig 9. gr. um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Af þeim skilyrðum sem greind eru í 8. gr. kemur helst til álit ákvæði 7. tl. 1. mgr. 8. gr. laganna. Þar segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða, sem vernda ber samkvæmt lögum, vegi þyngra. Þrátt fyrir að ættfræðiupplýsingar falli ekki undir hugtaksskilgreiningu viðkvæmra persónuupplýsinga, skv. 8. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000, má um lögmæti vinnslunnar hafa til hliðsjónar ákvæði 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laganna um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil taki hún einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar. [...]

Til þessa hefur Persónuvernd litið svo á að menn geti vart varist því að í ættfræði- og æviskrárritum birtist um þá almennar lýðskrárupplýsingar, s.s. um nafn og kennitölu, nöfn niðja, foreldra og núverandi maka, um menntun og opinberar stöður sem menn hafa gegnt. Hins vegar sé eðlilegt að sýna eðlilega tillitssemi og byggja á samþykki hlutadeigandi fyrir birtingu annarra upplýsinga, einkum um hjúskaparstöðu annars fólks (s.s. foreldra), um nöfn fyrri maka, barnsfeðra/mæðra, um einkunnir, ættleiðingu o.s.frv. Hefur framangreind afstaða m.a. byggt á Hrd. 1968: 1007 (Læknatal).

Að því er varðar birtingu nafna fyrri maka í æviskrárritum, þá hafa Persónuvernd, og áður tölvunefnd, talið hana geta orkað tvímælis, nema í þeim tilvikum þegar hún hefur byggt á samþykki hins skráða.

Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að ofan, telur Persónuvernd, að B hafi verið óheimilt að skrá og birta í Íslendingabók upplýsingar um fyrrverandi maka kvartanda, gegn andmælum kvartanda. Hefur þar einkum verið litið til þess að ekkert hefur komið fram um að ábyrgðaraðili hafi slíka hagsmuni af birtingu upplýsinga um nafn fyrrverandi maka kvartanda að þeir gangi fram hagsmunum kvartanda, sbr. 7. tl. 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000. Í síðarnefnda ákvæðinu segir m.a. að ef ákvæði annarra laga standi því ekki í vegi geti skráður aðili krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst

réttlætlanlegt út frá heildstæðu hagsmunamati. Byggir framangreind niðurstaða m.a. á þeim yfirlýsta tilgangi sem býr að baki rekstri og vinnslu Íslendingabókar, þ.e. að hún nýttist í þágu ættfræðirannsóknna, en kvartandi og fyrrverandi maki hans eiga engin börn saman. Ekki skiptir máli í þessu tilviki þótt umræddar upplýsingar séu aðeins aðgengilegar kvartanda sjálfum og nánustu aðstandendum hans.“

3.2.10. Öflun upplýsinga úr málaskrá lögreglu í tengslum við ráðningu í starf

Hinn 24. maí 2005 kvað Persónuvernd upp úrskurð í máli nr. 2005/23 um kvörtun A yfir því að tollstjóraembættið í Reykjavík aflaði upplýsinga um hana úr málaskrá lögreglu í tengslum við umfjöllun um umsókn hennar um tiltekið starf. Taldi A umrædda vinnslu persónuupplýsinga hafa farið í bága við 7.-9. gr. laga nr. 77/2000 og fór fram á að upplýsingum um hana yrði eytt án tafar.

Tollstjóraembættið rökstuddi mál sitt með vísun til þess að A hefði samþykkt þessa upplýsingaöflun í starfsviðtali og taldi, með hliðsjón af eðli starfans, að nauðsynlegt hefði verið fyrir það að fá umræddar upplýsingar við afgreiðslu starfsúmsóknarinnar.

Persónuvernd taldi að samþykki gæti ekki orðið grundvöllur lögmætis vinnslu nema það samrýmduð kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000. Við mat á því leit Persónuvernd m.a. til þess að í starfsauglýsingu þeirri sem A hafði svarað hafði ekki komið fram að embættið myndi afla upplýsinga um umsækjendur úr málaskrá lögreglu. Var A var ekki frædd um það fyrr en í atvinnuviðtali. Taldi Persónuvernd þetta vart samrýmduð sanngirniskröfu 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. Þá segir m.a. í niðurstöðu Persónuverndar:

„Fyrir liggur að starf það sem kvartandi sótti um felst í að sinna móttöku, viðtölum og leiðbeiningum til gjaldenda auk þess að sjá um gerð greiðsluáætlana fyrir gjaldendur. Einnig er ljóst að þær upplýsingar sem eru aðgengilegar þeim sem sinnir því starfi eru fjárhagslegs eðlis og varða innheimtu. Persónuvernd telur að öflun upplýsinga um *staðfestan* brotaferil umsækjenda *úr saka-skrá* um það starf sem kvartandi sótti um geti samrýmduð kröfum 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um málefnalegan tilgang. Hins vegar verður að telja að öflun upplýsinga úr málaskrá lögreglu falli ekki þar undir og er þá höfð hliðsjón af því að skráning viðkvæmra persónuupplýsinga í *málaskrá* lögreglu er í senn viðtækari og óáreiðanlegri en skráning persónuupplýsinga í sakaskrá. Umrædd öflun upplýsinga um kvartanda úr málaskrá lögreglu telst því fara í bága við kröfu 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um málefnalegan tilgang.“

Að því virtu, og þar sem hvorki lá fyrir yfirlýst samþykki A né önnur heimild, taldi Persónuvernd umrædda upplýsingaöflun ekki hafa verið í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000. Í úrskurðarorði Persónuverndar segir:

„Tollstjóranum í Reykjavík var óheimilt að afla upplýsinga um A úr málaskrá lögreglu í tengslum við umsókn hennar um starf þjónustufulltrúa í lögfræðideild á innheimtusviði embættisins. Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við að umræddum gögnum verði haldið til haga á meðan mál kvartanda eru til meðferðar hjá yfirvöldum eða dómstólum, að því gefnu að öryggi þeirra sé tryggt með ráðstöfunum sem koma í veg fyrir óleyfilegan aðgang að þeim, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000.“

3.2.11. Staðlaður samningur um flutning erfðaefnis til Bandaríkjanna

Hinn 13. júní 2005 tók Persónuvernd ákvörðun í máli nr. 2004/541 varðandi beiðni fyrirtækisins X ehf. um heimild til að senda erfðaeefni til arferðargreiningar hjá fyrirtækinu Y í Kaliforníu. Persónuvernd spurði X hvort fyrirtækið hyggðist fyrst fá samþykki hjá því fólki sem erfðaeefnið stafaði frá. X svaraði því neitandi. Þá kannaði Persónuvernd afstöðu X til þess að heimild til flutningsins yrði bundin því skilyrði að fyrirtækið gerði staðlaðan samning við Y, sem uppfyllti ákvæði ákvörðunar framkvæmdastjórnar EB um vernd persónuupplýsinga við slíkan flutning. X hafnaði því og taldi það

ekki eiga við því ekki væri um persónuupplýsingar að ræða. Aðeins væri um að ræða gögn og lífsýni sem yrðu auðkennd með rannsóknarnúmerum en greiningarlykill yrði geymdur hér á landi.

Persónuvernd benti á að meðan greiningarlykill væri til yrði að líta á upplýsingarnar sem persónuupplýsingar. Bandaríkin eru á meðal þeirra þriðju landa, þ.e. landa utan ESB og EES, sem ekki eru talin veita slíkum upplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi tilskipunar EB um vernd persónuupplýsinga nr. 95/46/EB. Því væri óheimilt að flytja slíkar upplýsingar þangað nema að uppfylltu einhverju sérskilyrða þeirrar tilskipunar og íslenskra persónuupplýsingalaga. Þar sem ekki ætti við neitt þeirra atvika, s.s. samþykki, sem flutningur gæti byggst á samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, gæti flutningurinn aðeins helgast af leyfi frá Persónuvernd. Ákvæð Persónuvernd að veita leyfi en binda það þeim skilmála að gerður yrði staðlaður samningur í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar EB. Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.:

„1.

Mál þetta lýtur m.a. að reglum um flutning persónuupplýsinga til þriðja lands, þ.e. lands utan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, sem ekki veitir slíkum upplýsingum fullnægjandi vernd, í þessu tilviki Bandaríkjanna. Um flutning persónuupplýsinga til slíkra landa fer eftir 30. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ákvæði þeirrar greinar byggjast á 1. og 2. mgr. 26. gr. og 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, en sú tilskipun liggur lögum nr. 77/2000 til grundvallar.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000 er flutningur persónuupplýsinga til umræddra þriðju landa óheimill nema að fullnægðu einhverju þeirra skilyrða sem talin eru upp í ákvæðinu, t.d. samþykki, sbr. 1. tölul. Sé einhverju þeirra skilyrða ekki fullnægt má þó flytja persónuupplýsingar til slíks lands, sem hér um ræðir, séu veittar nægilegar tryggingar fyrir vernd upplýsinganna, s.s. með gerð staðlaðs samnings samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins (EB), sbr. 2. mgr. 30. gr.

Með stoð í framangreindu ákvæði 6. mgr. 25. gr. hefur hún gefið út ákvörðun 2002/16/EB um staðlaða samningsskilmála vegna flutnings persónuupplýsinga til *vinnsluaðila* í þriðja landi, sem og ákvörðun 2001/497/EB, sbr. ákvörðun 2004/915/EB, um slíka skilmála þegar viðtakandi í þriðja landi er *ábyrgðaraðili*. Með vinnsluaðila er átt við þann sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. e-lið 2. gr. tilskipunarinnar, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, en ábyrgðaraðili er sá sem ákveður markmið og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. d-lið 2. gr. tilskipunarinnar, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna. Ljóst er að sá viðtakandi að persónuupplýsingum í Bandaríkjunum, sem um ræðir í máli þessu, þ.e. Y, er vinnsluaðili samkvæmt framangreindri skilgreiningu e-liðar 2. gr. tilskipunarinnar, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Áskilnaður um að gerður sé staðlaður samningur vegna flutnings persónuupplýsinga lýtur því að samningi samkvæmt ákvörðun 2002/16/EB.

2.

Í 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 eru persónuupplýsingar skilgreindar sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Svo að upplýsingavinnsla falli undir lögin, þ. á m. ákvæði þeirra um miðlun upplýsinga úr landi, þarf hún að lúta að slíkum upplýsingum, sbr. 3. gr. laganna.

X litur svo á að lífsýni, merkt með kóðuðum númerum, séu ekki persónuupplýsingar eftir að þau hafa borist Y í Bandaríkjunum þar eð greiningarlykill verði eftir hér á Íslandi. Þau falli því utan

gildissviðs laganna og því sé ekki unnt að gera það að skilyrði fyrir flutningi þeirra til framan- greinds fyrirtækis að gerður sé staðlaður samningur í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar EB, n.t.t. ákvörðun 2002/16/EB.

Til þess ber hins vegar að líta að samkvæmt 26. lið formálsorða tilskipunar 95/46/EB skal, við ákvörðun um hvort unnt sé að tengja persónuupplýsingar við tiltekinn einstakling, taka mið af öllum aðferðum sem eðlilegt er að hugsa sér að *ábyrgðaraðili eða annar aðili* beiti til að bera kennsl á viðkomandi einstakling. Af þessu má ráða að sé til greiningarlykill til að tengja upplýsingar við einstaklinga teljist þær ávallt persónuupplýsingar og skipti það þá ekki máli þó að lyk- illinn sé ekki hjá þeim sem hefur upplýsingarnar undir höndum, m.ö.o.: Upplýsingar teljast vera persónugreinanlegar ef einhver getur tengt þær við einstaklinga, óháð því hver það sé. Geti aðeins ábyrgðaraðili tengt upplýsingar við einstaklinga en ekki vinnsluaðili eru þær því allt að einu per- sónuupplýsingar hjá þeim síðarnefnda.

Þetta styðst við veigamikil rök. Ljóst er að vinnsla með upplýsingar, auðkenndar með kóðanúmer- erum, getur haft bein áhrif á hagsmuni hins skráða jafnvel þó að sá sem hefur vinnsluna með höndum hafi ekki yfir að ráða greiningarlykli heldur annar. Við erfðaeftirnissóknir á lífsýnum, sem ekki eru auðkennd með beinum persónuauðkennum, kunna þannig að verða fengnar rangar eða óreiðanlegar niðurstöður sem haft geta í för með sér tjón eða óhagræði fyrir hinn skráða. Þetta getur t.a.m. gerst ef fyrirhugað er að kalla þátttakendur inn í vísindarannsókn á grundvelli arfgerðar, en slíkt tíðkast hjá X.

Af þessu má sjá að við vinnslu upplýsinga undir kóðanúmerum er oft nauðsynlegt að viðhafa strangar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra og gæði, m.a. svo að ekki verði brotið gegn grund- vallarreglu 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um áreiðanleika persónuupplýsinga. Þegar vinnsluaðili vinnur t.a.m. með slíkar upplýsingar á vegum ábyrgðaraðila getur því verið mjög brýnt að ábyrgðaraðili geri við hann samning með skýrum ákvæðum um skyldur hans og ábyrgð. Er það og lögskyld, sbr. 13. gr. laga nr. 77/2000 þar sem fram kemur að í slíkum samningi á m.a. að koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laganna um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili ann- ast.

Þegar litið er til þess að sú vinnsla persónuupplýsinga, sem fram mun fara á vegum Y, getur haft þau beinu áhrif á fólk að því sé boðin þátttaka í vísindarannsókn, sem kynni t.a.m. að fela í sér prófun á nýju lyfi, telur Persónuvernd rétt að vinnslusamningur X við þetta bandaríska fyr- irtæki samkvæmt 13. gr. verði í formi staðlaðs samnings samkvæmt ákvörðun 2002/16/EB. Slík- ur samningur tryggir hátt verndarstig en án þess þó að vera mjög íþyngjandi fyrir samningsaðila.

3.

Í lýsingu á samskiptum X og Persónuverndar vegna máls þessa var vikið að túlkun félagsins á til- teknu ákvæði í reglum um öruggar hafnir, þ.e. 7. tölul. 14. kafla skjalsins „Algengar spurningar“ (Frequently Asked Questions (FAQs)). Eins og fram kom eru þessar reglur samdar af banda- riskum stjórnvöldum en staðfestar af framkvæmdastjórn EB, með ákvörðun 2000/520/EB, sem grundvöllur fyrir flutningi persónuupplýsinga til Bandaríkjanna, n.t.t. þeirra fyrirtækja sem und- irgengist hafa að fara eftir reglunum, svonefndra öruggra hafna (Y er raunar ekki meðal þeirra). Vegna framangreinds ákvæðis reglnanna, þ.e. um að flutningur kóðaðra upplýsinga úr lyfjarnn- sóknnum til Bandaríkjanna feli ekki í sér flutning persónuupplýsinga, sem falli undir reglur um öruggar hafnir, telur X framkvæmdastjórnina hafa viðurkennt að miðlun persónuupplýsinga undir kóðanúmerum sé ekki miðlun persónuupplýsinga þegar viðtakandi fái greiningarlykil ekki í hendur. Eins og vikið er að í lýsingu á bréfaskiptum var Persónuvernd því ósammála og taldi

ekki unnt að leggja svo viðtækan skilning í orðalag ákvæðisins; það fæli aðeins í sér að umrædd upplýsingamiðlun félli ekki undir reglurnar en ekki að upplýsingarnar væru ekki persónuupplýsingar. Verður hér ekki vikið að þessu frekar, enda er það svo að þegar af þeim ástæðum, sem raktar eru hér að ofan, verður að líta á umræddan flutning upplýsinga til Y sem flutning persónuupplýsinga sem fullnægja verður kröfum laga nr. 77/2000.

4.

Í ljósi alls framangreinds er afstaða Persónuverndar sú að umrædd miðlun upplýsinga til Y feli í sér miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands, sem ekki veitir fullnægjandi vernd, sem fullnægja verður einhverju þeirra skilyrða sem kveðið á um í 30. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 1. og 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB. Þar sem ekki á við neitt þeirra atvika, s.s. samþykki, sem miðlun persónuupplýsinga til slíks lands getur byggst á samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laganna, getur hún aðeins byggst á leyfi Persónuverndar veittu með stoð í 2. mgr. sömu greinar. Þar er mælt fyrir um að Persónuvernd geti í slíku leyfi gert það að skilyrði að sendandi upplýsinganna geri við viðtökanda þeirra staðlaðan samning samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Í ljósi þeirra beinu afleiðinga, sem umrædd vinnsla getur haft fyrir hina skráðu, þ.e. að þeim sé boðin þátttaka í vísindarannsókn, telur Persónuvernd eðlilegt að slíkur samningur sé gerður, í þessu tilviki samningur samkvæmt ákvörðun 2002/16/EB, enda ljóst að hann veitir tiltölulega hátt verndarstig. Mun Persónuvernd því ekki veita leyfi til umræddrar upplýsingamiðlunar nema með slíkum áskilnaði.“

3.2.12. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga hjá Kreditkorti hf.

Hinn 4. júlí 2005 komst Persónuvernd að niðurstöðu í máli nr. 2003/169 varðandi öryggi vinnslu persónuupplýsinga hjá Kreditkorti hf. Tilfni þessarar öryggisúttektar var að eðli málsins samkvæmt safnast upp mikið magn persónuupplýsinga í starfsemi greiðslukortþjónustu. Þær persónuupplýsingar geta m.a. veitt ítarlega mynd af einkalífi korthafa, neysluvenjum þeirra og hegðun. Var því ákveðið að kanna hvernig unnið er með persónuupplýsingar sem til verða við starfsemi greiðslukortafyrirtækja hér á landi og hvort vinnslan samrýmdist ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga sem settar eru á grundvelli laganna.

Í niðurstöðukaflanum segir m.a.:

„1.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda lögin um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Með hugtakinu persónuupplýsingar er átt við „[sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi,“ sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þá merkir hugtakið vinnsla „[sérhverja] aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.“ Með vinnslu er þannig t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit og miðlun.

Samkvæmt framangreindu felur söfnun og meðferð Kreditkorts hf. á upplýsingum í tengslum við greiðslukortanotkun í sér vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og, eftir atvikum, 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf aðeins að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 8. gr. laganna, en vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að auki að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 9. gr. laganna.

Auk þess þarf að gæta í hvívetna að 1. mgr. 7. gr. laganna sem kveður á um meginreglur um gæði gagna og vinnslu, þ.e. að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skulu vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum og að þær skulu afmáðar eða leiðréttar séu þær óáreiðanlegar eða ófullkomnar miðað við tilgang vinnslu þeirra (4. tölul.); og að þær skulu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

2.

Eins og fyrr segir safnast mikið magn persónuupplýsinga í starfsemi greiðslukortþjónustu og þær upplýsingar geta m.a. veitt ítarlega mynd af einkalífi korthafa, neysluvenjum þeirra og hegðunarmynstri. Upplýsingar um það hvar korthafi stundar viðskipti geta jafnvel talist til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, s.s. um áfengisnotkun, sbr. c-lið ákvæðisins. Til þess að Kreditkorti hf. sé vinnsla upplýsinga um korthafa heimil verður því eitt-hvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 að vera uppfyllt og, eftir atvikum, eitt-hvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. er kveðið á um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil standi til hennar samþykki hins skráða. Er þá ekki miðað við samþykki í skilningi 7. tölul. 2. gr. sömu laga. Auk þess sem telja má vinnsluna eiga sér stoð í framangreindu ákvæði má telja hana eiga sér stoð í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. þar sem kveðið er á um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Í athugasemdum við þetta ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, segir að samkvæmt því megi viðhafa nauðsynlega vinnslu, s.s. á reikningum og kvittunum, í tengslum við efndir samnings við hinn skráða. Persónuvernd telur ljóst að sú vinnsla persónuupplýsinga um korthafa, sem fram fer á vegum Kreditkorts hf., helgist einkum af þessum ákvæðum.

Um notkun korthafaupplýsinga í því skyni að bjóða viðskiptavinum sérstaka þjónustu, eða leita eftir skoðunum þeirra, kemur ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 helst til álita. Þar er kveðið á um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil ef hún er nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna, nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi ekki þyngra. Við slíkt hagsmunamat verður að líta til þess hvaða upplýsingar eru lagðar til grundvallar slíkri vinnslu, þ.e. hvort um er að ræða almennar korthafaupplýsingar, s.s. nöfn, kennitölur og heimilisföng, eða hvort um er að ræða upplýsingar um færslur og fjárhæðir. Persónuvernd telur ljóst að vinnsla almennra korthafaupplýsinga í umræddum tilgangi sé heimil með stoð í framangreindu ákvæði. Notkun upplýsinga um einstakar færslur getur hins vegar orkað tvímælis. Ekki kemur fram í gögnum málsins að vinnsla slíkra upplýsinga fari fram við boð á þjónustu eða þegar leitað er eftir skoðunum viðskiptavina.

Samkvæmt gögnum málsins hefur í einu tilviki verið unnið með færsluupplýsingar í öðrum tilgangi en þeim að efna samninga við korthafa eða eiga samskipti við þá til að bjóða þeim sérstaka þjónustu eða leita eftir skoðunum þeirra. Það var gert í febrúar 2005 þegar upplýsingar um neyslu- og kauphegðun voru unnar fyrir Morgunblaðið, þ.e. á grundvelli almennt afmarkaðra viðmiða, s.s. kyns, aldursbils og flokkunar á starfsemi. Upplýsingar voru hvorki persónugreindar né tengdar við einstaka korthafa eða seljendur. Persónuvernd gerir, eins og á stendur, ekki athugasemd við þetta, enda verður ekki fullyrt í ljósi gagna málsins að um vinnslu persónuupplýsinga

hafi verið að ræða. Verður þannig af lýsingu Kreditkorts hf. á þessari könnun ráðið að upplýsingar hafi eingöngu verið sóttar úr tölvukerfi félagsins á sjálfvirkan hátt með notkun viðmiða sem ekki fela í sér upplýsingar um einstaklinga.

Eins og áður segir geta upplýsingar um korthafa verið viðkvæmar. Persónuvernd telur 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 einkum koma til álita sem lagastoð fyrir vinnslu slíkra viðkvæmra persónuupplýsinga, s.s. vegna færslna á vínveitingahúsum. Þar er kveðið á um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Í framkvæmd Persónuverndar hefur verið við það miðað að ekki þurfi að vera um að ræða kröfu, sem þegar hafi stofnast, heldur geti verið um að ræða kröfu, sem hugsanlega muni koma upp, og ekki verði unnt að bregðast við nema áður hafi verið unnið með tiltekna, viðkvæmar persónuupplýsingar.

Ljóst er að slíkar aðstæður geta komið upp í starfsemi kreditkortafyrirtækis. Því getur t.d. verið nauðsynlegt að varðveita upplýsingar um færslur á vínveitingahúsum til að bregðast við því ef korthafi véfengir slíkar færslur, s.s. vegna þess að kortið hafi verið notað af öðrum í heimildarleysi. Samkvæmt þessu telur Persónuvernd vinnslu Kreditkorts hf. á viðkvæmum persónuupplýsingum um korthafa helgast af 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, enda hefur komið skýrt fram af hálfu félagsins að ekki sé unnið með slíkar persónuupplýsingar í annars konar tilgangi en það ákvæði miðar við. Þannig hefur félagið lýst því yfir að það skrái ekki persónuupplýsingar um hvort viðskiptavinir hafi verið grunaðir, kærðir, ákærðir eða dæmdir fyrir refsiverða háttsemi.

3.

Auk þess sem heimild þarf að vera til vinnslu persónuupplýsinga í 8. gr. og, eftir atvikum, 9. gr. laga nr. 77/2000 verður hún ávallt að samrýmast meginreglum 7. gr. laganna, eins og fram hefur komið. Persónuvernd telur vinnslu Kreditkorts hf. ekki vekja upp álitaefni í ljósi þess ákvæðis að einum þætti undanskildum, þ.e. varðveislutíma. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. skulu persónuupplýsingar ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar og samkvæmt 5. tölul. skulu þær ekki varðveittar á persónugreinanlegu formi lengur en þörf krefur miðað við þann tilgang.

Ljóst er að tilgangur umræddrar vinnslu er að sjá til þess að kortaviðskipti geti gengið eðlilega fyrir sig. Fram hefur komið að upplýsingum um einstakar færslur hefur ekki verið eytt. Varðveittar eru færsluupplýsingar allt frá árinu 1980. Við mat á því hvort sá varðveislutími sé heimill ber, auk framangreindra ákvæða laga nr. 77/2000, að líta til 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald. Þar er kveðið á um að allar bækur, bókhaldsgögn og fylgiskjöl, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þ.m.t. gögn sem varðveitt eru í tölvutæku formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skuli varðveita í a.m.k. sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Í ljósi þessa telur Persónuvernd aðeins heimilt að varðveita umrædd gögn í sjö ár.

Samkvæmt þessu ber Kreditkorti hf. að eyða persónuupplýsingum um einstakar færslur sem eldri eru en sjö ára.“

Með vísan til framangreinds var niðurstaða Persónuverndar sú að vinnsla persónuupplýsinga á vegum Kreditkorts hf. uppfyllti lögmætisskilyrði 7.-9. gr. laga nr. 77/2000 að öðru leyti en því er varðaði varðveislutíma upplýsinga um einstakar færslur korthafa. Ljóst þótti að varðveisla allt að 25 ára gamalla upplýsinga færi langt fram úr því sem heimilt væri. Bæri Kreditkorti hf. því að eyða persónuupplýsingum um einstakar færslur sem eldri væru en sjö ára. Um öryggi vinnslunnar voru ekki gerðar athugasemdir nema um nokkur atriði. Þau voru þessi:

1. Í lýsingu félagsins á öryggisráðstöfunum kom ekki fram, eftir því sem við átti, hvaða stig áhættu teldist ásættanlegt hverju sinni, auk þess sem ekki lá fyrir lýsing á því hvernig brugðist yrði við neyðaraðstæðum.

2. Í starfslýsingu starfsmanna kom ekki fram til hvers væri ætlast af viðkomandi og hver ábyrgð hans væri gagnvart öryggisstefnu félagsins.
3. Ekki voru ákvæði um trúnað um upplýsingar í samningum við aðila sem hafa umboð frá Kredittkorti hf. til útgáfu greiðslukorta.
Kredittkorti hf. var leiðbeint um að bæta úr framangreindu.

3.2.13. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga hjá VISA Íslandi – Greiðslumiðlun hf.

Hinn 4. júlí 2005 komst Persónuvernd að niðurstöðu í máli nr. 2003/168 varðandi öryggi vinnslu persónuupplýsinga hjá VISA Íslandi – Greiðslumiðlun hf. Tilefni þessarar öryggisúttektar var að eðli málsins samkvæmt safnast upp mikið magn persónuupplýsinga í starfsemi greiðslukortapjónustu. Þær persónuupplýsingar geta m.a. veitt ítarlega mynd af einkalífi korthafa, neysluvenjum þeirra og hegðun. Var því ákveðið að kanna hvernig unnið væri með persónuupplýsingar sem til verða við starfsemi greiðslukortafyrirtækja hér á landi og hvort vinnslan samrýmdist ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga sem settar eru á grundvelli laganna.

Í niðurstöðukaflanum segir m.a.:

„1.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda lögin um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Með hugtakinu persónuupplýsingar er átt við „[s]érhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi,“ sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þá merkir hugtakið vinnsla „[sérhverja] aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.“ Með vinnslu er þannig t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit og miðlun.

Samkvæmt framangreindu felur söfnun og meðferð VISA Íslands – Greiðslumiðlunar hf. á upplýsingum í tengslum við greiðslukortanotkun í sér vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og, eftir atvikum, 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf aðeins að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 8. gr. laganna, en vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að auki að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 9. gr. laganna.

Auk þess þarf að gæta í hvívetna að 1. mgr. 7. gr. laganna sem kveður á um meginreglur um gæði gagna og vinnslu, þ.e. að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skulu vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum og að þær skulu afmáðar eða leiðréttaðar séu þær óáreiðanlegar eða ófullkomnar miðað við tilgang vinnslu þeirra (4. tölul.); og að þær skulu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

2.

Eins og fyrr segir safnast mikið magn persónuupplýsinga í starfsemi greiðslukortapjónustu og þær upplýsingar geta m.a. veitt ítarlega mynd af einkalífi korthafa, neysluvenjum þeirra og hegð-

unarmynstri. Upplýsingar um það hvar korthafi stundar viðskipti geta jafnvel talist til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, s.s. upplýsinga um áfengisnotkun, sbr. c-lið ákvæðisins. Til þess að VISA Íslandi – Greiðslumiðlun hf. sé vinnsla upplýsinga um korthafa heimil verður því eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 að vera uppfyllt og, eftir atvikum, eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. er kveðið á um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil standi til hennar samþykki hins skráða. Er þá ekki miðað við samþykki í skilningi 7. tölul. 2. gr. sömu laga. Auk þess sem telja má vinnsluna eiga sér stoð í framangreindu ákvæði má telja hana styðjast við 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. þar sem er kveðið er á um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Í athugasemdum við þetta ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, segir að samkvæmt því megi viðhafa nauðsynlega vinnslu, s.s. á reikningum og kvittunum, í tengslum við efndir samnings við hinn skráða. Sú vinnsla persónuupplýsinga um korthafa, sem fram fer á vegum VISA Íslands – Greiðslumiðlunar hf., helgast af þessu ákvæði, enda hefur komið skýrt fram af hálfu félagsins að ekki er unnið með persónuupplýsingar í annars konar tilgangi en miðað er við í ákvæðinu. M.a. hefur komið fram að ekki er unnið með kortaupplýsingar í markaðssetningarskygni eða til greiningar á neysluvenjum.

Eins og áður segir geta upplýsingar um korthafa verið viðkvæmar. Persónuvernd telur 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 einkum koma til álita sem lagastoð fyrir vinnslu slíkra viðkvæmra persónuupplýsinga, s.s. vegna færslna á vínveitingahúsum. Þar er kveðið á um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Í framkvæmd Persónuverndar hefur verið við það miðað að ekki þurfi að vera um að ræða kröfu, sem þegar hafi stofnast, heldur geti verið um að ræða kröfu, sem hugsanlega muni koma upp, og ekki verði unnt að bregðast við nema áður hafi verið unnið með tiltekna, viðkvæmar persónuupplýsingar.

Ljóst er að slíkar aðstæður geta komið upp í starfsemi kreditkortafyrirtækis. Því getur t.d. verið nauðsynlegt að varðveita upplýsingar um færslur á vínveitingahúsum til að bregðast við því ef korthafi véfengir slíkar færslur, s.s. vegna þess að kortið hafi verið notað af öðrum í heimildarleysi. Samkvæmt þessu telur Persónuvernd vinnslu VISA Íslands – Greiðslumiðlunar hf. á viðkvæmum persónuupplýsingum um korthafa helgast af 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, enda hefur komið skýrt fram af hálfu félagsins að ekki sé unnið með slíkar persónuupplýsingar í annars konar tilgangi en það ákvæði miðar við. Þannig hefur félagið lýst því yfir að það vinni ekki með persónuupplýsingar um hvort viðskiptavinir hafi verið grunaðir, kærðir, ákærðir eða dæmdir fyrir refsiverða háttsemi, s.s. með færslu sérstakrar skrár yfir þá sem hafa verið grunaðir eða gerst sekir um kortasvik.

3.

Auk þess sem heimild þarf að vera til vinnslu persónuupplýsinga í 8. gr. og, eftir atvikum, 9. gr. laga nr. 77/2000 verður hún ávallt að samrýmast meginreglum 7. gr. laganna, eins og fram hefur komið. Persónuvernd telur vinnslu VISA Íslands – Greiðslumiðlunar hf. ekki vekja upp álitaefni í ljósi þess ákvæðis að einum þætti undanskildum, þ.e. varðveislutíma. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. skulu persónuupplýsingar ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar og samkvæmt 5. tölul. skulu þær ekki varðveittar á persónugreinanlegu formi lengur en þörf krefur miðað við þann tilgang.

Ljóst er að tilgangur umræddrar vinnslu er að sjá til þess að viðskipti „geti gengið snurðulaust fyrir sig,“ eins og það er orðað í bréfi VISA Íslands – Greiðslumiðlunar hf. til Persónuverndar,

dags. 13. apríl 2005. Í gögnum málsins hefur komið fram að upplýsingar eru almennt varðveittar í sjö ár hjá félaginu, m.a. upplýsingar um einstakar færslur. Þessi varðveislutími er rökstuddur með vísan til 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald þar sem kveðið er á um að allar bækur, bókhaldsgögn og fylgiskjöl, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þ.m.t. gögn sem varðveitt eru í tölvutæku formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skuli varðveita í a.m.k. sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs.

Persónuvernd telur að skýra verði ákvæði 3. og 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 í ljósi þessa ákvæðis bókhaldslaga. Telur stofnunin því að sjö ára varðveislutími umræddra gagna samrýmist kröfum 7. gr.“

Með vísan til framangreinds var niðurstaða Persónuverndar sú að vinnsla persónuupplýsinga á vegum VISA Íslands – Greiðslumiðlunar hf. uppfyllti lögmatisskilyrði 7.–9. gr. laga nr. 77/2000. Þá leiddi athugun á öryggismálum ekki í ljós að öryggi við vinnslu persónuupplýsinga hjá félaginu væri í ósamræmi við 11.-13. gr. laga nr. 77/2000 og reglur nr. 299/2001 nema hvað nokkur atriði varðar. Þau voru þessi:

1. Í lýsingu félagsins á öryggisráðstöfunum kom hvorki fram hvaða stig áhættu teldist ásætlanlegt hverju sinni né hvernig brugðist yrði við neyðaraðstæðum.
2. Pappír var geymdur í rými netþjóns.
3. Rafmagns- og fjarskiptalagnir, sem flytja gögn eða styðja upplýsingaþjónustu, voru ekki varðar fyrir hlerun eða skemmdum.
4. Í kerfisdagbókum var ekki haldið utan um upplýsingar um kerfisvillur og úrbætur á þeim; staðfestingu á rétttri meðhöndlun gagnaskrár og úttaks frá upplýsingakerfum; og nafn þess sem skráir færslu og tímasetningu færslu.
5. Ekki var haldin færsluskrá um ólag og bilanir á tækjabúnaði.
6. Í kerfisdagbækur var ekki skráður aðgangur að færsluupplýsingum, þ.m.t. korthafaupplýsingum. Þá voru þar heldur ekki skráð notendakenni „fyrir sérhverja færslu úttektarslóðar“, sem og „atburð[ur]; tímasetning[...]; vísbending[ar] um hvort aðgerð heppnaðist eða misheppnaðist; upptök atviks;“ og tilgreining á gögnum, kerfishlutum eða aðföngum sem urðu fyrir áhrifum.

3.2.14. Umfjöllun fjölmiðla um einkamálefni fólks

Hinn 4. júlí 2005 gaf Persónuvernd svohljóðandi álit í máli nr. 2005/381 varðandi umfjöllun fjölmiðla um einkamálefni fólks:

„Í 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands er kveðið á um grundvallarregluna um tjáningarfrelsi. Þar segir að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verði hann þær fyrir dómi. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 kemur fram að tjáningarfrelsið sé óumdeilanlega ein af undirstöðum lýðræðisþjóðfélags, en engu að síðar meðal vandmeðförnustu mannréttinda og að ekki sé hægt að njóta þess án ábyrgðar. Því má setja tjáningarfrelsinu skorður með lögum, m.a. vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Þessar takmarkanir á tjáningarfrelsinu eru settar með hliðsjón af rétti manna til friðhelgi einkalífs, sem verndaður er af 71. gr. stjórnarskrár.

71. gr. stjórnarskrár felur ekki eingöngu í sér að íslenska ríkið gangi ekki á rétt manna til að njóta friðhelgi um einkalíf sitt, heldur einnig að því sé skylt að setja reglur í löggjöf til verndar einstaklingum í innbyrðis samskiptum þeirra. Á það einkanlega við um skyldu til að þessum réttindum einstaklinga sé veitt vernd með ákvæðum refsilaga sem gera brot annarra einstaklinga á þessum réttindum refsiverð. Skyldur ríkisins í þessum efnum eru þó ekki bundnar við refsivernd, heldur ber ríkið skyldu til að lögfesta skýrar reglur um öflun, skráningu og meðferð persónuupplýsinga,

hvort sem um er að ræða meðferð stjórnvalda eða einkaaðila á upplýsingunum. Þessari skyldu hefur íslenska ríkið mætt með setningu laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Persónuvernd hefur eftirlit með framkvæmd þeirra laga.

Verkefnum Persónuverndar er lýst í 37. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir m.a. að Persónuvernd skuli úrskurða í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi. Að mati Persónuverndar verður ekki litið svo á að í þessu felist að stofnunin hafi vald til að taka bindandi ákvörðun um það hvort einhver hafi skapað sér ábyrgð að lögum með misnotkun á stjórnarskrárbundnum rétti til tjáningarfrelsis. Er þá sérstaklega litið til þess að samkvæmt 2. másl. 5. gr. laga nr. 77/2000 fellur vinnsla, sem eingöngu fer fram í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi, utan ramma flestra ákvæða laganna, þ. á m. 40. og 41. gr. sem veita Persónuvernd heimild til að stöðva vinnslu persónuupplýsinga og beita dagsektum ef ekki er farið að fyrirmælum hennar. Þá verður ákvæðum 42. og 43. gr. laganna, sem kveða á um refsiaábyrgð og bótaábyrgð, einungis beitt af dómstólum.

Í ljósi 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, þar sem segir að Persónuvernd skuli, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, tjá sig um álitafni varðandi meðferð persónuupplýsinga, lítur stofnunin hins vegar svo á að hún geti veitt álit sitt á því hvernig meðferð persónuupplýsinga sem unnar eru í þágu fréttamennsku samrýmist þeim ákvæðum laganna sem um hana gilda. Í tilefni af erindum og fjölmörgum fyrirsprungnum sem hafa borist stofnuninni undanfarið vegna umfjöllunar og myndbirtinga í íslenskum fjölmiðlum hefur stjórn Persónuverndar ákveðið að veita eftirfarandi álit:

I.

Lagaumhverfi

Þegar umfjöllun er með þeim hætti að hana má rekja til þess einstaklings sem um er fjallað með raunhæfum úrræðum er um vinnslu persónuupplýsinga að ræða, sbr. 1. og 2. tölul. 1. gr. laga nr. 77/2000. Sama gildir um birtingu myndar, megi þekkja þá sem á henni eru. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.-13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna. Einkum eru það 1. og 4. tölul. 7. gr. sem eftir efni sína geta átt við um umfjöllun og myndbirtingar í fjölmiðlum.

Samkvæmt 1. tölul. 7. gr. skal þess gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Samkvæmt 4. tölul. skal þess gætt að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta.

Rétt er að taka fram að eðli málsins samkvæmt taka framangreind ákvæði laga nr. 77/2000 eingöngu til staðhæfinga um staðreyndir en ekki til hugsana manna, s.s. gildisdóma þeirra eða skoðana.

II.

1. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000 – sanngjörn, málefnaleg og lögmæt vinnsla

Þegar á það reynir hvort umfjöllun eða myndbirting í þágu fréttamennsku uppfyllir kröfur 1. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngjarna, málefnalega og lögmæta vinnslu ber að hafa í huga það hlutverk sem fjölmiðlar gegna í lýðræðissamfélagi. Fjölmiðlar „upplýsa, fræða, mennta og

skemmta“. (Páll Sigurðsson, Fjölmiðlaréttur, 1997). Gildi þeirra liggur þó fyrst og fremst í því að líta samfélagið gagnrýnum augum og veita ráðamönnum og öðrum valdamönnum aðhald. Þannig geta fjölmiðlar haft áhrif á og jafnvel mótað skoðanir fólks. Til þess að gegna þessu hlutverki sínu er fjölmiðlum þörf á verulegu tjáningarfrelsi, og er það tryggt í 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Í því felst ekki einungis réttur til að koma á framfæri vitneskju og hugmyndum sem tekið er við með velpóknun eða taldar eru meinlausar eða litlu skipta, heldur einnig til þeirra er valda sárindum, hneykslun eða ólgu. Þetta merkir þó ekki að engar hömlur séu á því hversu nærri einstaklingnum má ganga í fréttaumfjöllun. Frelsi fylgir ábyrgð og fjölmiðlar eru ekki hafnir yfir lögin.

1.

Sanngirni og fyrirsjáanleiki

Í ákvæði 1. tölul. um sanngjarna vinnslu felst áskilnaður um tiltekinn fyrirsjáanleika. Eigi vinnsla að fullnægja þessu skilyrði verður einstaklingurinn sem fjallað er um í flestum tilvikum að hafa haft vitneskju um að verið sé að vinna um hann frétt þegar upplýsinganna er aflað frá honum sjálfum. Á það öðru fremur við um myndatökur, hljóðritun símtala og annarra samtala og að blaðamaður hvorki villi á sér heimildir þegar rætt er við viðkomandi né gefi rangar hugmyndir um fyrirhuguð efnistöð.

2.

Málefnaleg vinnsla

Í ákvæði 1. tölul. um málefnalega vinnslu felst krafa um meðalhóf. Þegar fjalla á um einkamálefni einstaklinga án samþykkis eða jafnvel gegn vilja þeirra ber því ávallt að hafa í huga hvaða hagsmunum umfjöllunin þjónar og hvort á henni sé nauðsyn. Þetta á einkum við um málefni er varða heimili og fjölskyldulíf einstaklinga og persónuleg málefni, s.s. hjúskaparmál, fjölskylduerjur, uppeldismál, sjúkdóma, fikniefnanotkun og kynlíf.

Hvert tilvik, hverja umfjöllun og hverja myndbirtingu verður að meta sjálfstætt og í heild sinni út frá gildi umfjöllunarefnisins, eðli upplýsinganna, stöðu þess sem í hlut á og því samhengi sem umfjöllunin eða myndin er sett í.

Fréttamenn hafa verulegt svigrúm til þess að vinna með persónuupplýsingar í þágu fréttamennsku þegar umfjöllunarefnið hefur samfélagslegt eða þjóðfélagslegt gildi. Þeim er hins vegar sniðinn öllu þrengri stakkur þegar umfjöllun eða mynd er eingöngu birt í þeim tilgangi að svara forvitni almennings um einkamálefni annarra og hagnast á því í leiðinni.

Eðli þeirra persónuupplýsinga sem um ræðir skiptir verulegu máli. Þannig eru gerðar ríkari kröfur til þess að vinnsla persónuupplýsinga sem teljast viðkvæmar í skilningi laga um persónuvernd, s.s. upplýsinga um heilsufar, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf manna og kynhegðan, sé málefnaleg. Sama gildir um upplýsingar sem standa einstaklingnum nærri, þrátt fyrir að teljast ekki viðkvæmar í skilningi laga, og eðlilegt og sanngjarnt er að leynt fari, s.s. upplýsingar um einkunnir og félagsleg vandamál. Sérstaklega ber að hafa í huga hvort einhverjum tilgangi þjóni að nafngreina menn eða birta af þeim myndir í tengslum við slíka umfjöllun. Ekki hefur úrslitavægi hvort umfjöllun sé að einhverju leyti ærumeiðandi fyrir viðkomandi einstakling eða honum á nokkurn hátt til hnjóðs.

Þá skiptir máli staða þess sem um er fjallað eða birtar eru myndir af, þ.e. hvort hann telst vera opinber persóna eða svokölluð „almannapersóna“. Almannahpersónur geta t.d. verið stjórnálmenn, embættismenn, þekktir menn úr viðskiptalífinu, listamenn, fjölmiðlamenn og fleiri kunnir menn sem hafa verið áberandi og í sviðsljósinu. Almennt er viðurkennt að almannapersónur verði að sæta umfjöllun umfram aðra borgara. Það getur stafað af þeirri stöðu sem þær gegna í þjóðfélaginu og verið til þess fallið að veita þeim aðhald eða markast af því að lítið er á þær

sem fyrirmyndir. Jafnvel getur verið réttlæt看legt að fjalla um mjög viðkvæm málefni stjórnmalamanna og embættismanna í tengslum við störf þeirra og hvernig þeir gegna þeim. Þetta felur þó engan veginn í sér að almannapersónur njóti ekki friðhelgi um einkalíf sitt. Þau mörk sem fjölmiðlum eru dregin hverju sinni hljóta að skapast af gildi þess málefnis sem til umfjöllunar er fyrir almenning og tengslum viðkomandi við þau. Þannig eiga almannapersónur, rétt eins og annað fólk, rétt á því að ekki séu teknar myndir af þeim á stöðum eða við aðstæður þar sem þær mega vænta þess að fá að njóta friðar um einkalíf sitt. Slíka staði er m.a. að finna utan fjögurra veggja heimilisins og má í dæmaskyni nefna skemmtistaði, sundlaugar og líkamsræktarstöðvar. Af þessu leiðir einnig að almannapersónur, rétt eins og aðrir, eiga rétt á að ekki sé fjallað um viðkvæm einkamálefni þeirra sem ekkert gildi hafa fyrir samfélagslega hagsmuni eða þjóðfélagslega umræðu. Þá er rétt að taka fram að þrátt fyrir að eðlilegt geti verið að fjalla um tiltekinn einstakling, vegna þess að hann teljist vera almannapersóna, leiðir ekki af því að eðlilegt sé að fjalla með sama hætti um þá sem tengjast honum, hvort sem um er að ræða ættingja, vini eða aðra.

Að lokum skiptir máli það samhengi sem upplýsingar, þ.m.t. myndir, eru settar í. Birting myndar af manni sem sjálfur er fréttafni er alla jafna málefnaleg, enda sé fréttin það einnig sem og það að segja hver hann er. Eðli málsins samkvæmt verður birting tækifærismynda ýmiss konar á almannafæri og hópmynda ekki heldur talin ómálefnaleg þrátt fyrir á þeim séu þekktanlegir einstaklingar. Birting mynda af tilteknum einstaklingi, sem eingöngu er að sinna einkamálefnum sínum, getur hins vegar talist ómálefnaleg ef myndbirtingin þjónar engum málefnalegum tilgangi og einstaklingurinn hefur ekki veitt samþykki sitt til hennar. Þá er ekki hægt að skilja að mynd og texta sem henni fylgir. Þrátt fyrir að myndbirting ein og sér kunni að vera málefnaleg getur textinn við myndina leitt til þess að umfjöllunin í heild sinni teljist vera ómálefnaleg, m.a. vegna villandi, meinfýsinna eða ósanngjarnra athugasemda.

3.

Lögmæti

Í ákvæði 1. tölul. um lögmæta vinnslu felst að upplýsinga sem á að nota í frétt skal ekki aflað með ólögmætum hætti. Ólögmætar hljóðupptökur og það að hnýsast í bréf, skjöl, dagbækur, gögn á tölvutæku formi og önnur einkagögn í því skyni að afla upplýsinga eru því meðal þeirra aðferða við fréttáöflun sem hvorki samrýmast þessu skilyrði laganna, né eftir atvikum ákvæðum annarra laga, þ. á m. almennra hegningarlaga.

III.

4. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000 – áreiðanleiki

Mat á því hvort kröfu 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um áreiðanleika persónuupplýsinga sé fullnægt tekur mið af eðli þeirra. Ákvæðið felur í sér að upplýsingar skulu samrýmast þeim veruleika sem býr að baki þeim eða hlutlægu mati sem byggist á veruleikanum hverju sinni. Þegar umfjöllun hefur í för með sér óþægindi og óhagræði fyrir þann sem um er fjallað, eins og oft er óhjákvæmilegt, verður að gera þá kröfu að upplýsingarnar endurspegli veruleikann sem býr þeim að baki með enn öruggari hætti en ella og að þær séu ekki settar fram á villandi hátt. Á það sérstaklega við þegar um er að ræða viðkvæm einkamálefni.

Í 4. tölul. felst einnig að óáreiðanlegar upplýsingar skuli leiðrétta. Ef um er að ræða upplýsingar sem geta valdið þeim sem þær varða tjóni ber að leiðrétta þær tafarlaust.

IV.

Niðurstaða

Íslenskum fjölmiðlum ber að haga efnistöfum sínum í samræmi við framangreind ákvæði laga

nr. 77/2000. Það skal minnt á að brot gegn þessum ákvæðum laga geta varðað bótaábyrgð og refsíbyrgð að lögum. Það fellur undir dómstóla að skera úr því, að uppfylltum réttarfarsskilyrðum, hvort framangreindar reglur hafa verið brotnar.“

3.2.15. Eftirlitsmyndavélar á heimavist

Hinn 16. ágúst 2005 tók Persónuvernd ákvörðun í máli nr. 2005/59 varðandi vöktun á heimavist tiltekins framhaldsskóla. Ákvörðunin byggðist bæði á því sem fram kom í bréfaskiptum milli Persónuverndar og skólameistara og því sem fram kom við vettvangsheimsókn á umrædda heimavist. Gerð var skýrsla um heimsóknina. Í henni stendur:

„1.

Auk [. . .] starfsmanna Persónuverndar voru viðstaddir B skólameistari, E heimavistarstjóri og F skólaneftirfulltrúi. Einnig var viðstaddur hluta heimsóknarinnar G, starfsmaður Securitas á D. Í upphafi var tilgangur heimsóknarinnar útskýrður. Farið var yfir að staðreyna þyrfti hvort eftirlit og vinnsla myndefnis væri í samræmi við lög og reglur um persónuvernd og að finna þyrfti samræmi á milli öryggis- og eftirlitshagsmuna annars vegar og einkalífshagsmuna hins vegar.

U.þ.b. 80-100 manns búa á vistinni, bæði ólöggráða unglingar en líka framhaldsskólánemar 18 ára og eldri. Yngri íbúar eru þó fleiri að sögn skólameistara og vistarstjóra.

2.

Fram kom af hálfu skólafyrivalda að tilgangur vöktunarinnar er öryggis- og eignavarsla. Mikið hefur verið um innbrot á heimavistina, sérstaklega hafa drukknir sjómenn leitað eftir því að komast inn á vistina, helst inn um glugga og svaladyr, jafnvel á efri hæðum hússins. Einnig hafa komið upp þjófnaðartilvik og skemmdarverk, t.d. skór horfið, slökkvitæki eyðilögð og rúður brotnar.

Á heimavistinni eru gluggar með opnanlegum fögum, sem hafa að sögn skólameistara og vistarstjóra valdið miklum vandamálum, en þar komast óviðkomandi aðilar inn á heimavistina. Þessi opnanlegu fög eru þannig úr garði gerð að gluggaop er ekki nægilega stórt til þess að hægt sé að komast inn. Hins vegar er hægt að komast inn um gluggana ef lokur eru skrúfaðar af eða brotnar upp.

Aðspurður um tíðni innbrota sagði vistarstjóri þessi atvik gerast u.þ.b. tvisvar á ári. Síðar í heimsókninni þegar spurningin var ítrekuð minnti hann hins vegar að þetta hefði gerst mun oftar.

Aðspurður um hversu oft hefði gefist tilefni til að fara í myndefni, svaraði skólameistari því til að frá árinu 1999 hefði hann sjálfur einu sinni þurft að fara í myndefni og aðstoðarskólameistari tvisvar. Vistarstjóri hefur hins vegar þurft að fara oftar í myndefni, t.d. þegar um afbrot er að ræða og þá til að sýna það lögreglu. Vistarstjóri er ekki alveg viss um hversu oft slíks hafi verið þörf. Skólameistari tók sérstaklega fram að hann sæi ekki ástæðu til að fara í myndefnið þegar um afbrot væri að ræða og málið færi í hendur lögreglu. Hann var því spurður í hvaða tilvikum hann eða aðstoðarskólameistari færu í myndefnið, t.d. í þessum þremur tilgreindu tilvikum. Hann tilgreindi þjófnaðarmál. Tilefni sem vistarstjóri nefndi í dæmaskyni fyrir því að hafa sjálfur þurft að fara í myndefni var þegar maður sem hafði verið meinaður aðgangur að vistinni braut rúðu, þegar utanaðkomandi aðili stal skóm úr skógeymslu í anddyri og þegar slökkvitæki hafði verið tæmt á gangi vistarinnar.

Ekki hefur til þess komið að lögregla hafi fengið í hendur afrit af myndefni heldur hefur henni verið sýnt myndefni á skrifstofu vistarstjóra þegar tilefni hefur gefist til. Þegar önnur sönnunar-

gögn nægja er myndefnið ekki notað.

Athygli hafði vakið að í bréfi skólameistara frá 11. apríl sl. var sérstaklega tekið fram að myndavélarnar gætu komið að miklu gagni ef eldur brytist út á vistinni. Skólameistari var beðinn um skýringar á þessu þar sem brunavarnarkerfi er á heimavistinni. Skólameistari sagði þá að ef eldsvoði kæmist upp og ekki væri hægt að gera grein fyrir öllum, þ.e. ef lík fyndist ekki, væri hægt að fara í upptökurnar og kanna hvort viðkomandi nemandi hefði farið út af heimavistinni.

3.

Lýsing á vöktun

a. Vöktunarherbergi

Á heimavistinni fer bæði fram sjónvarpsvöktun, þ.e. hægt er að fylgjast með myndum á tölvuskjá, sem og söfnun myndefnis. Tölvubúnaður er staðsettur á skrifstofu vistarstjóra, þ.e. tölvu sem vistar myndefni á harðan disk og skjár þar sem hægt er að fylgjast með því sem er að gerast á heimavistinni. Næturvörður fylgist með því sem gerist á vistinni með hjálp myndavélanna. E vistarstjóri sagðist að jafnaði annast næturvörsluna einn, en stundum væru fengnir aðrir í það og þá úr röðum starfsmanna skólans. Myndavélarnar eru 16 talsins. Þær taka bara upp þegar þær nema hreyfingu og það efni er vistað í kerfinu með tímasetningum.

Efnið er vistað í 20 daga og síðan er tekið sjálfvirkt yfir það. Þeim stillingum er þó hægt að breyta. Beðið var um að fá að sjá elsta varðveitta myndefni, en ekki var hægt að sjá lengra aftur í tímann en einn dag. Ástæða þess er sú að tölvan sem myndefni er vistað á er ný, en harði diskurinn í eldri tölvunni hrundi og því var nauðsynlegt að skipta.

Hægt er að leita eftir tíma og dagsetningu og einnig er hægt að fá upp yfirlitsmynd af því hvort eitthvað hafi verið tekið upp og þá á hvaða myndavél og hvenær. Upptaka er stöðvuð á meðan leitað er í eldra efni.

Sú skjámynd sem venjulega er uppi sýnir allar 16 myndavélarnar. Hægt er að fá mynd úr hverri og einni myndavél fyrir sig upp á skjáinn. Flestar myndavélarnar eru í lit, en nokkrar eru svart-hvítar. Það skapast af því að upphaflega voru allar vélarnar svart-hvítar en þeim hefur smám saman verið skipt út. Vél við aðalinngang er t.d. höfð í lit til þess að hægt sé að greina lit á fötum o.þ.h. í því skyni að auðveldara sé að bera kennsl á þann sem á myndunum er. Stundum hefur þurft að skipta vélunum út vegna þess að þær hafa verið rifnar niður og eyðilagðar. Fram kom að það væri ástæðan fyrir því að tvær vélar væru á hverjum gangi heimavistarinnar – þá væri ekki hægt að eyðileggja myndavél án þess að sökudólgurinn næðist á mynd. Síðar í vettvangsathuguninni kom fram að vélarnar drífa ekki nægilega langt til að ná slíku á mynd, en vistarbúar vita ekki af því. Vélar eru stilltar þannig að allt sem fram fer á ganginum næst á mynd, þ.m.t. allar dyr að herbergjum vistarbúa.

b. Staðsetning myndavéla og viðvaranir

Staðsetning myndavélanna er eftirfarandi:

- Inngangur og anddyri
- Milligangur neðstu hæðar
- Tvær á hverjum gangi í Norður-Suðurlámu
- Ein á hverri hæð í Austur-Vesturlámu
- Svæði sem nefnist Kringla
- Gangur undir matsal

Myndavélarnar eru flestar í kassa til að verja þær skemmdum. Alls staðar þar sem voru myndavél-

ar, og reyndar víðar, voru merkingar um myndavélaeftirlit. Eins og fyrir segir eru tvær myndavélar á hverjum gangi. Á hverjum gangi, u.þ.b. fyrir miðju, eru innskot þar sem hefur verið komið fyrir sófa og sjónvarpi, s.s. eins konar setustofur. Þar inni eru engar myndavélar en til að komast í rýmið þarf að ganga eftir göngunum. Þarna eru líka gluggar með opnanlegum fögum, en þar hafa óviðkomandi komist inn á heimavistina eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

Ein lyfta er á heimavistinni en að henni beinast engar myndavélar. Hreinlætisaðstaða er inni á herbergjum. Vistarbúar þurfa því ekki að ganga eftir göngum til að fara í sturtu. Sameiginleg salernisaðstaða er þó fyrir hendi, t.d. við tölvuver og myndavél sem þar er staðsett nær dyrum tveggja salerna á mynd.

c. Öryggi

Skrifstofa vistarstjóra, þar sem tölvubúnaður er geymdur, er að sögn skólayfirvalda læst. Þess ber þó að geta að skrifstofan var opin og tölvan í gangi þegar starfsmenn Persónuverndar bar að garði. Rétt er að taka fram að allir nemendur nema einn voru farnir af heimavistinni og þar voru ekki aðrir en ræstingafólk og smiðir.

Tölvan sem vistar myndefnið er ekki nettengd og er varin lykilorði. Hún er þó höfð í gangi og myndir úr eftirlitsvélum birtast á skjá. Sérstakt lykilorð þarf til að fara inn í eldra efni og það hafa bara G, starfsmaður Securitas, og E vistarstjóri.

Til þess að taka afrit þarf sérstakt lykilorð sem eingöngu G, starfsmaður Securitas, hefur. Að sögn E vistarstjóra er ekki hægt að prenta út úr kerfinu, en prentari var ekki tengdur við tölvuna og því ekki hægt að staðreyna það.

Sérstaklega var leitað eftir því hvort viðhafðar væru aðgerðaskráningar, þ.e. loggun á því hver færi inn í gamalt myndefni og þá hvenær. Ekki var sýnt fram á að það væri gert. Af þeim sökum er ekki hægt að staðreyna hversu oft hefur verið farið í gamalt myndefni. G, starfsmaður Securitas, og E vistarstjóri nota eitt og sama lykilorðið til að fara í eldra efni. Einnig kom fram að sama lykilorð hefur verið notað frá upphafi.

G hefur skrifað undir trúnaðaryfirlýsingu í starfssamningi sínum hjá Securitas.

d. Fræðsla

Í tengslum við álitafni er varða fræðsluskyldu ábyrgðaraðila gagnvart nemendum heimavistarinnar afhenti skólameistari starfsmönnum Persónuverndar eintak af núgildandi heimavistarreglum frá 8. mars 2005, sem og eintak af sérreglum um öryggis- og eftirlitsmyndavélar frá 11. mars 2005. Að sögn skólameistara eru allar reglur lesnar upp grein fyrir grein á heimavistarfundum. Óskað var eftir fundargerðum heimavistarfunda, en slíkar fundargerðir eru ekki haldnar, enda ekki venja fyrir því.“

Skýrslan var send skólameistarunum og honum veitt færi á að tjá sig um hana. Hann gerði eftirfarandi athugasemdir:

„Skýrslan er um flest nokkuð góð en þó mætti laga kvantarana við sumar setningarnar. Á bls. 1 er t.d. sagt að *Ákvörðunarorð* mikið hafi verið um innbrot á vistina“. Hið rétta er að þess þekkjast dæmi að innbrot hafi verið framin. Þá er sagt í skýrslunni að „sérstaklega hafa drukknir sjómenn leitað eftir því að komast á vistina...“ Þegar ég nefndi sjómenn til sögunnar var ég einungis að nefna eftirminnilegt dæmi um skaða sem skólinn hefur orðið fyrir en ekki stóð til að alhæfa nokkuð um sjómenn.

Þá hjó ég eftir því að í lok II. kafla skýrslunnar er vitnað sérstaklega til bréfs míns til nefndarinnar frá 11. apríl s.l. þar sem ég benti á að gagn kynni að hljóta af öryggismyndavélum við eldsvoða. Ekki minnst ég þess að hafa talað um lík í þessu sambandi. Hins vegar má benda á að nemendur hafa kvartað við mig um að hafa ekki heyrt í brunaboðum þegar þeir hafa verið ræstir, þrátt fyrir að þeir uppfylli formlegar kröfur um brunavarnir. Það gagn, sem vera kann af næturvörslu með öryggismyndavélar í gangi, er að sjáist reykur eða eldur megi hvort tveggja í senn greina hugsanlegan uppruna hans og hafa gát á þeim nemendum sem ætla má að séu í næsta nágrenni við reykinn eða eldinn. Með skoðun á upptökum má e.t.v. leiða í ljós ferðir þeirra sem ekki koma fram við talningu og skráningu á söfnunarstað nemenda ef til eldsvoða kæmi.

Að lokum nefni ég að mér þykir vanta umfjöllun um ótvíræðan forvarnar- og fælingarmátt myndavélanna gagnvart heimsókn óviðkomandi aðila sem kunnugt er um tilvist vélanna.“

Niðurstaða Persónuverndar var svohljóðandi:

„1. Gildissvið

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með „persónuupplýsingum“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Með „vinnslu“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, sbr. 2. tölul. 2. gr. Þar undir falla m.a. söfnun, geymsla, notkun, miðlun, dreifing og birting, sbr. það sem fram kemur í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, sem og b-lið 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB.

Rafræn vöktun er vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkjum búnaði, og fer fram á almannaferi eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Hugtakið tekur til vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga og sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

Af framangreindu er ljóst að myndavélaeftirlit það sem fram fer á heimavist A er í eðli sínu rafræn vöktun og rafræn vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 og fellur þar með undir gildissvið þeirra laga.

2. Lögmæti

Það erindi sem upphaflega barst Persónuvernd hinn 13. desember 2004 lýtur m.a. að atriðum er varða öryggi persónuupplýsinga. Eðli málsins samkvæmt verður hins vegar ekki tekin afstaða til öryggis við aðra vinnslu persónuupplýsinga en þá sem heimil er að lögum. Því þarf fyrst að taka afstöðu til lögmætis umræddrar upplýsingavinnslu.

2.1 Lögmæti – almenn

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. 8., og eftir atvikum, 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. er heimilt, þrátt fyrir að framangreind skilyrði séu ekki uppfyllt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina að því gefnu að:

1. vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.

Einnig ber að gæta ákvæða 7. gr. laganna í hvítvetna. Þar er m.a. kveðið á um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra skuli vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.), að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.), að þær skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.), að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum (4. tölul.) og að þær skuli ekki varðveittar á persónugreinanlegu formi lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar (5. tölul.).

Fari vöktunin fram á svæði þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er hún jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Þá er, í 3. gr. reglna nr. 888/2004 um rafræna vöktun, kveðið á um að rafræn vöktun verði að fara fram í málefnalegum tilgangi, s.s. í öryggis- og eignavörsluskyni. Í 2. mgr. 3. gr. segir að við alla rafræna vöktun skuli þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem stefnt er að. Skal þess gætt að virða einkalífshætti þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiði sem stefnt er að með slíkri vöktun megi ná með vægari úrræðum.

2.2. Lögmæti vöktunar á heimavist A

a. Heimildarákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000

Í bréfi B skólameistara, dags. 1. mars sl., kemur fram að uppsetningu eftirlitsmyndavéla þeirra sem hér um ræðir hafi verið ætlað að „verja nemendur fyrir ágangi innbrotshjúfa, koma í veg fyrir meiðsli og ryskingar og verja eignir nemenda og skólans“. Af öðrum ummælum í bréfum skólameistara, dags. 1. mars og 7. apríl sl., sem og af ummælum skólayfirvalda sem fram komu í vettvangsheimsókn starfsmanna Persónuverndar hinn 19. maí sl., verður einnig ráðið að tilgangur þeirrar rafræna vöktunar sem hér um ræðir sé öryggis- og eignavarsla.

Heimild til rafrænnar vöktunar í öryggis- og eignavörsluskyni, og söfnun myndefnis í tengslum við framkvæmd hennar, á sér stöð í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Öryggis- og eignavörslutilangur er einnig almennt talinn málefnalegur, sbr. t.d. 3. gr. reglna nr. 888/2004, og teljast hagsmunir sem honum er ætlað að vernda vera lögmætir. Verður því að telja að rafræn vöktun á heimavist A sé heimil.

b. Meðalhóf

Þrátt fyrir að rafræn vöktun kunni að vera heimil verður hún einnig að standast þær kröfur sem lög og reglur gera um *meðalhóf*. Í 1. mgr. 4. gr. og 1.-3. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000, sem og í 3. gr. reglna nr. 888/2004, felst áskilnaður um að við rafræna vöktun skuli gætt meðalhófs, þ.e. að slík vöktun sé ekki viðhöfð nema hennar sé nauðsyn í þágu lögmætra hagsmuna sem ólíklegt er að nái framgangi sínum nema hún sé viðhöfð og að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er í

þágu tilgangans. Í bréfi skólameistara, dags. 1. mars sl., kemur fram að heimavist A sé svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði og verður því að gera enn ríkari kröfur til nauðsynjar vöktunarinnar en ella, sbr. síðari málslið 1. mgr. 4. gr., þar sem gerður er áskilnaður um að *sérstök* þörf verði að vera á slíkri vöktun.

Heimavist er það húsnæði skóla sem nýtt er til íbúðar fyrir námsmenn. Heimavistin er fastur dvalarstaður þeirra stóran hluta árs, þeir verja þar frítíma sínum og stendur yfirleitt til boða að nýta sér þjónustu mótuneytis. Íbúar á heimavist hafa að jafnaði þinglýsta húsaleigusamninga og hafa rétt til húsaleigubóta, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 138/1997 um húsaleigubætur, sbr. 3. gr. laga nr. 52/2001. Í athugasemdum í greinargerð frumvarps til laga nr. 52/2001 segir að aðstaða nemenda á heimavist skuli teljast „íbúðarhúsnæði“. Það er því ótvírætt að herbergi eða íbúð sem námsmaður leigir á heimavist telst til heimilis hans og nýtur friðhelgi sem slíkt. Aðrir hlutar heimavistar, s.s. sameiginleg aðstaða ýmiss konar, gangar, setustofur, matsalur, sjónvarpsherbergi, hreinlætisaðstaða, tölvuver o.þ.h., teljast ekki til „heimilis“ námsmanns í þeim þrönga skilningi orðsins að hann geti hamlað öðrum aðgang að þeim. Hins vegar eru þetta svæði sem eru í svo nánnum tengslum við heimili námsmanns að eðlilegt og sanngjarnt er að hann njóti þar nokkuð ríkrar verndar um einkalíf sitt.

Fyrir liggur að við umrædda vöktun eru notaðar sextán myndavélar. Verður að telja það vera mikinn fjölda véla á 80-100 manna heimavist, auk þess sem þær eru staðsettar á svæðum sem eru í nánnum tengslum við heimili nemenda (sjá viðauka). Þá kom í ljós, í vettvangsheimsókn starfsmanna Persónuverndar, að á heimavistinni fer ekki einungis fram söfnun myndefnis heldur er á tölvuskjá fylgst með því sem fram fer á hinum vöktuðu svæðum.

Af hálfu skólayfirvalda hefur komið fram að umræddar eftirlitsmyndavélar voru settar upp til að verja nemendur heimavistarinnar gegn ágangi, innbrotum og skemmdarverkum einstaklinga sem ekkert erindi eiga inn á heimavistina. Ekki verður séð að sérstök þörf sé á því að koma eftirlitsmyndavélunum fyrir inni á heimavistinni sjálfri í því skyni. Þessu markmiði má ná með því að staðsetja eftirlitsmyndavélarinnar í anddyrum og utandyra þannig að þær snúi að heimavistinni og nái á mynd þeim sem leita inngöngu á hana. Sú rafræna vöktun sem nú fer fram á heimavist A telst því fara í bága við 3. gr. reglna nr. 888/2003, sbr. og 1. mgr. 4. gr. og 1.-3. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Með vísun til framangreinds hefur Persónuvernd ákveðið, á grundvelli 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, að leggja fyrir A að stöðva þá vöktun sem fram fer innan veggja heimavistar A. Þó er heimilt að viðhafa slíka vöktun í anddyrum heimavistarinnar og utandyra þannig að myndavélarinnar snúi að heimavistinni, enda séu uppfyllt skilyrði laga nr. 77/2000, þ. á m. skilyrði 24. gr. laganna um glöggar viðvaranir. Frestur til þessa er veittur til 1. september 2005. Tekið er fram að verði ekki orðið við framangreindum fyrirmælum er Persónuvernd heimilt að leita liðsinnis lögreglu, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000.

Í ljósi þess að sú vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer á heimavist A fer í bága við ákvæði laga nr. 77/2000 og reglna nr. 888/2004 verður ekki tekin afstaða til öryggis hennar.

Ákvörðunarorð:

Rafræn vöktun er heimil á heimavist A. Það á þó ekki við um þá vöktun sem fram fer innan veggja heimavistarinnar og skal A stöðva hana fyrir 1. september 2005.“

3.2.16. Álit á lögmati rafrænnar vöktunar í búningsklefa líkamsræktarstöðvar

Hinn 16. ágúst 2005 gaf Persónuvernd út álit í máli nr. 2005/299 varðandi faldar myndavélar í bún-

ingsklefa hjá líkamsræktarstöð. Persónuvernd tók málið til umfjöllunar eftir að lögfræðideild Lögreglunnar í Reykjavík hafði samband við stofnunina og greindi frá því að meðal gagna þjófnaðarmáls væri upptaka úr eftirlitsmyndavél sem komið hafði verið fyrir í búningssklefa líkamsræktarstöðvar.

Persónuvernd óskaði skýringa hjá þeim sem rak líkamsræktarstöðina, þ.e. A. Í svari hans segir m.a.:

„Starfsmenn A urðu varir við áberandi aukningu þjófnaðar úr veskjum viðskiptavina í búningssherbergi karla í A í mars og apríl síðastliðinn. Dag einn kom að máli við undirritaðan starfsmaður B, X að nafni, og tjáði hann mér að þrisvar sinnum h[efð]i verið stolið peningum úr veski hans, alltaf úr sama skáp milli 7:00 og 8:00 að morgni með viku millibili. X tjáði mér jafnframt að B væri tilbúinn til að lána mér tímabundið myndavél sem hentaði til þess að mynda þess[a] ákveðnu skápa svo við gætum komist að því hver viðkomandi þjófur væri. Að ígrunduðu máli sá ég að þetta væri eina færa leiðin til þess að góma viðkomandi aðila. Ég setti myndavélina upp sjálfur og beindi henni að ákveðnum skápum. X hélt svo áfram að nota sama skápinn, ólæst-an[...] og var ætíð með pening í veski sínu, um 2.000,-. Að viku liðinni hurfu þessar 2.000,-, við skoðu[n] á upptöku var augljóst hver brotamaðurinn var. Í framhaldi af því var brotið kært til Lögreglu og Lögreglu var afhent afrit [af] myndskaiðinu þar sem þjófnaðurinn fer fram. Öllum öðrum upptökum var eytt strax og myndavélinni var skilað til B.

Tekið skal fram að í þeim gögnum sem Lögreglan fékk í hendur voru engin myndskaið sem sýnd[u] nekt viðkomandi aðila.

Þetta var unnið mjög faglega og í alla staði var hugsað til þess að ekki væri verið [að] taka mynd af nekt viðskiptavina. Myndskeiðið var svart/hvitt og einungis myndaðir ákveðnir skápar.“

Niðurstaða Persónuverndar var svohljóðandi:

„1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með persónuupplýsingum er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Með vinnslu er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, sbr. 2. tölul. 2. gr. Þar undir falla m.a. söfnun, geymsla, notkun, miðlun, dreifing og birting, sbr. það sem fram kemur í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, sem og b-lið 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB.

Eftirlit með myndavélum telst vera rafræn vöktun í skilningi 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Ef slíkt eftirlit hefur jafnframt í för með sér söfnun myndefnis og hægt er að bera kennsl á einstaklinga á myndefninu felur vöktunin í sér vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. og 2. tölul. 2. gr. laganna.

Af framangreindu er ljóst að sú rafræna vöktun, sem fram fór á líkamsræktarstöð A, fól í sér rafræna vinnslu persónuupplýsinga og fellur því undir gildissvið laga nr. 77/2000. Fyrir liggur að um viðkvæmar persónuupplýsingar var að ræða, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 þar sem fram kemur að upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknáð eru viðkvæmar.

2.

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. laga nr. 77/2000 og, sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar, eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. er heimilt, þrátt fyrir að eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. sé ekki uppfyllt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni með viðkvæmum persónuupplýsingum sem verður til við vöktunina, að því gefnu að:

1. vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. það efni, sem til verður við vöktunina, verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. því efni, sem safnast við vöktunina, verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. 9. gr. standi til frekari varðveislu.

Einnig ber að gæta að ákvæðum 7. gr. laganna í hvívetna. Þar er m.a. kveðið á um að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra skal vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Fari vöktunin fram á svæði þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er hún jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Þá er, í 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 888/2004 um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, kveðið á um að rafræn vöktun verði að fara fram í málefnalegum tilgangi, s.s. í öryggis- og eignavörsluskyni. Í 2. mgr. 3. gr. segir að við alla rafræna vöktun skuli þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem stefnt er að. Skuli þess gætt að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa ihlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skuli því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum vægari, raunhæfum úrræðum. Og í 3. mgr. 3. gr. er kveðið á um að vöktun með leynd sé óheimil nema hún styðjist við lagaheimild eða úrskurð dómara. Það ákvæði tengist 24. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 8. gr. reglnanna, þar sem kveðið er á um að með merki eða á annan áberandi hátt skuli gera glögglega viðvart um rafræna vöktun sem fram fer á vinnustað eða á almannafæri, sem og um hver sé ábyrgðaraðili. Úrskurður dómara um vöktun með leynd, þannig að ekki þurfi að virða þessa reglu, myndi styðjast við 1. mgr. 87. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. d-lið 86. gr. sömu laga um það að taka myndir, hvort sem er ljósmyndir eða kvikmyndir, án þess að þeir sem myndaðir eru viti af því.

3.

Ljóst er að í því tilviki, sem hér um ræðir, fór fram rafræn vöktun með eftirlitsmyndavél í búning sklefa án þess að þeir sem sæta urðu vöktuninni vissu af því. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 8. gr. reglna nr. 888/2004, skal gert viðvart um rafræna vöktun á vinnustað eða á almannafæri með merki eða á annan áberandi hátt. Samkvæmt áður nefndu ákvæði 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 888/2004 má og vöktun með leynd aldrei fara fram nema með úrskurði dóm-

ara eða samkvæmt sérstakri lagaheimild. Þar sem slíkar heimildir eru ekki í lögum kemur í raun aðeins dómsúrskurður til greina, sbr. áðurnefnd ákvæði 1. mgr. 87. gr. og d-liðar 86. gr. laga nr. 19/1991. Rétt er að geta þess að þar sem þau ákvæði fela í sér sérstakar heimildir fyrir lögreglu er það eðlileg lögskýring að frá þeim sé gagnályktað á þann veg að rafræn vöktun með leynd sé ávallt óheimil nema þegar skilyrðum þeirra sé fullnægt. Þetta leiðir af því að umrædd lagaákvæði eru sett með það í huga að um sérlega viðurhlutamikið úrræði gagnvart borgurunum sé að ræða og að því beri ekki að beita þeim nema að undangengnu sjálfstæðu mati óhlutdrægs dómstóls á því hvort til þess sé nægilegt tilefni. Ekki er vafa undirorpið að lögreglu hefði verið heimilt að framkvæma þessa rafrænu vöktun með leynd á grundvelli dómsúrskurðar. Framkvæmd slíkrar rannsóknaraðgerðar er á hinn bóginn öðrum óheimil.

Þegar af þeirri ástæðu að brotið hefur verið gegn afdráttarlausu ákvæði 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 888/2004, sbr. og 24. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 8. gr. reglnanna, þarf ekki að meta umrædda vöktun í ljósi skilyrðanna fyrir vinnslu persónuupplýsinga í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000; sérskilyrðanna fyrir rafrænni vöktun í 4. gr. og 2. mgr. 9. gr. sömu laga, sem og 1. og 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 888/2004; eða grunnreglna 7. gr. laga nr. 77/2000 um hvernig vinna má með persónuupplýsingar. Hins vegar er rétt að taka fram að þar sem vöktunin fór fram í búningssklefa verður að telja brotið hafa verið alvarlegt, enda má fólk vænta þess að njóta einkalífsréttar á slíkum stöðum. Einnig er rétt að vekja athygli á þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar því ákvæði 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 888/2004 að við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skuli ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum vægari, raunhæfum úrræðum. Þetta ákvæði felur í sér að ef til dæmis má ætla raunhæft að koma í veg fyrir þjófnað með læsingum á skápum getur rafræn vöktun á svæðinu, þar sem skáparnir eru, aldrei talist heimil.

Álitsorð:

Rafræn vöktun, sem framkvæmd var með leynd í búningssklefa í líkamsræktarstöð A af starfsmönnum hennar, var ólögmat.

3.2.17. Vinnsla tryggingafélags á persónuupplýsingum við sölu á líf- og sjúkdómatryggingum

Hinn 16. ágúst 2005 komst Persónuvernd að niðurstöðu í máli nr. 2005/103 um lögmati vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við sölu á líf- og sjúkdómatryggingu hjá váttryggingafélaginu B. Var um að ræða persónuupplýsingar sem félagið aflaði með sérstöku eyðublaði fyrir umsókn um slíkar tryggingar. Tilefni umfjöllunar Persónuverndar var fyrirspurn sem henni hafði borist frá A. Persónuvernd tók afstöðu til eftirfarandi atriða:

1. Lögmætis þess að afla heilsufarsupplýsinga um umsækjanda frá þriðju aðilum, s.s. læknum og sjúkrastofnunum.
2. Lögmætis þess að afla heilsufarsupplýsinga um foreldra og systkini umsækjanda.
3. Heimildar B til að miðla persónuupplýsingum um váttryggingartaka til endurtryggjenda þess.
4. Fyrirvara um eign B á upplýsingum um váttryggingartaka.

Tekið skal fram að þegar Persónuvernd barst fyrirspurnin frá A stóð þegar yfir úttekt á öryggi og lögmati vinnslu persónuupplýsinga hjá þremur váttryggingafélögum. Félagið B (síðar E) var ekki í þeim hópi, en ákveðið var að afgreiða þetta mál samhliða framangreindum úttektarmálum. Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.:

„1.

Almennt

E starfar samkvæmt lögum nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga og lögum nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Hafa þessi lög ekki að geyma sérstök ákvæði varðandi vinnslu persónuupp-

lýsinga í tengslum við váttryggingastarfsemi. Slik ákvæði er aftur á móti að nokkru leyti að finna í XIII. kafla nýrra laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, en sá kafla fjallar um almennar forsendur fyrir ábyrgð váttryggingafélaga. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006, en samkvæmt gildistökuákvæði í 146. gr. munu þau gilda um alla váttryggingarsamninga sem gerðir verða frá og með þeim degi, um alla váttryggingarsamninga sem verða endurnýjaðir eða framlengdir frá og með þeim degi, svo og um alla aðra váttryggingarsamninga sem eru í gildi á þeim degi. Munu löggin því hafa afturvirk áhrif varðandi þá váttryggingarsamninga sem undirritaðir eru fyrir gildistöku laganna.

Eins og fyrr greinir varðar álit þetta þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur með í tengslum við sölu á líf-, slysa- og sjúkdómatriyggungum. Til þess að geta fengið slíka tryggingu þarf sá sem sækir um hana að fylla út sérstakt eyðublað og þannig veita tilteknar upplýsingar um sig. Auk almennra upplýsinga um nafn, kennitölu, heimilisfang og starf er fyrst og fremst óskað heilsufarsupplýsinga af ýmsum toga. Meðal þess sem óskað er upplýsinga um er hvort umsækjandi neyti áfengis eða lyfja, sé með eða hafi verið með sjúkdóm af ákveðnum flokki. Hafi umsækjandi fengið slíkan sjúkdóm, eða sé haldinn slíkum sjúkdómi, er farið fram á ítarlegri upplýsingar, s.s. um hvenær sjúkdómurinn byrjaði, hve lengi hann varaði, hvort bati varð alger eða að hluta, hverjar séu eða hafi orðið afleiðingar hans og nafn þess læknis sem stundaði umsækjandann. Ennfremur er óskað eftir því að umsækjandi upplýsi hvort foreldrar hans eða systkini séu með eða hafi fengið hjarta- eða æðasjúkdóma, taugasjúkdóm, heilablóðfall, háan blóðþrýsting, sykursýki, nýrmasjúkdóm og krabbamein.

Að endingu hefur eyðublaðið að geyma yfirlýsingu sem ætlast er til að umsækjandi undirriti, þ.e. yfirlýsingu um að hann heimili váttryggingafélaginu að afla heilsufarsupplýsinga um sig hjá læknum og sjúkrastofnunum, sbr. svohljóðandi orðalag: „Ég heimila trúnaðarlæknum félagsins og endurtryggjanda þess að fá nauðsynlegar upplýsingar frá læknum, stofnunum og sjúkrahúsum um heilsufar mitt og sjúkrasögu, þar með talið afrit sjúkraskrár. Öll gögn sem aflað er í tengslum við samning þennan eru eign E. Félagið fer með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.“ Af framangreindu má ráða að aflað er upplýsinga um umsækjanda, bæði frá honum sjálfum og frá öðrum, og um foreldra hans og systkini. Þeirra síðarnefndu er aflað frá umsækjanda.

2.

Almennt um lögmæti vinnslu persónuupplýsinga

[...][S]öfnun, úrvinnsla og varðveisla E á framangreindum upplýsingum felur í sér vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 8. og, eftir atvikum, 9. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf aðeins að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 8. gr. laganna, en vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að auki að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 9. gr. laganna. Auk þess þarf vinnslan að vera í samræmi við meginreglur 1. mgr. 7. gr. laganna, m.a. um að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti (1. tölul.), fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi (2. tölul.) og vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.). Felur ákvæðið í sér þá meðalhöfsreglu að ekki skal unnið með persónuupplýsingar nema það sé nauðsynlegt og málefnalegt.

Samkvæmt c.-lið 8. tölul. 2. gr. laganna teljast upplýsingar um „heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun“ til viðkvæmra persónuupplýsinga. Sé litið til þeirra persónuupplýsinga sem félagið safnar um umsækjendur um líf-, slysa- og sjúkdómatriyggunging er ljóst að þær teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laganna. Verður heimild

til vinnslu þeirra þar með bæði að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. fyrrgreindra laga.

Af þeim skilyrðum er greinir í 1. mgr. 8. gr. kemur helst til skoðunar ákvæði 1. tölul. um að vinnsla sé heimil hafi hinn skráði ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr. Með samþykki í skilningi 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 er átt við sérstaka, ótvíræða yfirlýsingu sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að slíks samþykkis sé aflað frá þeim sem leggur inn beiðni um áhættulíftryggingu og/eða sjúkdómatryggingu. Til þess að samþykki teljist vera upplýst þarf honum að hafa verið veitt fræðsla í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 77/2000, sbr. kafla 3. hér að neðan. Þrátt fyrir það verður engu að síður að telja umsækjanda ótvírætt hafa samþykkt vinnsluna með útfyllingu beiðninnar og undirritun hennar, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna.

Með vísun til framangreinds verður ekki fullyrt að vinnslan eigi sér stoð í 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Af skilyrðum 9. gr. kemur þá helst til álita 2. tölul. 1. mgr. um að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar standi til þess sérstök heimild samkvæmt öðrum lögum. Í 82. gr. laga nr. 30/2004 segir að á meðan váttryggingafélag hafi ekki samþykkt að veita váttryggingu geti það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og er gert ráð fyrir því að slíkra upplýsinga sé aflað beint hjá váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, og að afla megi upplýsinga hjá öðrum en váttryggingartaka eða váttryggðum standi til þess skriflegt, upplýst samþykki þess sem aflað er upplýsinga um. Af framangreindu ákvæði má ráða að vilji löggjafans standi til þess að við öflun upplýsinga í tengslum við slíka starfsemi nægi samþykki samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Öflun upplýsinga hjá váttryggingartaka eða váttryggða sjálfum telst þar með fullnægja skilyrðum þessa ákvæðis. Þegar litið er til þess á hún sér því bæði stoð í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Verður í eftirfarandi köflum tekin afstaða til lögmætis annarra þátta, sbr. framangreind atriði sem álit þetta beinist að.

3.

Öflun heilsufarsupplýsinga um umsækjanda frá þriðju aðilum, s.s. læknum og sjúkrastofnunum

Þegar kemur að því að afla upplýsinga um umsækjanda frá öðrum en honum sjálfum verður að horfa til ákvæðis 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, en þar segir að á meðan váttryggingafélag hafi ekki samþykkt að veita váttryggingu geti það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og er gert ráð fyrir því að slíkra upplýsinga sé aflað beint hjá váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, og að afla megi upplýsinga hjá öðrum en váttryggingartaka eða váttryggðum standi til þess skriflegt, upplýst samþykki þess sem aflað er upplýsinga um.

Við túlkun þessa ákvæðis verður að horfa til þeirra meginreglna sem gilda um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt 7. gr. laga 77/2000, auk ákvæðis um fræðslu gagnvart hinum skráða þegar upplýsinga er aflað um hann frá öðrum en honum sjálfum, sbr. 21. gr. laganna. Miklu máli skiptir að umsækjandi hljóti nauðsynlega og viðeigandi fræðslu um vinnsluna, s.s. hvaða upplýsinga um hann verði aflað, tilgang vinnslunnar, hvernig persónuvernd verði tryggð og hvort honum sé heimilt að afturkalla samþykkið, sbr. og inntak skilgreiningar hugtaksins *samþykki* samkvæmt 7. tl. 2. gr. Að öðrum kosti getur vinnslan vart talist vera *sanngjörn*, samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 7. gr., sbr. eftirfarandi athugasemdir við ákvæðið í greinargerð frumvarpsins, en þar segir: „Í ljósi 38.

liðar formála tilskipunarinnar getur vinnsla vart talist sanngjörn nema hinn skráði geti fengið vitneskju um hana og eigi, þegar söfnun upplýsinganna á sér stað, kost á fullnægjandi upplýsingum um vinnubrögð, vinnuferli og annað er lýtur að vinnslunni.“

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd að framangreind yfirlýsing á umsóknareyðublaði E um líf- og sjúkdómategyggingu, sem ætlast er til að umsækjandi undirriti, og heimilar félaginu að afla upplýsinga um umsækjanda frá þriðju aðilum, fullnægi ekki kröfum 1. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004 til skriflegs, upplýsts samþykkis, sbr. og fyrrgreind ákvæði 7. og 21. gr. laga nr. 77/2000.

4.

Öflun upplýsinga um foreldra og systkini umsækjanda

Kemur þá til skoðunar lögmati þess þegar umsækjandi um váttryggingu lætur tryggingafélagi í té viðkvæmar persónuupplýsingar um aðra en sjálfan sig, þ.e. um heilsufar foreldra sinna og systkina. Enda þótt eyðublaðið geri ekki ráð fyrir því að umsækjandi nafngreini þessa ættingja eru þetta persónuupplýsingar, enda að jafnaði ljóst hverjir í hlut eiga. Almennt verður ekki talið að umsækjandi geti, án umboðs, samþykkt vinnslu persónuupplýsinga um aðra en sjálfan sig, nema til þess standi sérstök heimild. Má hér vísa til athugasemda við 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 77/2000, en þar segir: „[Getur] komið til þess að ekki nægi að fá samþykki hins skráða, t.d. ef hann veitir með því upplýsingar um aðra menn en sjálfan sig, eða ef lögboðið er að fleira þurfi til, sbr. a-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB.“ Það heimildarákvæði sem hér kemur til álita er að finna í 2. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga. Hún hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félaginu óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðaeiginleika manns og áhættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóma. Félaginu er einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar. Framangreint bann gildir þó ekki um athugun á núverandi eða fyrra heilsufari mannsins eða annarra einstaklinga.“

Af framangreindu ákvæði og skýringum við það í athugasemdum frumvarpsins má ráða að tryggingafélagi sé heimilt að afla upplýsinga um heilsufar skyldmenna til þess að meta hvort athuga þurfi heilsufar þess sem óskar váttryggingar. Váttryggjendum er m.ö.o. heimilt að spyrja um þessi atriði í þeim tilgangi að meta hvort rannsaka þurfi frekar núverandi eða fyrra heilsufar þess sem óskar váttryggingar. Enga heimild er hins vegar að finna fyrir váttryggjendum til að afla upplýsinga um hvort váttryggður sé líklegur til þess að fá eða þróa með sér tiltekna sjúkdóma í framtíðinni. Þvert á móti er váttryggjendum óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðaeiginleika manns og áhættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóma. Í ljósi þess banns verður að líta svo á að váttryggingafélagi sé óheimilt að afla upplýsinga um heilsufar skyldmenna sem eru til þess fallnar að veita vitneskju um erfðaeiginleika umsækjandans. Ber hér að hafa í huga að margir algengir sjúkdómar orsakast af samspili erfða- og umhverfisþátta. Verður því að líta svo á að öflun upplýsinga um arfgenga sjúkdóma foreldra og systkina jafngildi öflun upplýsinga um erfðaeiginleika umsækjandans sjálfs. Verður enda vart komið auga á það í hvaða tilgangi öðrum váttryggingafélag ætti að sækjast eftir upplýsingum um slíka sjúkdóma hjá einstaklingum. Að því er varðar öflun annarra heilsufarsupplýsinga um þessa einstaklinga verður hins vegar ekki fullrytt að hún sé óheimil, enda byggj hún á samþykki þeirra, sbr. 7. tl. 2. gr. laga 77/2000.

Má í þessu sambandi minna á dóm Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í máli 151/2003. Þar er m.a. byggt á 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar er veitir sérhverjum manni friðhelgi um einkalíf sitt og minnt á að til að tryggja þá friðhelgi verði meðal annars að gæta að því að lög leiði ekki af sér raunhæfa hættu á að upplýsingar um einkahagi tiltekins manns komist í hendur annarra. Því var í dóminum byggt á því að áfrýjandi gæti sjálfur haft hagsmuni af því að upplýsingar úr sjúkraskrárám látins föður hans yrðu ekki fluttar í þann gagnagrunn, sem málið laut að, vegna hættu á að af þeim yrði ályktað um heilsuhagi hans sjálfs.

Með vísun til alls framangreinds, og að því virtu að samkvæmt lögnum er váttryggjendum beinlínis bannað að afla eða hagnýta sér með nokkrum hætti erfðafræðilegar upplýsingar um umsækjandann eða óska eftir rannsóknnum sem leitt geta slíkar upplýsingar í ljós, er það niðurstaða Persónuverndar að E sé óheimilt að afla upplýsinga um heilsufar sem að einhverju leyti fela í sér upplýsingar um arfgerð umsækjanda.

5.

Miðlun persónuupplýsinga um váttryggingartaka til endurtryggjenda eða annarra aðila

Á eyðublaði fyrir váttryggingarumsókn er gert ráð fyrir að umsækjandi *samþykki* að veita félaginu og *endurtryggjendum* þess aðgang að heilsufarsupplýsingum um sig. Líkt og önnur vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga verður miðlun þeirra til annarra aðila að eiga sér lagastöð samkvæmt einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laganna, auk einhvers skilyrðis 9. gr. þeirra. Enn fremur þarf, sé móttökuaðili upplýsinganna með staðfestu utan Íslands, að uppfylla ákvæði 29. eða 30. gr. laganna.

Vísað er til þess sem áður segir varðandi þær kröfur sem gerðar eru til upplýsts samþykkis, sbr. 7. tölul. 2. gr. laganna. Þegar um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar þarf *samþykki hins skráða* að fullnægja þeim kröfum sem þar koma fram. Þegar afstaða er tekin til þess hvort samþykki teljist vera upplýst verður m.a. að horfa til þess hvort hinum skráða hafi verið veitt sú fræðsla sem kveðið er á um í 20. gr. laga nr. 77/2000. Meðal þess sem upplýsa skal hinn skráða um er „nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.“, sbr. 1. tölul. 1. mgr. ákvæðisins. Eins og fram kemur í athugasemdum við 20. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 77/2000 er markmið fræðsluskuldunnar að veita hinum skráða möguleika á að nýta sér þann rétt sem hann á samkvæmt lögnum, t.d. til aðgangs, leiðréttingar o.s.frv. Fræðsla um nafn og heimilisfang allra viðtakenda upplýsinga um hinn skráða er þannig forsenda þess að honum sé unnt að nýta sér umrædd réttarræði. Ef ekki liggur fyrir vitneskja um framangreind atriði þegar upplýsinga er aflað frá umsækjanda, s.s. vegna þess að breytilegt geti verið frá einum tíma til annars hver endurtryggjandinn er, getur aftur á móti nægt að veita fræðslu um flokka viðtakenda, sbr. 3. tl. 1. mgr. 20. gr. laganna. Engu að síður skal í öllum tilvikum veita hinum skráða fyrirnefnda fræðslu í síðasta lagi þegar upplýsingarnar eru látnar þriðja aðila í té í fyrsta sinn, sbr. 39. gr. formálsorða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

Þegar litið er til þess að endurtryggjendur íslenskra váttryggingafélaga eru í flestum tilvikum erlendir er líklegt að reynt geti á framangreind ákvæði í starfsemi þeirra. Samkvæmt 29. gr. laga nr. 77/2000 er heimilt að flytja persónuupplýsingar til landa er veita þeim fullnægjandi vernd, að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna. Er hér einkum átt við ríki á hinu evrópska efnahagssvæði og önnur ríki sem innleitt hafa fyrirnefnda tilskipun. Séu persónuupplýsingar á hinn bóginn fluttar til lands sem ekki veitir þeim fullnægjandi vernd, t.d. til Bandaríkjanna, þarf það að eiga sér stöð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 30. gr. laganna. Það á t.d. við ef flutningurinn byggist á *samþykki hins skráða*. Í athugasemdum við þetta ákvæði í frumvarpi því sem varð að lögum nr.

77/2000 er tekið fram að átt sé við samþykki í skilningi 7. tölul. 2. gr. laganna, jafnvel þótt ekki sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar. Sé byggt á slíku samþykki er nauðsynlegt að hinn skráði hafi fengið fræðslu um það til hvaða ríkis persónuupplýsingar um hann verði fluttar og hvaða aðili muni þar bera ábyrgð á þeim.

Með tilliti til framangreinds telur Persónuvernd að E sé óheimilt að miðla persónuupplýsingum um umsækjanda til annarra aðila, s.s. til endurtryggjenda félagsins, nema fyrir liggja slíkt samþykki hans eða önnur sérstök heimild.

6.

Fyrirvari um eign félagsins á upplýsingum um váttryggingartaka

Á eyðublaði E fyrir váttryggingarumsókn, sem ætlat er til að umsækjandi undirriti, er að finna yfirlýsingu um að öll gögn sem aflað er í tengslum við gerð váttryggingarsamnings séu eign félagsins. Í athugasemdum félagsins er ekki útskýrt hvaða merking hér sé lögð í hugtakið „eign“, þ.e. hvaða réttaráhrif þessi fyrirvari hafi, en þess þó getið að hann takmarki ekki rétt hins skráða til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig.

Almennt er, þegar í íslenskum rétti er fjallað um eign og eignarréttindi, átt við heimildir eiganda til að ráðstafa tilteknum verðmætum, þ.e. eignum sínum. Þótt ýmsir fjárhags- og viðskiptalegir hagsmunir geti tengst persónuupplýsingum eru þær, eðli sínu samkvæmt, svo nátengdar einkalífi og mannhelgi viðkomandi einstaklings, að eðlilegt hefur þótt að skipa lagareglum um meðferð þeirra meðal reglna um persónurétt en ekki fjármunarétt. Má í þessu sambandi minna á þá umræðu sem átti sér stað á vettvangi Alþingis þegar það fjallaði um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997. Þar sem upplýsingar í sjúkraskrá voru ekki taldar geta verið andlag eignarréttinda var fellt brott úr frumvarpinu ákvæði 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins um að sjúkraskrá væri eign heilbrigðisstofnunar eða annarra heilbrigðisstarfsmanna. Verður að telja vafa undirorpið hvort, og þá í hvaða lögskiptum, persónuupplýsingar geta talist eign. Hvað sem þessum vafa liður er þó ljóst að slíkur eignarréttur, sé um hann að ræða, vikur fyrir einkalífsrétti manna á grundvelli laga nr. 77/2000 og 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Er minnt á að um heimildir ábyrgðaraðila til vinnslu persónuupplýsinga fer samkvæmt lögum nr. 77/2000 og sérlagaákvæðum. Ber ábyrgðaraðila samkvæmt lögum m.a. að virða rétt hins skráða til þess að fá aðgang að persónuupplýsingum um sig og að fá breytt eða eytt röngum og villandi persónuupplýsingum. Getur hinn skráði ekki afsalað sér slíkum grundvallarmannréttindum með samningi við ábyrgðaraðila upplýsinganna.

Með vísan til framangreinds eru það tilmæli Persónuverndar til E að taka til athugunar hvort breyta eigi eyðublaði fyrir váttryggingarumsókn að því er varðar þann fyrirvara að persónuupplýsingar sem félagið fær verði eign félagsins, enda er hann til þess fallinn að valda hinum skráða misskilningi varðandi réttarstöðu sína.

Niðurstöðuorð:

1. Öflun upplýsinga hjá þriðja aðila, um mann sem sækir um líf- og sjúkdómtryggingu, er óheimil nema fyrir liggja skriflegt, upplýst samþykki hans og honum hafi verið veitt fræðsla í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 77/2000.
2. Öflun upplýsinga um arfgenga sjúkdóma foreldra og systkina umsækjenda er óheimil.
3. E er óheimilt, án samþykkis manns sem sækir um líf- og sjúkdómtryggingu, að miðla persónuupplýsingum um hann til annarra aðila.
4. E er leiðbeint um að fella brott af eyðublaði fyrir váttryggingarumsókn fyrirvara um eign E á þeim persónuupplýsingum sem það fær í tengslum við gerð váttryggingarsamninga.“

3.2.18. Uppfletting í vanskilaskrá Lánstrausts

Hinn 13. september 2005 kvað Persónuvernd upp úrskurð í máli nr. 2005/275 varðandi kvörtun A yfir því að fjármálastofnunin B hefði flett henni upp í vanskilaskrá Lánstrausts hf. Í kvörtuninni kom fram að sambýlismaður A hafði sótt um lán hjá B en verið hafnað á grundvelli fjárhagsupplýsinga um A. Fyrir lá hins vegar að A var ekki að sækja um lán, gekkst ekki í ábyrgð fyrir skuldbindingunni né átti hlut í þeirri húseign sem stóð henni til fullnustu. Þá hafði A ekki veitt B samþykki fyrir öflun upplýsinga um sig úr vanskilaskrá.

B greindi frá því að um mistök hefði verið að ræða. Upplýsingum um A hefði fyrir mistök verið flett upp. A sætti sig ekki við þessar skýringar B og krafðist efnislegrar úrslausnar um lögmatið.

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að uppfletting B á upplýsingum um A í vanskilaskrá hefði verið ólögmat. Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.:

„Samkvæmt 7. tölul. telst vinnsla heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda beri samkvæmt lögum vegi þyngra. Við mat á því hvort þessu skilyrði sé fullnægt ber að líta til þess að A og F eru í óvígðri sambúð. Stofnun óvígðrar sambúðar hefur engin áhrif á þær heimildir sem í eignarétti felast, sambærilegar við þær sem gilda hjá einstaklingum í hjúskap. Af því leiðir t.d. að meðan óvígð sambúð varir hefur eigandi ótakmarkaðan ráðstöfunarétt yfir eign sinni og breytir engu hvort um sé að ræða þá íbúð sem fjölskyldan býr í. Um skuldaábyrgð gildir sama regla um hjón og um sambúðarfólk, þ.e.a.s. hvor aðili ber ábyrgð á eigin skuldbindingum en ekki á skuldum maka eða sambúðarmanns en þau frávik frá þessu sem gilda um sameiginlega ábyrgð hjóna á vissum skuldum gilda ekki um sambúðarfólk. Samkvæmt framanrituðu verður þar af leiðandi ekki talið að sú aðgerð B að fletta A upp í skrá Lánstrausts hf. í tengslum við viðskipti bankans við sambýlismann hennar hafi verið bankanum nauðsynleg til að hann gæti gætt lögmætra hagsmuna sinna vegna viðskiptanna. Átti vinnslan sér því ekki stöð í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. Þá verður ekki séð að umrædd uppfletting hafi verið í samræmi við áskriftarskilmála LT um að upplýsingar úr skrá LT megi eingöngu nota við könnun á lánstrausti, í tengslum við væntanleg eða yfirstandandi viðskipti, eða ef lögvarðir hagsmunir séu að öðru leyti fyrir hendi.

B var óheimilt að skoða upplýsingar um A í skrá Lánstrausts hf. í tengslum við fyrirhuguð viðskipti sambýlismanns hennar við bankann.“

3.2.19. Miðlun upplýsinga um nemendur með sérþarfir

Hinn 13. september 2005 gaf Persónuvernd út álit í máli nr. 2005/428 vegna kvörtunar sem henni barst frá móður sem hafði verið boðin þátttaka í tiltekinni rannsókn. Um var að ræða rannsókn á frammistöðu barna sem njóta sérúrræða í skóla. Var móðirin ósátt við að skólinn hefði afhent upplýsingar um nöfn barnanna án þess að fá fyrst samþykki foreldra.

Í ljós kom að úrtak rannsóknarinnar hafði verið fengið frá fimm grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Höfðu stjórnendur fjögurra skóla miðlað upplýsingum um nöfn barnanna, nöfn foreldra og símanúmer án þess að leita áður eftir samþykki foreldranna. Einn skólastjórnandi hafði fyrst kannað afstöðu foreldra.

Niðurstaða Persónuverndar byggðist á því að upplýsingar um það hvort einhver njóti sérúrræða í skóla teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Hafi miðlun þeirri því orðið að uppfylla hin sérstöku skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna. Í því tilviki, sem mál þetta laut að, hafði ekkert samþykki legið fyrir áður en upplýsingunum var miðlað. Þá varð hvorki séð að ákvæði í grunnskólalögum hefðu heimilað umrædda miðlun né að hún hefði verið heimil á grundvelli nauðsynjar í þágu vísindarannsókna – en þeir sem miðluðu upplýsingunum stóðu ekki að rannsókninni.

Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.:

„Í c-lið 2. tölul. 8. gr. laga nr. laga nr. 77/2000 er að finna skilgreiningu á því hvað séu viðkvæmar persónuupplýsingar. Tekur það m.a. til upplýsinga um heilsuhagi. Í ákvæði 1. mgr. 37. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla segir að börn og unglingar, sem eigi erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, eigi rétt á sérstökum stuðningi í námi. Er m.a. átt við þá sem haldnir eru þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu, eða fötlun sem er afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum. Með hliðsjón af þessu telst listi yfir nemendur sem njóta sérúræða í skóla hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000, sbr. 8. tölul. 2. gr. laganna. Samkvæmt framangreindu varð miðlun upplýsinga um nöfn og símanúmer umræddra nemenda að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.“

Ekki þótti leitt í ljós að svo hefði verið og var umrædd miðlun á upplýsingum um nöfn nemenda með sérþarfir, nöfn foreldra þeirra og símanúmer því talin óheimil.

3.2.20. Dreifing myndefnis úr eftirlitsmyndavélum

Hinn 13. september 2005 tók Persónuvernd ákvörðun í máli nr. 2005/107 um lögmati þess að miðla myndum úr öryggismyndavélum verslana í eigu A til allra annarra starfsstöðva A og sýna þær starfsmönnum. Um var að ræða myndir sem A taldi gefa tilefni til grunar um þjófnað.

Enginn vafi var talinn leika á að A væri heimilt, í ljósi öryggis- og eignavörsluslúsjónarmiða, að hafa öryggismyndavélakerfi í verslunum sínum. Hins vegar ætti myndefnið ekki að vera aðgengilegt öðrum en þeim sem nauðsyn krefði. Við mat á þeirri nauðsyn yrði m.a. að líta til þess að myndefni, sem talið er veita tilefni til grunar um þjófnað, felur ekki ávallt í sér staðfestingu á að brot hafi í raun verið framið. Ályktun um þjófnað kann að vera röng og myndskeið eru ekki í öllum tilvikum óyggjandi sönnunargögn. Þá var bent á að tildrög atvika geta verið af misjöfnum toga og ekki alltaf sjálfgefið hvaða ályktanir draga megí af myndbroti.

Það var mat Persónuverndar að of langt væri gengið með því að miðla slíku myndefni úr einni starfsstöð til allra annarra starfsstöðva A og sýna þær starfsmönnum. Talið var að eingöngu tilgreindir starfsmenn, sem bera ábyrgð á öryggisvörslu, mættu skoða myndirnar og að þær skyldu ekki afhentar utanaðkomandi aðilum öðrum en lögreglu. Væri gengið lengra væri í raun miðlað skilaboðum um að viðkomandi einstaklingar hefðu framið refsivert brot án þess að dómstólar hefðu fjallað um mál og komist að rökstuddri niðurstöðu um sekt eða sýknu. Gæti slíkt verið til þess fallið að valda viðkomandi einstaklingum tjóni, jafnvel fullkomlega að tilefnislausu, s.s. vegna rangs orðróms um meint refsivert athæfi sem rætur ætti að rekja til einhvers af þeim mörgu starfsmönnum A sem séð hefðu myndirnar. Í ljósi þess var þeim fyrirmælum beint til A að láta af umræddri dreifingu mynda úr öryggismyndavélum. Var ákvörðunarorð Persónuverndar svohljóðandi:

„A skal láta af dreifingu mynda úr öryggismyndavélum í verslunum félagsins, sem taldar eru veita tilefni til grunar um þjófnað, úr viðkomandi starfsstöð til allra annarra starfsstöðva fyrirtækisins. Eingöngu tilgreindir starfsmenn, sem ábyrgð bera á öryggisvörslu í viðkomandi verslun, mega sjá myndir og þær skulu engum afhentar öðrum en lögreglu að lokinni skoðun þeirra á myndefni af tilefni grunar um þjófnað.“

3.2.21. Miðlun fjárhagsupplýsinga með símbréfi

Hinn 11. október 2005 komst Persónuvernd að niðurstöðu í máli nr. 2005/410 um kvörtun manns sem hafði óskað eftir að fá upplýsingar um skuldastöðu sína hjá Tollstjóraembættinu. Hann hafði fengið þær sendar með símbréfi með þeim afleiðingum að þær komu fyrir augu samstarfsmanna hans og taldi hann embættið þar með hafa brotið öryggisreglur.

Í niðurstöðu Persónuverndar er tekið undir að sending upplýsinga um skuldastöðu sé vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Í þeim lögum er kveðið á um að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Af því leiði að tollstjóranum í Reykjavík beri að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að upplýsingar um skuldastöðu einstaklinga hjá embættinu lendi í höndum óviðkomandi. Í niðurstöðu Persónuverndar segir hins vegar m.a.:

„[...] Í máli þessu liggur fyrir að kvartandi óskaði eftir upplýsingum um skuldastöðu sína hjá embætti tollstjórans í Reykjavík með tölvupósti. Í tölvupóstinum voru gefin upp í fastri undirskrift tvö netföng, símanúmer, faxnúmer og gsm-símanúmer, en ekkert var tekið fram um það með hvaða hætti upplýsingarnar skyldu sendar til kvartanda. Upplýsingarnar voru sendar á faxnúmer sem fram kom í beiðni kvartanda og komust á þann hátt undir annarra manna hendur.

Upplýsingar um fjárhagsmálefni einstaklinga teljast ekki til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000, sbr. 8. tölul. 2. gr. laganna. Þó verður ekki fram hjá því litið að slíkar upplýsingar standa einstaklingum mun nær en ýmsar aðrar almennar persónuupplýsingar og teljast að öllu jöfnu til einkamálefna, sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að umrætt faxnúmer kom fram í beiðni kvartanda og almennt má ganga út frá því að heimilt sé að senda upplýsingar á þá móttökustaði sem gefnir eru upp í beiðni um sendingu þeirra.“

Með vísan til framangreinds var það niðurstaða Persónuverndar að ekki yrði fullyrt að tollstjórinn í Reykjavík hefði brotið gegn 11. gr. laga nr. 77/2000 í umrætt sinn.

3.2.22. Kvörtun vegna ólögmatrar meðferðar fyrrverandi vinnuveitanda á tölvupósti kvartanda

Hinn 17. nóvember 2005 komst Persónuvernd að niðurstöðu í máli nr. 2005/251 um erindi manns sem kvartaði yfir meintri ólögmatrí meðferð fyrrverandi vinnuveitanda á tölvupósti hans. Nokkur bréfaskipti urðu milli málsaðila og Persónuverndar og í ljós kom að ágreiningsmál málsaðila var til meðferðar fyrir dómstóli.

Persónuvernd gerði þá grein fyrir því að stofnunin myndi ekki, á meðan málið væri til meðferðar fyrir dómstóli, og ekki lægi fyrir hvort hann myndi taka efnislega afstöðu til lögmætis umræddrar meðferðar á tölvupóstinum, taka það atriði til meðferðar. Hún gæti þó skoðað það atriði eitt og sér hvort vinnubrögð fyrrverandi yfirmanns kvartanda við skoðun viðkomandi tölvupósts hefðu verið í samræmi við settar reglur á viðkomandi vinnustað. Kvartandi mótmælti þessari afstöðu Persónuverndar og kvað umrætt álitaefni ekki vera til meðferðar hjá dómstóli heldur allt önnur ágreiningsatriði. Persónuvernd gæti því ekki ákveðið að bíða með afgreiðslu málsins.

Persónuvernd taldi ekki óeðlilegt að ætla að dómstóllinn myndi, í tengslum við umrætt dómsmál, fjalla um lögmætið, þ.e. lögmæti þess þegar fyrrum yfirmaður kvartanda skoðaði tölvupóst hans. Byggðist þessi afstaða Persónuverndar á því að málið grundvallaðist á framlögðum tölvupóstskeytum sem væntanlega þyrfti að meta hvort teldust til trúnaðarsamskipta eða ekki. Einnig byggðist afstaða hennar á því sem fram kom í greinargerð kvartanda vegna málsins, en þar sagði m.a.:

„Við mat á þeim gögnum sem gerðarbeiðandi hefur lagt fram er þess krafist að tekið sé tillit til þess að hér er um persónuleg gögn að ræða sem lögð eru fram í andstöðu við ákvæði 7. gr. laga um persónuvernd og því verði ekki á þeim byggt í málinu.“

Staðfesti Persónuvernd því fyrri ákvörðun sína um að fjalla ekki um málið meðan það væri til meðferðar fyrir dómstóli. Í rökstuðningi hennar var tekið fram að þessi ákvörðun væri í samræmi

við áralanga venju um að fjalla ekki um mál á stjórnáslustigi um leið og þau væru til meðferðar hjá dómstólum. Var í því sambandi vísað til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1311/1994, þar sem umboðsmaður taldi ekki aðfinnsluvert að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stöðvaði meðferð kærumsáls eftir að það hafði verið borið undir dómstóla. Þá var tekið fram að þessi venja væri í samræmi við stjórnáslufrákvæmd á Norðurlöndunum. Um það vísaðist m.a. til rits danska stjórnáslufræðingsins Bent Christensen: *Forvaltningsret* (1994); Kap. XII.2.: „En igangværende prøvelse i *den administrative* rekurs og på den overordnede eget initiativ må formentlig standse, hvis der anlægges en prøvelsessag ved domstolene med påstande og anbringender, som svarer nogenlunde til prøvelsesetemaet i den administrative rekurs.“

3.2.23. Upplýsingar um ökuleyfissviptingu

Hinn 16. desember 2005 kvað Persónuvernd upp úrskurð í máli nr. 2005/390 um A sem hafði kvartað yfir því að í lögregluskýrslu, sem gerð var vegna umferðaróhapps, sem hann lenti í, hefði þess verið getið að hann hefði nokkrum árum áður verið sviptur ökuréttindum. Höfðu réttindin verið endurnýjuð þegar óhappið varð. Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.:

„1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af þessu leiðir að efni máls þessa lýtur að vinnslu persónuupplýsinga og þar með fellur umfjöllun um efni þess undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Vinnsla persónuupplýsinga er heimil fullnægi hún einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar þarf auk þess að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. sömu laga. Til viðkvæmra upplýsinga teljast m.a. upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Það atriði, sem hér er til úrlausnar, lýtur að því hvort lögmætt hafi verið að færa umræddar upplýsingar, þ.e. um ökuleyfissviptingu A, í skýrslu vegna umferðaróhapps sem hann lenti í hinn 12. maí 2005. Ekki liggur fyrir að umrædd færsla upplýsinganna í lögregluskýrslu hafi átt sér stoð í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000.

Auk framangreinds reynir í málinu á 11. gr. laga nr. 77/2000 um öryggi persónuupplýsinga. Þar kemur fram, í 1. mgr., að gera skal viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar, m.a. gegn óleyfilegum aðgangi. Fyrir liggur að umræddar upplýsingar færðust í lögregluskýrsluna úr ökuskirteinaskrá með sjálfvirkum hætti – en það leiddi síðar til þess að þær bárust [tryggingafélaginu] B. Samkvæmt því liggur ekki fyrir að umrædd vinnsla hafi uppfyllt skilyrði framangreinds ákvæðis.

Lögmæti þess að framangreint tryggingafélag fékk aðgang að umræddum upplýsingum ræðst af því hvort fullnægt hafi verið einhverju af skilyrðum 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, sbr. 3. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000, 3. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og i-lið 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Í framangreindu ákvæði reglugerðarinnar er mælt fyrir um að svo að miðla megi persónuupplýsingum

frá lögreglu til einkaaðila verði að vera fullnægt einu eftirfarandi skilyrða: (a) hinn skráði hafi samþykkt miðlunina, (b) til miðlunarinnar standi lagaheimild, (c) Persónuvernd hafi heimilað miðlunina eða (d) miðlunin sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu. Verður ekki séð að neinu þessara skilyrða hafi verið fullnægt.

Samkvæmt 3. og 9. tölul. 4. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 431/1998, sbr. 2. mgr. 52. gr. umferðarlagla nr. 50/1987, bera lögreglustjórar hver í sínu umdæmi ábyrgð á því að upplýsingar um ökuréttindi, þ. á m. um upphafs- og lokadag sviptingar ökuréttar, séu rétt færðar. Með vísun til framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að Lögreglunni í Reykjavík beri að bæta án tafar úr þeim ágöllum á upplýsingakerfi sem ollu því að upplýsingar um umrædda ökuleyfisviptingu færðust í skýrslu lögreglu um umrætt umferðaróhapp. Þá ber að breyta umræddri lögregluskýrslu þannig að ekkert komi fram í henni um að hann hafi eitt sinn verið sviptur ökuleyfi, sbr. og 25. gr. laga nr. 77/2000 um m.a. skyldu til eyðingar upplýsinga sem skráðar hafa verið án tilskilinnar heimildar og 12. gr. reglugerðar nr. 233/2001. Þar er kveðið á um að ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skuli lögregla sjá til þess að upplýsingar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða.“

Því var niðurstaða Persónuverndar sú að það að færa upplýsingar um að A hefði verið sviptur ökuleyfi í umrædda löggluskýrslu hefði ekki verið í samræmi við settar reglur. Skyldi án tafar bætt úr þeim ágöllum á upplýsingaöryggi sem ullu því að upplýsingarar færðust inn í skýrsluna. Þar eð mistök ullu því hins vegar að upplýsingarnar fóru á umrædda löggluskýrslu taldi Persónuvernd málið ekki gefa tilefni til frekari aðgerða. Var því hafnað kröfu A um að Persónuvernd legði hald á afrit af skírteinaskrá lögglustjóra og dómaskrá í því skyni að bera skrárnar saman til að athuga hvort of mikið af upplýsingum væri skráð og hvort samræmi væri í upplýsingaskráningu.



4. Erlent samstarf

4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

1. Fundur forstjóra norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Hurtigruten M/S Finnmarken í Noregi 1.-3. júní. Fundinn sóttu forstjóri og formaður stjórnar, Páll Hreinsson.
2. Fundur starfsmanna hjá persónuverndarstofnunum á Norðurlöndunum var haldinn í Kaupmannahöfn 13.-15. apríl. Fundinn sóttu Þórður Sveinsson og Ingvi Snær Einarsson.

4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

1. 11. fundur starfsmanna hjá evrópskum persónuverndarstofnunum var haldinn í Búdapest dagana 10. og 11. mars. Fundinn sótti Særún María Gunnarsdóttir.
2. 12. fundur starfsmanna hjá evrópskum persónuverndarstofnunum var haldinn í París dagana 17. og 18. nóvember. Fundinn sóttu Ingvi Snær Einarsson og Særún María Gunnarsdóttir.
3. Vinnuhópur samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB hélt fimm fundi á árinu. Forstjóri sótti fund sem haldinn var 23.-25. nóvember: Fyrir hans hönd sóttu tveir lögfræðingar hins vegar aðra fundi. Björn Geirsson sótti fund sem haldinn var 18. og 19. janúar og ennfremur fund sem haldinn var 22. og 23. júní. Þórður Sveinsson sótti fund sem haldinn var 29.-30. september. Fundur sem haldinn var 13. og 14. apríl var ekki sóttur.
4. Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Kraká í Póllandi dagana 25. og 26. apríl. Fundurinn var sóttur af forstjóra og Birni Geirssyni.
5. Sameiginlega Schengen-eftirlitsstofnunin (JSA) hélt fjóra fundi á árinu, 4. mars, 20. júní, 27. september og 13. desember. Björn Geirsson sótti fund sem haldinn var hinn 20. júní, en aðrir fundir voru ekki sóttir.

4.3. Alþjóðlegt samstarf

27. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í Montreux í Sviss dagana 14. og 16. september. Ráðstefnan var sótt af forstjóra og Særúnu Maríu Gunnarsdóttur.

4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (T-PD) hélt fund í Strassborg 2.-4. febrúar. Fundinn sótti Ingvi Snær Einarsson.

4.5. Erlent samstarf vegna ýmissa sérverkefna eða einstakra mála

Fundur um staðsetningarbúnað í farsímum var haldinn í Brussel 12. júlí. Fundinn sótti Þórður Sveinsson.

4.6. Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs

4.6.1. Um fund forstjóra norrænna Persónuverndarstofnana

Árlegur fundur forstjóra norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Hurtigrúten M/S Finnmarken í Noregi 1.-3. júní. Fundinn sóttu af hálfu Íslands forstjóri og formaður stjórnar. Á fundinum var m.a. rætt um merkustu viðburði í hverju einstöku ríki frá því síðasti fundur forstjóra var haldinn 2004, almennt um hvernig starfi persónuverndarstofnana er hagað, rafræna vöktun, vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu, réttinn til að ferðast nafnlaust, lífkenni í vegabréfum, samstarf persónuverndarstofnana, vinnslu persónuupplýsinga innan heilbrigðisstofnana og upplýsingaöryggi. Þá var ákveðið að eftirleiðis skyldu slíkir fundir aðeins haldnir annað hvert ár. Skyldi næsti fundur haldinn á Íslandi í ágúst 2007.

4.6.2. Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana

Vinnufundur löglærðra starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Kaupmannahöfn 13.-15. apríl. Fundinn sóttu f.h. Persónuverndar lögfræðingarnir Þórður Sveinsson og Ingvi Snær Einarsson. Rætt var á fundinum um merkustu viðburði í hverju einstöku ríki frá því síðasti fundur löglærðra starfsmanna var haldinn 2004, birtingu persónuupplýsinga á Netinu, undanþágur frá skyldunni til að fræða hinn skráða um vinnslu persónuupplýsinga, vinnslu persónuupplýsinga um fjarskipti, myndavélavöktun, eftirlit með launþegum, óumbeðinn tölvupóst með markaðssetningarskilaboðum, aðgerðaskráningu (log-skráningu) og tjónsatvikaskrár váttryggingafélaga, eftir atvikum sameiginlegar.

4.6.3. Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana

11. fundur starfsmanna hjá evrópskum persónuverndarstofnunum var haldinn í Búdapest í Ungverjalandi 10. og 11. mars. Fundinn sótti Særún María Gunnarsdóttir lögfræðingur. Á fundinum var m.a. rætt um svarta lista fjarskiptafyrirtækja yfir viðskiptavinum, um hvernig sem bestum árangri yrði náð í störfum persónuverndarstofnana, togstreituna milli einkalífsværndar og tjáningarfrelsis, vinnslu persónuupplýsinga innan heilbrigðiskerfisins, það hvernig vega skal hagsmuni af því að vinnsla persónuupplýsinga fari fram andspænis hagsmunum hins skráða af því að hún fari ekki fram (sjá 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. pul.), nýmæli á sviði persónuupplýsingaréttar og hvernig starfsmannafundunum skyldi hagað framvegis.

12. fundur var haldinn í París 17. og 18. nóvember. Fundinn sóttu Ingvi Snær Einarsson og Særún María Gunnarsdóttir lögfræðingar. Á fundinum var m.a. rætt um kvartanir sem persónuverndarstofnunum berast frá einstaklingum í öðrum löndum, meðferð kvartana hjá evrópska persónuverndarfulltrúanum (EDPS: European Data Protection Supervisor), meðferð kvartana yfir aðildarríkjum til framkvæmdastjórnar EB, vinnslu heilsufarusupplýsinga og aðgang hins skráða, váttryggingafélaga og vinnuveitenda að þeim, rafrænar heilsufarsskrár, til hverra miðla megi upplýsingum um heilsufar, starf undirhóps starfshóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB sem kannar hvernig best megi framfylgja reglum hennar, verklag við beitingu viðurlaga við brotum gegn persónuverndarlöggjöf, hvernig eftirfylgni fer fram af hálfu persónuverndarstofnana sem ekki hafa sérstakar viðurlagaheimildir, kvartanir yfir vinnslu persónuupplýsinga í bankakerfinu, bankaviðskipti á Netinu, eftirlit banka með viðskiptavinum í tengslum við áhættustýringu, nafnlausar tilkynningar starfsmanna fyrirtækja til yfirvalda um ólögmeitt atferli annarra starfsmanna, vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við jákvæða mismunun til að tryggja fjölbreytni á vinnustöðum, vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við baráttu gegn höfundaréttarbrotum á Netinu, pólitíska markaðssetningu, skrár félagsþjónustustofnana, öruggt verklag við gagnaeyðingu, birtingu upplýsinga um skattálagningu í tengslum við fréttamennsku og það hvernig persónuverndarstofnanir kynna starfsemi sína.

4.6.4. Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk löggjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður fulltrúum eftirlitsfirvalda í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þ. á m. Íslandi. Á árinu 2005 voru haldnir fimm fundir: 49. fundur, 18. og 19. janúar; 50. fundur, 13. og 14. apríl; 51. fundur, 22. og 23. júní; 52. fundur, 29. og 30. september; og 53. fundur, 23.-25. nóvember. Persónuvernd sendi fulltrúa á 49., 51., 52. og 53. fund. Vegna anna stofnunarinnar reyndist hins vegar ekki unnt að senda fulltrúa á 50. fund.

Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsfirvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru síðan samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og á fundi hennar sendir Ísland ekki áheyrnarfulltrúa.

Þau álit, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2004, má finna á vefslóðinni http://ec.europa.eu/justice_home/fsj/privacy/workinggroup/wpdocs/2005_en.htm, en einnig má finna þar ýmis önnur skjöl, þ. á m. ársskýrslur. Álitin eru sem hér greinir:

Álit nr. 1/2005 um það verndarstig sem Kanada tryggir vegna miðlunar farþegaupplýsinga frá flugfélögum. – Þetta álit var gefið út 19. janúar af tilefni krafna Kanada, með vísan til þarlendra laga, um upplýsingar um flugfarþega, og hefur að geyma mat vinnuhópsins á því hvort upplýsingunum sé veitt fullnægjandi vernd. Árið 2004 hafði einnig verið gefið álit um þetta mál (álit nr. 3/2004 sem fjallað er um í ársskýrslu Persónuverndar fyrir það ár, bls. 121-122). Í álitinu kemur fram að upplýsinganna á að vera aflað á þann veg að flugfélögin veiti þær kanadískum yfirvöldum í stað þess að þau fái beinan aðgang inn í gagnagrunna þeirra og sækji þær sjálf. Fagnar vinnuhópurinn þessu, sem og því að tilgangur vinnslunnar hafi verið þrengdur frá sem áður var og tengist nú mjög skýrlega baráttunni gegn hryðjuverkum. Þá telur vinnuhópurinn að sá fjöldi tegunda upplýsinga, sem fyrirhugað sé að sækja, þ.e. 25, sé málefnalegur, en fram kemur að áður átti að afla 38 upplýsingategunda, þ. á m. viðkvæmra persónuupplýsinga og upplýsinga sem kæmu fram í fjálsfum textareitum. Auk þess kemur fram í álitinu að varðveislutími upplýsinganna verði þrjú og hálf ár í stað sex ára og telur hann það mikla framför, m.a. í ljósi þess að eftir því sem á líði verði lengra gengið í því að varðveita upplýsingar án persónuauðkenna en þau þess í stað höfð á greiningarlykli sem varðveittur verði aðskilinn frá upplýsingunum. Þá muni eftir tvö ár þurfa sérstaka heimild til þess að nota greiningarlykilinn.

Í álitinu er einnig vikið að heimild til að miðla upplýsingum frá þeim yfirvöldum sem eiga að fá þær í hendur, þ.e. Landamærastofnun Kanada (CNSA: Canada Border Services Agency, sem tekur við af CCRA og CIC, sjá ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2004, bls. 121). Segir að fyrirætlanir þar að lútandi hafi breyst mikið og sé nú aðeins gert ráð fyrir miðlun lágmarksupplýsinga í afmörkuðum tilvikum sem tengist beint baráttunni gegn hryðjuverkum og tengdum glæpum. Auk þess verði, þegar metið verði hvort miðla eigi upplýsinga til annarra landa, litið til þess hvaða vernd verði veitt þeim þar. Verði það eingöngu lönd, sem fari að tilskipun 95/46/EB, eða séu viðurkennd af EB sem lönd, sem veiti fullnægjandi persónuupplýsingavernd, sem geti fengið upplýsingar í hendur. Fagnar vinnuhópurinn þessu.

Auk framangreinds er í álitinu vikið að réttindum hins skráða. Kemur fram að fyrirhugað sé að veita farþegum fræðslu um m.a. þau yfirvöld sem beri ábyrgð á vinnslunni, hvaða upplýsingum sé safnað, tilgang vinnslunnar og hvernig koma megi á framfæri kvörtunum. Segir að þetta sé í samræmi við þá ósk vinnuhópsins að farþegum verði veittar nánari upplýsingar. Einnig kemur fram að ekki verði gert að skilyrði – eins og almennt er gert að kanadískum persónuupplýsingalögum – að einstaklingar verði að vera staddir í Kanada til að njóta réttar til vitneskju um vinnslu

persónuupplýsinga um sig, leiðréttingar og tilkynninga um það þegar aflað sé persónuupplýsinga. Vísað er til þess að hefja eigi vinnu við að finna leiðir til að breyta kanadískum persónuupplýsingalögum á þann veg að þetta verði mögulegt. Er lögð áhersla á að einstaklingar frá ESB njóti sömu réttinda í þessum efnum og kanadískir ríkisborgarar og að lögunum verði breytt eins fljótt og mögulegt sé.

Í ljósi alls framangreinds, sem og þess að fram eigi að fara sameiginleg úttekt ESB og Kanada á því að farið sé að öllum skuldbindingum, telur vinnuhópurinn fullnægjandi vernd vera veitta umræddum upplýsingum við miðlun þeirra til Kanada og aðra vinnslu í því sambandi.

Álit nr. 2/2005 um tillögu að reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins varðandi tölvukerfi fyrir dvalarleyfi (VIS: Visa Information System) og miðlun upplýsinga milli aðildarríkja um tímabundin dvalarleyfi. – Þetta álit var gefið út 23. júní. Þar segir að sú fyrirætlan að setja upp miðlægan, evrópskan gagnagrunn með upplýsingum um tímabundin dvalarleyfi, auk fyrirhugaðrar miðlunar slíkra upplýsinga varðandi gríðarmikinn fjölda einstaklinga milli aðildarríkja, vekur upp mikilvægar spurningar varðandi vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs. Farið er yfir uppbyggingu gagnagrunnsins, þ.e. að hann verði miðlægur og að hvert land hafi sitt viðmót sem unnt verði að tengja sig inn á í öllum viðeigandi stofnunum og landamærastöðvum í landinu. Í gagnagrunninum verði m.a. lífkenni, þ. á m. fingraför umsækjenda um dvalarleyfi, auk ljósmynda og tenginga á milli einstakra umsókna. Skráðar verði upplýsingar um 20 milljón einstaklinga á hverju ári og miðað við fimm ára varðveislutíma upplýsinga megi gera ráð fyrir að á hverjum tíma verði fingraför 70 milljón einstaklinga í gagnagrunninum. Í þessu sambandi er minnt á álit vinnuhópsins nr. 7/2004, en það tengist þessu máli (sjá ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2004, bls. 126-127).

Nefnt er í álitinu að jafnstórt upplýsingakerfi hafi aldrei orðið til innan ESB og vakin athygli á þeim hættum gegn friðhelgi einkalífs sem stafa af fyrirætlunum um tengingu upplýsingakerfisins við SIS-II, þ.e. hinn miðlæga gagnagrunn Schengen-upplýsingakerfisins (sjá kafla 4.6.6 hér á eftir) og Eurodac-gagnagrunninn þar sem varðveittar eru upplýsingar um fingraför útlendinga.

Segir í álitinu að virða verði ákvæði 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og tilskipun 95/46/EB. Umrædd vinnsla persónuupplýsinga verða að byggjast á knýjandi þörf en ekki aðeins því að hún geti verið gagnleg og gæta verði meðalhófs í ljósi tilgangsins með vinnslunni. Það hver sé tilgangurinn sé grundvallaratriði við mat á því hvort vinnslan sé málefnaleg og í því sambandi er minnt á þær grundvallarreglur 6. gr. tilskipunarinnar að tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga skal vera skýr, yfirlýstur og málefnalegur; að ekki má vinna með upplýsingar í þágu tilgangs, sem er ósamrýmanlegur upphaflegum tilgangi; og að upplýsingar skulu ekki unnar umfram það sem er nauðsynlegt í þágu þess tilgangs. Virðist vinnuhópnum sem þau markmið séu málefnaleg að berjast gegn svikum í tengslum við umsóknir um dvalarleyfi og koma í veg fyrir að farið sé fram hjá reglum um hvaða ríki skal afgreiða umsóknir. Hins vegar er það markmið talið nokkuð víðtækt að upplýsingar séu notaðar til að berjast gegn ógnum við innra öryggi og er minnt á að þegar eru til staðar úrræði til slíks (sjá t.d. SIS-II). Þá er m.a. talið að þau markmið að auðvelda athugun á landamærum og að auðvelda auðkenningu ólöglegra innflytjenda, sem síðan eru sendir til heimalandsins, samrýmist ekki 8. gr. mannréttindasáttmálans, enda sé ekki gert ráð fyrir þeim í laga- legum grundvelli tillögunnar um umrætt upplýsingakerfi, þ.e. greinum 62.b og 66 í Evrópusambandsáttmálanum. Nefnt er að tilgangurinn er mismunandi fyrir einstakar vinnsluáðgerðir (sem dæmi um mismunandi tilgang má nefna það að kanna umsóknir, að auðvelda samstarf stofnana, að auðvelda gerð tölfraðiskýrslna og að auðkenna tiltekna einstaklinga). Skoða verði hvort ekki beri að endurmeta þetta til að tryggja að farið sé að meginreglum tilskipunar 95/46/EB um tilgang vinnslu. Þá er minnt á að afmarka verði tilgang með nákvæmum hætti.

Fram kemur að vinnuhópurinn telur vissar tegundir upplýsinga geta verið sérlega viðkvæms eðlis og að beita verði vönduðum aðferðum til að afmarka hvaða upplýsingar séu raunverulega nauðsynlegar. Það hvar umsækjandi sé fæddur skipti engu máli í ljósi tilgangs vinnslunnar og geti leitt til mismununar einstaklinga af sama þjóðerni af þeirri ástæðu einni að þeir séu ekki fæddir í sama landinu. Nefnt er að heilsufarsástæður eiga, samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum, að geta leitt til þess að umsækjanda sé neitað um dvalarleyfi og eigi það sér ekki stöð í þeim Schengen-reglum sem umrædd tillaga byggist á. Eigi það því að vera komið undir hverju og einu ríki hvort heilsufarsástæður leiði til synjunar. Er í ljósi þess lagt til að ákvæði um heilsufarsástæður verði felld brott eða það a.m.k. tilgreint nánar hverjar þessar ástæður skuli vera. Einnig nefnir vinnuhópurinn að tengingar milli umsókna, sem fyrirhugað sé að hafa í upplýsingakerfinu, leiði til hættu á að upplýsingar komist í hendur fleiri en á þeim þurfa að halda og er hvatt til að tekið verði á slíku. Sérstaklega er vikið að fyrirætlunum um skráningu lífkenna og mælt til þess að sérlega vel sé farið ofan í saumana á því hvort vinnsla þeirra sé lögmæt, m.a. vegna þess mikla skaða sem orðið getur á hagsmunum umsækjenda ef lífkenni þeirra tynast eða eru notuð til annars tilgangs en þeirra var aflað í. Þá er minnt á hættuna á mistökum við samanburð fingrafara og fingrafaraupplýsinga sem gætu orðið til þess að fólki yrði að ósekju neitað um að komast inn í aðildarríki. Tryggja verði að fingrafaraupplýsingar verði fullkomlega áreiðanlegar og taka verði tillit til þess að sumir geta ekki veitt fingrafaraupplýsingar, s.s. þeir sem hafa misst fingur eða hafa orðið fyrir skaða á fingrum. Mælt er til þess að fingraför verði aðeins skráð í hinn miðlæga gagnagrunn þegar slíkt sé algjörlega nauðsynlegt, t.d. þegar um er að ræða synjun á umsókn vegna alvarlegra atvika.

Auk framangreinds segir að reglurnar um umrætt upplýsingakerfi eigi ekki að ná til einstaklinga sem séu löglega búsettir í einhverju aðildarríkjanna. Fram kemur að skrá á hvort einstaklingur tilheyri einhverjum tilteknum hópi og segir að útskýra verði nánar hvað í því felist. Gerðar eru athugasemdir við fyrirætlanir um að skrá upplýsingar um þá sem bjóða fólki til aðildarríkis eða þurfa að borga kostnað af dvöl þess. Segir að þær geti haft gildi í einstökum málum, en of langt gangi að skrá þær í tengslum við allar umsóknir eins og fyrirhugað sé. Auk þess er óskað eftir nákvæmum lista yfir þá sem eigi að hafa aðgang að upplýsingakerfinu. Þá er m.a. mælt til þess að þegar öðrum yfirvöldum en þeim sem eru ábyrg fyrir útgáfu dvalarleyfis sé veittur aðgangur að upplýsingakerfinu skuli það tengjast þeim grundvallarmarkmiðum sem hin sameiginlega dvalarleyfastefna byggist á.

Sérstaklega er bent á að til persónugreiningar ætti almennt að vera nóg að varðveita upplýsingar um fingraför í skilríkjunum sjálfum. Ekki ætti því að þurfa að varðveita þau í sérstökum gagnagrunni. Ætti aðeins að veita aðgang að umræddu upplýsingakerfi þegar ekki hefur tekist að persónugreina viðkomandi einstakling með samanburði fingrafara og skilríkja og slík persónugreining er nauðsynleg. Aðeins tilteknir starfsmenn ættu að hafa slíka persónugreiningu með höndum. Bent er á að í vissum tilvikum er fyrirhugað að hún fari fram innan landsvæðis aðildarríkis en ekki á landamærum. Tiltaka þurfi sérstaklega hvaða yfirvöld það séu sem þá hafi hana með höndum.

Einnig er m.a. vakin athygli á hættum vegna fyrirhugaðrar tengingar á milli SIS-II og umrædds upplýsingakerfis. Skýrt þurfi að vera að slíkt leiði ekki til þess að upplýsingar séu notaðar í tilgangi, sem ekki sé skýr og málefnalegur, og að stofnanir, sem ekki hafa þörf á umræddum upplýsingum, geti fengið aðgang að þeim.

Því er fagnað að afmarkaður sé sérstakur varðveislutími, þ.e. fimm ár, en þó er mælt til þess að varðveislutíminn sé afmarkaður nánar þannig að hann miðist við þær mismunandi aðstæður sem upplýsingar eru notaðar við. Sem dæmi er nefnt að upplýsingar um svik í tengslum við umsóknir ætti að geta talist málefnalegt að varðveita lengur en upplýsingar um þá sem í öllu hafa farið að lögum. Þá virðist vinnuhópnum það ómálefnalegt að varðveita upplýsingar um dvalarleyfi til minna en þriggja

mánaða lengur en í tvö ár. Aldrei eigi að varðveita upplýsingar lengur en í fimm ár og upplýsingar um fólk, sem hefur verið neitað um dvalarleyfi, ætti almennt ekki að varðveita lengur en í nokkrar vikur eða mánuði. Þá segir m.a. að hafi einstaklingi verið neitað um dvalarleyfi af heilsufarsástæðum ætti að eyða upplýsingum um leið og þær ástæður eru ekki lengur til staðar.

Farið er yfir réttindi hins skráða og er lögð áhersla á að hann fái viðeigandi fræðslu, s.s. um varðveislutíma og réttindi sín, að hann hafi rétt til aðgangs að upplýsingum sem sig varða og til leiðréttingar upplýsinga. Einnig er lögð áhersla á fullnægjandi upplýsingaöryggi og farið yfir hverjir beri ábyrgð á upplýsingakerfinu. Segir að hvert aðildarríki skuli teljast ábyrgðaraðili að upplýsingum sem það skráir í hinn miðlæga gagnagrunn, en ekki sé nægilega skýrt hvert sé hlutverk framkvæmdastjórnar EB. Ætti hún hins vegar einnig að geta talist ábyrgðaraðili í vissum tilvikum. Nefnt er að persónuverndarstofnanir aðildarríkja hafi eftirlit að því er þau varði og evrópski persónuverndarfulltrúinn (EDPS: European Data Protection Supervisor) að því er framkvæmdastjórnina varði.

Að lokum er mælt til þess að texta draganna að umræddri reglugerð sé breytt í ljósi þeirra athugaðs sem vinnuhópurinn gerir.

Álit nr. 3/2005 um innleiðingu reglugerðar Ráðsins nr. 2252/2004 frá 13. desember 2004 um staðla um lífkenni og öryggi þeirra í vegabréfum og ferðaskilríkjum útgefnum af aðildarríkjum. – Þetta álit var gefið út 30. september 2005, en einnig var gefið út álit á árinu 2004 sem tengist því náði (álit nr. 7/2004, sjá ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2004, bls. 126-127). Fram kemur að í reglugerðinni, sem til umfjöllunar er í fyrrnefnda álitinu, er mælt fyrir um upplýsingar um tvenns konar lífkenni í vegabréfum og ferðaskilríkjum, þ.e. bæði upplýsingar um andlitsfall og fingraför. Fyrrnefndu upplýsingar skuli varðveittar í 18 mánuði í mesta lagi og þær síðarnefndu í 36 mánuði í mesta lagi.

Í álitinu er vísað til yfirlýsingar 27. alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana í Montreux, Sviss, um lífkenni í vegabréfum (sjá kafla 4.6.7 hér á eftir). Nefnt er hvenær taka þarf upp umrædd lífkenni, þ.e. vegabréf með upplýsingum um andlitsfall skuli tekin upp 28. ágúst 2006 og vegabréf með upplýsingum um fingraför 28. febrúar 2008. Þá skuli ný vegabréf vera gefin út með upplýsingum um andlitsfall frá haustinu 2005, en auk þess séu uppi hugmyndir hjá ríkjum, sem gefa út nafn-skráteini, um að setja í þau upplýsingar um lífkenni.

Vinnuhópurinn minnir á að umræddar upplýsingar geta haft víðtækar afleiðingar fyrir handhafa vegabréfa. Nefnd eru síðferðileg álitaefni sem tengjast því að upplýsingar um lífkenni geta ekki legið fyrir um alla (það á t.d. við þegar fólk hefur ekki fingraför, s.s. ef það hefur misst finger), auk þess sem slíkar upplýsingar séu ekki fullkomlega áreiðanlegar. Gæta verði að mannlegri virðingu þeirra sem ekki notast við skilríki eins og þau sem hér um ræðir. Minnt er á að upplýsingar um líkama fólks geta talist viðkvæmar, sem og að upplýsingar um lífkenni, t.d. fingraför, hafa hingað til einkum notaðar í tengslum við rannsókn sakamála. Spurning sé hvort fólk sætti sig við að þær séu einnig notaðar í þágu annarra markmiða. Þá er nefnt að svo kunni að fara að það verði einkum þeir sem eiga erfitt með að sýna fram á hverjir þeir eru, t.d. innflytjendur, sem könnun lífkenna beinist að; kemur fram sú afstaða að í því geti falist mismunur. Einnig er þess getið að þetta kunni að koma illa við fólk sem kunni að eiga erfitt með að undirgangast próf til könnunar á lífkennum. Auk þess geti fingraför borið með sér viðkvæmar upplýsingar um sjúkdóma því að sumir sjúkdómar, t.d. lekandi og brjóstakrabbamein, virðist skilja eftir sig ummerki í fingraförum.

Vísað er til þess að 2. desember 2004 hafi Evrópuþingið samþykkt ályktun um bann við miðlægum, evrópskum gagnagrunni með upplýsingum um vegabréf og ferðaskilríki. Styður vinnuhópurinn þessa ályktun. Hætt sé við því að gagnagrunnur sem þessi brjóti gegn meginreglunni um meðalhóf. Minnt er á að aðeins þær stofnanir, sem þess þurfa og fara með vald á umræddu sviði, ættu að hafa

aðgang að umræddum upplýsingum og að allur óleyfilegur aðgangur sé óásættanlegur. Tekið er undir þá kröfu Evrópuþingsins að hvert aðildarríki skuli koma sér upp lista yfir framangreindar stofnanir. Í þeim tilvikum þegar stofnun synji einstaklingi inngöngu í aðildarríki eða um tiltekin réttindi skuli viðkomandi einstaklingi kynntar ástæður þess og hver réttindi hans séu.

Nokkuð er farið inn á tæknilegu hliðina og kemur fram sú afstaða að sú örflaga, sem geyma á umræddar upplýsingar í vegabréfi, sé ekki nægilega örugg. Um sé að ræða örflögur í samræmi við ISO-staðal 14443 með rafrænum staðsetningarbúnaði (RFID: Radio Frequency Identification) sem sendi frá sér útvarpsbylgjur. Þær megi hlera og þannig komast yfir upplýsingar með ólögmatum hætti. Telur vinnuhópurinn að til að öryggi verði tryggt þurfi sérstakt kerfi til að staðfesta upplýsingar þannig að ekki geti leikið á því vafi hverjum þær tilheyri (hann leggur til svonefnt PKI-kerfi (PKI: Public Key Infrastructure)). Auk þess er lagt til að notast verði við búnað sem nefndur er PP (Protection Profile) í samræmi við ISO-staðal 15408 (þetta er staðall um upplýsingaöryggi sem nefndur er CC eða „Common Criteria“).

Viðraðar eru efasemdir um að sú aðferð, sem gert er ráð fyrir að notuð sé til að tryggja öryggi upplýsinga um andlitsfall, sé nægilega örugg, þ.e. svonefndur BAC-búnaður (BAC: Basic Access Control). Þessi búnaður sé byggður á upplýsingum í þeim hluta vegabréfs sem nefnist MRZ (Machine Readable Zone), s.s. nafni, fæðingardegi og númeri skilríkja, sem og útgáfudegi. Þegar keyptir séu miðar á vissa viðburði, t.d. leiki á heimsmeistarakeppninni í fótbolta, þurfi að gefa upp þessar upplýsingar á Netinu og kemur fram sú afstaða að með því að gera upplýsingar aðgengilegar verði unnt að komast að kóðanum sem vegabréf byggjast á og notaður er til að nálgast upplýsingar um lífkenni. Óttast er að þegar einkafyrirtæki fari að taka afrit af vegabréfum og nafnskírteinum sem tryggingu fyrir greiðslu skulda kunni kóðinn að verða aðgengilegur á Netinu. Til viðbótar framangreindu er vísað til þess að ekki er lögskilylt að nota umræddan öryggisbúnað. Hið sama gildi um búnað sem gert er ráð fyrir að sé notaður til að tryggja öryggi fingrafara („þessi búnaður er nefndur Extended Access Control“), en auk þess liggja ekki fyrir um hann nægar upplýsingar til að hægt sé að meta öryggi hans.

Álit nr. 4/2005 um tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins um varðveislu upplýsinga sem unnið er með í tengslum við veitingu rafrænnar fjarskiptahjónustu og um breytingar á tilskipun 2002/58/EB um einkalífsvernd í fjarskiptum. – Í þessu álit, sem gefið var út 21. október, er þess getið að frelsi til samskipta og leynd bréfaskipta séu meðal undirstaðna nútímasamfélags. Verði tillagan að umræddri tilskipun samþykkt feli það í sér sögulega ákvörðun, þ.e. í fyrsta sinn komist á skylda til að varðveita, í þágu rannsókna sakamála, gríðarmikið magn af upplýsingum um samskipti borgaranna. Samkvæmt núverandi Evrópulöggjöf séu slíkar upplýsingar í tengslum við fjarskipti aðeins varðveittar tímabundið af fjarskiptafyrirtækjum og þá aðeins í viðskiptalegum tilgangi (þ.e. til að geta innheimt gjöld fyrir notkun þjónustu). Ljóst sé að frekari varðveisla þessara upplýsinga skerði réttinn til trúnaðar um samskipti við annað fólk samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Minnt er á að Evrópudómstóllinn hefur (í dómi frá 21. september 2005) lýst þeirri afstöðu sinni að leynilegt eftirlit geti jafnvel eyðilagt lýðræðisþjóðfélagið. Þá hafi hann tekið fram að ekki sé leyfilegt að grípa til hvaða úrræða sem er vegna baráttu gegn nýsnum og hryðjuverkum (dómur í máli Klass gegn Þýskalandi). Í ljósi þessa þurfi allar skerðingar á umræddum rétti að byggjast á knýjandi þörf, auk þess sem þær skuli aðeins leyfilegar í undantekningartilvikum og skuli þær þá háðar viðeigandi takmörkunum. Varðveisla umræddra upplýsinga í þágu löggæslu – en meðal þeirra eru staðsetningarupplýsingar – skuli háð ströngum skilyrðum. Jafnvægi þurfi að ríkja á milli heimilda lögreglu og sjónarmiða um friðhelgi einkalíf þannig að slíkar heimildir grafi ekki undan þeirri þjóðfélagsskipan sem leitast sé við að vernda.

Minnt er á að þegar varðveita á mikið magn persónuupplýsinga í rannsóknaskyni verði markmið slíkrar varðveislu að vera mjög skýrt og sönnur verði að vera á það færðar að varðveislunnar sé raunverulega þörf. Ákveða þurfi hámarksvarðveislutíma og undir hvaða kringumstæðum yfirvöld geti

fengið aðgang að upplýsingum og notað þær í þágu baráttu gegn hryðjuverkum. Hafa verði í huga að varðveisla upplýsinga geti haft í för með sér að hryðjuverkamenn breyti aðferðum sínum á þann veg að aðgerðir þeirra truflist ekki af varðveislunni. Bent er á þá hættu að slíkt geti leitt til varðveislunni persónuupplýsinga á stöðugt fleiri sviðum og þannig hefjist þróun með sífellt meiri skerðingum á fríðhelgi einkalífs sem erfitt geti reynst að stöðva. Í þessu sambandi er tekið fram að einhlítar sönnur hafi ekki færðar fyrir því að umrædd varðveisla byggist á fullnægjandi ástæðum. Þá segir að önnur úrræði en slík varðveisla, sem hér um ræðir, geti komið til greina, t.d. að þegar til þess séu góðar og gildar ástæður geti lögregla skyldað fjarskiptafyrirtæki til að varðveita tilteknar upplýsingar sem gildi hafi fyrir tiltekið mál. Lögregla fái því næst nokkurra vikna frest til að afla sér dómsúrskurðar fyrir aðgangi að gögnum og geti, að slíkum úrskurði fengnum, fengið þau í hendur. Hvað sem öðru líði eigi varðveislutími gagna að vera eins stuttur og mögulegt sé.

Tekið er fram að skýrt þurfi að vera að um sé að ræða hámarksvarðveislutíma og að einstök aðildaríki eigi þannig ekki að geta ákveðið að varðveita upplýsingar lengur. Því er fagnað að gert sé ráð fyrir úttekt á umræddri varðveislunni á tveggja ára fresti og mælt til þess að í slíkri úttekt verði þörf á varðveislunni og gildi hennar í einstökum málum metin. Persónuverndarstofnanir eigi að fá að taka þátt í slíkri úttekt og niðurstöður hennar skuli birtar. Auk þess er lagt til að í tilskipuninni, eftir að hún hafi verið lögtekin, og lögum samþykktum á grundvelli hennar, verði svonefnt sölsetursákvæði, þ.e. ákvæði um að eftir þrjú ár falli viðkomandi löggjöf úr gildi. Þá er lagt til að búinn verði til listi yfir þær upplýsingar sem heimilt sé að varðveita. Segir að ekki ætti að varðveita aðrar upplýsingar en þær sem nauðsynlegar eru vegna fjarskiptaumferðar og reikningsgerðar. Mikilvægt sé að ákvarða aðgangshemildir og tilgang varðveislunnar, sem og að hafa eftirlit með því að farið sé að öllum reglum um meðferð upplýsinga. Setja verði ýmsa varnagla sem lúti m.a. að tilgangi vinnslunnar, sem skuli afmarkaður við hryðjuverk og skipulagða glæpastarfsemi fremur en óskilgreinda „alvarlega glæpi“; því að allar aðgerðir í tölvukerfum, þar sem upplýsingar eru varðveittar, séu skráðar þannig að þær megi rekja í atburðaskrá (log-skrám); því að aðgangur skuli í hvert og eitt sinn heimilaður af dómstóli; og því að aðgangur annarra þriðju aðila en löggæslustofnana skuli vera óheimill.

Álit nr. 5/2005 um notkun staðsetningarupplýsinga í fjarskiptaþjónustu. – Í þessu álit, sem gefið var út 25. nóvember, er þess getið að á síðustu 20 árum hafi notkun staðsetningarupplýsinga aukist stórlega, annars vegar vegna notkunar á upplýsingum frá gervihnöttum og hins vegar vegna hinnar miklu útbreiðslu farsímatækninnar. Upplýsingar um staðsetningu, sem safnast vegna farsímanotkunar, hafi um nokkurt skeið verið álitnar tekjulind. Hafi þær því verið teknar í notkun í slíku skyni. Fyrst hafi einstaklingum þannig verið boðið upp á þá þjónustu að geta notað símann sinn til að vísa sér veginn að t.d. næsta veitingastað eða næstu lyfjabúð, en slíkt gerist með því að upplýsingar um staðsetningu eru notaðar til að sýna hvar næsta þjónustufyrirtæki af tilteknu tagi er að finna. Því næst hafi verið farið að nota síma til að sýna notendum þeirra stöðugt hvar þeir væru staddir með innbyggðu korti. Nú sé komið að því að staðsetningarupplýsingar séu ekki aðeins notaðar að frumkvæði viðkomandi notenda sjálfra hverju sinni heldur af öðrum sem vilja komast að því hvar þeir eru staddir.

Fram kemur að þau lög, sem um þetta gildi, eru þau lög þar sem viðkomandi fjarskiptafyrirtæki hefur staðfestu en ekki þar sem viðkomandi fjarskiptanotandi er ríkisborgari, sbr. 3. gr. tilskipunar 2002/58/EB um einkalífsvernd í fjarskiptum. Sé um að ræða fjarskiptafyrirtæki utan EES-svæðisins megi aðeins senda þangað upplýsingar um notanda, sem þar er staddur, að því gefnu að einhverju af skilyrðum IV. kafla tilskipunar 95/46/EB fyrir flutningi persónuupplýsinga úr landi sé fullnægt (sbr. 29. og 30. pul.).

Lögð er áhersla á að hinum skráða sé veitt fræðsla, s.s. hvert það fjarskiptafyrirtæki, sem vinnur með upplýsingar um hann, sé; tilgang vinnslunnar; tegund þeirra fjarskiptaupplýsinga, sem unnið er með; hvort þriðji aðili muni fá upplýsingar í hendur; rétt til frekari vitneskju um vinnsluna; og rétt til að

draga samþykki sitt til vinnslu staðsetningarupplýsinga til baka. Bæði sé hægt að veita fræðslu í eitt skipti fyrir öll og í hvert sinn sem þjónusta sé veitt. Í fyrrnefnda tilvikinu er mælt með því að hinum skráða sé ávallt veitt færi á að kynna sér allar upplýsingar um vinnsluna með einföldum hætti, s.s. með því að fara inn á tiltekna heimasíðu eða hringja í tiltekið númer.

Auk framangreinds er lögð áhersla á að aflað sé upplýsts samþykkis. Allar upplýsingar um þjónustu skuli veittar áður en hún hefst. Verði það gert, þá feli símtal í tiltekið númer til að komast að því hvernig t.d. veðrið verði á þeim stað, þar sem notandinn er staddur, í sér samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Samþykki skuli aflað af viðkomandi fjarskiptafyrirtæki eða þriðja aðila, enda sé það stundum annað fyrirtæki en viðkomandi fjarskiptafyrirtæki sem veitir fjarskiptaþjónustu. Þar sem þriðju aðilum, sem veita staðsetningarþjónustu, fer stöðugt fjölgandi er lagt til að fjarskiptafyrirtæki geri þjónustuna miðlæga þannig að beiðnir um staðsetningarþjónustu lendi allar á sama stað en séu síðan sendar út til þriðju aðila; þannig megi koma málum þannig fyrir að þriðji aðilinn veiti staðsetningarþjónustu í gegnum fjarskiptafyrirtækið og þurfi því ekki að fá upplýsingar um hvaða einstaklingar það eru sem biðja um staðsetningu hverju sinni. Með þessum hætti megi nota samræmda dulkóðun á persónuauðkennum.

Mælt er til þess að tryggt verði að sá sem biður um þjónustu sé sá sem hann segist vera, þ.e. með því að senda skeyti í síma viðkomandi einstaklings eftir að samþykkis hefur verið aflað og, sé það nauðsynlegt, biðja um staðfestingarskeyti. Hefur þetta þann tilgang að koma í veg fyrir að óviðkomandi biðji um staðsetningarþjónustu með því að fara í síma fjarskiptanotanda og senda beiðni án þess að hann viti af því.

Þessu næst ræðir nánar um samþykki fræðslu og segir að ávallt verði að vera hægt að afturkalla það. Þá segir að til að fræðsla sé fullnægjandi þurfi hún að vera veitt reglulega, þ.e. ekki aðeins þegar notendur gerast áskrifendur að fjarskiptaþjónustu heldur einnig þegar þeir nota hana. Sé um að ræða viðvarandi notkun fjarskiptaupplýsinga skuli fræðsla veitt reglulega.

Um varðveislutíma segir að upplýsingum skuli almennt eytt þegar staðsetningarþjónusta hafi verið veitt nema þær séu nauðsynlegar vegna gjaldtöku og reikningsgerðar. Vilji fjarskiptafyrirtæki eiga á skrá hvernig notum fjarskiptaþjónustu hafi verið háttað verði að gera upplýsingar nafnlausar. Gæta verði að öryggi gagna, þ. á m. með því að skrá aðgang að upplýsingum í atburðaskrár (log-skrár).

Nokkuð er rætt um þá þjónustu sem foreldrum er veitt að geta séð hvar börn þeirra eru stödd með notkun upplýsinga um staðsetningu farsíma. Geti það t.d. verið gert í ljósi ótta við glæpi gegn börnum eða þess að barnið sé með tiltekinn sjúkdóm. Vinnuhópurinn hvetur til þess að ekki sé aðeins litið á þetta mál í ljósi viðhorfs foreldra heldur einnig barna og vitnar í því sambandi til 3. og 18. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að ávallt skuli haft að leiðarljósi hvað þjóni hagsmunum barnsins best. Einnig er vísað til 16. gr. sáttmálans um einkalífssrétt barna. Bent er á þá hugsanlegu hættu að notkun staðsetningartækni með umræddum hætti geti orðið til að skaða traust milli foreldra og barna og koma í veg fyrir að börn geti orðið sjálfstæð eftir því sem tíminn líður. Þá er spurt hvort umrædd notkun staðsetningartækni geti ekki orðið til þess að foreldrar ræki ekki hlutverk sitt af sömu ábyrgð og ella í ljósi falsks öryggis, sem og til að venja einstaklinga við að vera undir stöðugu eftirliti frá unga aldri. Auk þess er bent á hættuna á að foreldrar rugli því saman að vita um staðsetningu farsíma barna sinna og hvað þau séu í raun að gera. Hvetur vinnuhópurinn til að varúðar sé gætt í þessum efnum og bendir m.a. á að tryggja þarf að aðeins foreldrar viðkomandi barns geti notað umrædda þjónustu.

Að lokum er vikið að notkun umræddrar þjónustu til að staðsetja launþega, sem og annars konar

staðsetningarbúnaðar sem nota má í slíku skyni, s.s. ökusirita eða staðsetningarbúnaðar sem settur er á hlut sem notaður er við störf viðkomandi launþega. Upplýsingar um staðsetningu gætu í tilvikum sem þessum fengist bæði með notkun GPS-tækni og örflagna sem gefa frá sér útvarpsbylgjur (RFID: Radio Frequency Identification).

Bent er á að þegar fylgst er með staðsetningu launþega vakna upp spurningar um skilsmuninn milli vinnu og einkalífs og það hversu langt er hægt að ganga í að láta launþega þurfa að sæta eftirliti og viðvarandi vöktun. Tekið er fram að lögmæti slíks ætti ekki að byggjast alfarið á samþykki og viðræðar eru efasemdir um að samþykki væri í raun gefið af fúsum og frjálsum vilja. Tilgangurinn þurfi að vera sá að bregðast við einhverri tiltekinni þörf í viðkomandi starfsemi. Vinnsla staðsetningarupplýsinga geti verið t.d. réttlætunleg þegar verið er að fylgjast með flutningum á vörum eða fólki, til að stýra dreifingu á aðföngum vegna starfseminnar eða til að gæta öryggis launþegans sjálfs eða þeirra vara eða fólks sem hann sér um að flytja. Bent er á að of langt sé gengið að viðhafa eftirlit, eins og hér um ræðir, þegar starfsmenn ráða því sjálfir hvernig þeir haga ferðum sínum í störfum sínum eða þegar aðeins er verið að fylgjast með því hvernig þeir sinna starfi sínu og það er hægt er eftir öðrum leiðum. Þá segir að hvað sem öðru líði eigi ekki að afla upplýsinga um staðsetningu þeirra í frítíma og sé ökusirita komið fyrir í ökutæki ætti þannig að vera hægt að slökkva á honum að vinnudegi loknum. Mælt er með því að upplýsingar séu ekki varðveittar lengur en í tvo mánuði. Eigi að varðveita þær lengur er mælt með því að þær verði gerðar nafnlausar. Aðeins þeir sem þess nauðsynlega þurfi eigi að hafa aðgang og koma eigi í veg fyrir aðgang óviðkomandi. Að lokum er lögð áhersla að starfsmenn fái fræðslu um notkun staðsetningarbúnaðar.

Álit nr. 6/2004 um tillögu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins og ákvörðun Ráðsins um stofnun, starfrækslu og notkun annarrar kynslóðar af Schengen-upplýsingakerfinu (SIS-II) og um tillögu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins varðandi aðgang þeirra stjórnvalda að SIS-II sem ábyrg eru fyrir að gefa út ökutækjavottorð. – Í þessu álit, sem gefið var út hinn 22. júní, er bent á að sú löggjöf, sem hér er lögð til, er flókin og varðar mjög mikla vinnslu persónuupplýsinga. Séu þannig nú skráðir 13 milljón einstaklingar í upplýsingakerfi Schengen. Í ljósi þess að upplýsingar í hinum nýja, miðlæga Schengengagnagrunni, þ.e. SIS-II (sjá kafla 4.6.6 hér á eftir), verði væntanlega hægt að tengja við upplýsingar í VIS-kerfinu og Eurodac-gagnagrunninum (sjá umfjöllun um álit nr. 2/2005 hér að ofan) er það harmað að tillögum að nýrri löggjöf skuli ekki fylgja ítarleg greinargerð um ástæðurnar fyrir henni. Hins vegar kemur fram að margt í löggjöfinni sé jákvætt en viðræðar efasemdir um að rétt sé að setja reglur, eins og þær er að finna, með slíkri ESB-löggjöf sem hér um ræðir; löggjafar einstakra aðildarríkja og almenningsálit þær hafi þannig ekki áhrif.

Fram kemur að með umræddum tillögum að breytingum á Evrópulöggjöf er ætlunin að færa setningu reglna um færslur í upplýsingakerfið um brottvísanir frá löndum Schengen-svæðisins – þ.e. það þegar útlendingum, sem búsettir eru þar, er vísað úr landi – undir stofnanir EB. Þá kemur fram að afnema á gagnagrunna í einstökum aðildarríkjum (svonefnd N.SIS (sjá kafla 4.6.6 hér á eftir)), sem upplýsingar eru nú fyrst færðar inn í áður en þær fara í miðlæga gagnagrunninn C.SIS í Strassborg (sjá framangreindan kafla). Þess í stað verði þær færðar beint inn í C.SIS.

Ljóst sé að þessar breytingar hljóti að hafa í för með sér miklar afleiðingar fyrir vinnslu persónuupplýsinga og eftirlit með henni. Skoða þurfi hvort þær reglur, sem gilda muni um þessa vinnslu eftir breytingarnar, samrýmist þeim meginreglum um vernd persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB. Leggur vinnuhópurinn áherslu á að svo verði. Þá er þess getið að ákvæði 13. gr. tilskipunarinnar fela í sér heimildir til handa aðildarríkjunum til undanþágna frá ákvæðum hennar um réttindi hins skráða vegna þjóðaröryggis, rannsóknar sakamála o.þ.h. Bent er á að verði samþykkt löggjöf, sem feli í sér sams konar skerðingar og heimilar eru samkvæmt 13. gr., missi aðildarríkin svigrúm sitt til mats um það hvort gera skuli slíkar skerðingar – m.ö.o., þá birtist hér sú afstaða að

aðildarríkjunum verði í raun skylt að taka upp skerðingar á umræddum réttindum í stað þess að vera það aðeins heimilt. Í tengslum við þetta kemur fram að vinnuhópurinn telur reglur þeirra löggjafartillagna, sem hér um ræðir, ekki fyllilega í samræmi við tilskipun 95/46/EB, enda hafi tillögurnar ekki að geyma allar reglur þeirrar tilskipunar.

Vísað er til þess að samkvæmt tilskipuninni á vinnsla persónuupplýsinga að fara fram í skýrum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi. Fram kemur að tilgangur vinnslunnar sé að synja einstaklingum um aðgang að Schengen-svæðinu en hins vegar einnig að yfirvöld geti skipst á upplýsingum í tengslum við eftirlit með fólki og hlutum (t.d. stolnum bílum). Með slíku eftirliti með fólki, sem hér um ræðir, sé gengið lengra en í gildandi löggjöf sem afmarkar not á upplýsingum vegna eftirlits nánar við tiltekin tilvik, s.s. landamæraskoðun og sérstakar athuganir lögreglu og tolleftirlits.

Fram kemur hins vegar að samkvæmt tillögum að nýrri löggjöf muni þau yfirvöld, sem nú geta fengið aðgang að upplýsingum vegna eftirlits innan landamæra, ekki hafa slíkan aðgang lengur. Ekki sé aftur á móti eins og nú talið upp vegna hvaða aðgerða fá megi aðgang. Sé það nauðsynlegt til að farið sé að meginreglunni um meðalhóf.

Mælst er gegn því að útlendingastofnanir, stofnanir sem bera ábyrgð á ökutækjavottorðum, Europol og Eurojust (Evrópska réttarástoðin) hafi aðgang að SIS-II, enda sé það ekki í þeirra verkahring að bregðast við þegar tilefni gefst til notkunar upplýsinga í gagnagrunninum (einkum til brottvísunar einstaklings sem búsettur er í aðildarlandi Schengen). Kemur fram sú afstaða að slíkur aðgangur geti leitt til þess að upplýsingar séu notaðar í ófyrirsjáanlegum tilgangi.

Nefnt er að samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum að löggjöf á, ef einstaklingur hefur ekki rétt til að koma inn á Schengen-svæðið, að hafa mynd af honum í SIS-II, sem og upplýsingar um fingraför. Segir að ekki komi fram hvers vegna slíkt sé nauðsynlegt, auk þess m.a. að setja verði reglur um aðgang að þessum upplýsingum og hvaða öryggisráðstöfunum skuli beitt til að verja þær. Einnig segir m.a. að í ljósi þess að um sé að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar eigi ekki að vera hægt að leita eftir þeim.

Vikið er að ákvæðum um samtengingu færslna um sama einstakling. Bent er á að slík samtenging hefur ekki tíðkast hingað til og að tryggja verður að grundvallarreglan um meðalhóf sé virt. Því er hafnað að færslur frá fleiri en einu landi séu tengdar saman, enda geti það raskað reglum um hver beri ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga og gert starf persónuverndarstofnana til að viðhafa eftirlit óhóflega erfitt. Bent er m.a. á að tengingar á milli færslna geta leitt til aðgangs sem ekki er þörf á. Í ljósi hins gríðarlega fjölda færslna í kerfinu verði að meta sérlega vel hvort ástæða sé til að tengja færslur saman í ljósi grundvallarreglunnar um skýran, yfirlýstan og málefnalegan tilgang með vinnslu persónuupplýsinga. Aðgangur skuli takmarkaður við þá sem nauðsynlega þurfi á honum að halda.

Fram kemur að varðveislutími á að verða lengri fyrir allar upplýsingarnar samkvæmt löggjafartillögum en nú er án þess að rökstutt sé hvers vegna. Færslur um brottvísun verði varðveittar í fimm ár en eyðist síðan sjálfkrafa. Í Schengen-samningnum (1. mgr. 112. gr.) sé hins vegar aðeins gert ráð fyrir þriggja ára varðveislutíma. Af tilefni þessa er minnt á meginregluna um að persónuupplýsingar skulu ekki varðveittar lengur en nauðsynlegt er og óskað vitneskju um hvers vegna varðveislutíminn hafi verið lengdur. Segir m.a. að án fullnægjandi ástæðna verði fimm ára varðveislutími talinn of langur.

Einnig kemur fram að ákvæði um rétt hins skráða til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga þyrftu að vera ítarlegri, auk þess sem bent er á að ákvæði skorti um að hinn skráði skuli fræddur um það þegar skráð er færsla um brottvísun, sem og að hann eigi rétt á að bera það undir stjórnvald og hvernig það skuli gert. Þá kemur m.a. fram að skýrt þurfi að vera – eins og í Schengen-samningnum – að hinn skráði þurfi ekki að vera á landsvæði aðildarríkis til að geta kvartað, enda sé það aðeins í

fáum tilvikum sem hinn skráði komist inn fyrir ytri landamæri Schengen-svæðisins eftir brottvísun. Auk þess þurfi að skýra heimildir persónuverndarstofnana í tengslum við meðferð mála. Nefnt er að samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum eigi framkvæmdastjórn EB að sjá um rekstur SIS-II. Í ljósi þess þurfi að fjalla mun nánar um réttarstöðu hennar. Vikið er að því að sameiginlegu Schengen-eftirlitsnefndina, þ.e. JSA (sjá kafla 4.6.6 hér að neðan) eigi að leggja niður, en við hlutverki hennar taki evrópski persónuverndarfulltrúinn (EDPS: European Data Protection Supervisor). Því er fagnað að gert sé ráð fyrir nánú samstarfi hans og persónuverndarstofnana aðildarríkjanna en bent á að útfæra þurfi nánar hvernig því skuli hagað svo að um sambærilegan samráðsvettvang og JSA verði að ræða. Einnig segir m.a. að gera þurfi ráð fyrir að persónuverndarstofnanir aðildarríkja geti gert sameiginlegar úttektir eins og gert sé ráð fyrir í 3. mgr. 115. gr. Schengen-samningsins.

Lögð er áhersla á upplýsingaöryggi, m.a. að aðeins þeir geti fengið aðgang að upplýsingakerfinu, sem þess þurfi, og að aðgangur sé skráður í atburðaskrár (log-skrár). Bent er á aðkoma framkvæmdastjórnarinnar, sem einkum muni snúa að tæknimálum, kunni að hafa áhrif á einstaklinga, s.s. setning reglna um hvernig upplýsingar um lífkenni skuli færðar inn í SIS-II og hvernig unnið skuli með þær. Lagt er til að gerð verði úttekt á því hvernig notkun SIS-II sé háttáð og hvernig hún hafi áhrif á grundvallarmannréttindi og vernd persónuupplýsinga. Segir að hvað þá þætti varðar ættu persónuverndarstofnanir í aðildarríkjunum að koma að samningu skýrslu um niðurstöður úttektarinnar.

4.6.5. Um vorfund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana

Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Kraká í Hollandi 25. og 26. apríl. Fundurinn var sóttur af forstjóra og Birni Geirssyni lögfræðingi. Á fundinum var m.a. rætt um áhrif tilskipunar 95/46/EB á vernd persónuupplýsinga í einstökum aðildarríkjum, áhrif dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins á beitingu tilskipunarinnar, miðlun persónuupplýsinga úr landi og bindandi fyrirtækjareglur sem eiga að geta tryggt lögmæti slíkrar miðlunar, starf persónuverndarfulltrúa, rétt hins skráða til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig, meðvitund fólks um réttindi sín varðandi meðferð persónuupplýsinga og fræðslu til almennings þar að lútandi og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við samstarf evrópskra löggæslustofnana.

4.6.6. Um starf Sameiginlegu Schengen-eftirlitsstofnunarinnar – JSA

Hér er um að ræða sjálfstæða stofnun sem starfar samkvæmt 115. gr. samnings um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli upphaflegra aðildarríkja samkomulagsins, þ.e. Belgíu, Hollands, Þýskalands, Lúxemborgar og Frakklands. Stofnunin hefur aðsetur í Brussel. Persónuvernd tekur þátt í starfsemi stofnunarinnar í samræmi við 18. gr. laga nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi þar sem kveðið er á um að hún hafi eftirlit með því upplýsingakerfi.

Upplýsingakerfum Schengen má skipta í þrjá meginhluta, þ.e. „Schengen Information System“ (SIS), „Supplementary Information Request at National Entry“ (SIRENE) og „Visa Inquiry Open Border Network“ (VISION).

SIS er byggt upp í kringum miðlægan gagnagrunn, „Central SIS“ (C.SIS) þar sem varðveittar eru upplýsingar um m.a. brottvísanir frá aðildarríkjum Schengen, sem staðsettur er í Strassborg í Frakklandi. Í hverju Schengen-þáttökulandi eru síðan svokölluð „National SIS“ (N.SIS) sem hafa afrit af C.SIS-gagnagrunninum. Aðilar í hverju landi leita í sínu N.SIS. Nýjar upplýsingar eru færðar inn í C.SIS og uppfærðar þaðan í öll N.SIS, þ.e. skráningarupplýsingar þáttökulands eru ekki færðar beint í N.SIS viðkomandi lands. Schengen-upplýsingakerfið er þannig uppbyggt að aðildarlöndin geta ekki skipst á upplýsingum beint hvert til annars heldur einungis með skeytasendingum til C.SIS sem fullgildir skráningar og varpar þeim síðan til gagnagrunna þáttökulandanna. Með reglubundnu millibili eru N.SIS þáttökulandanna borin saman við C.SIS til að tryggja samræmi í skráningu.

Nú er unnið að framtíðaruppfærslu með algerlega nýrri högun fyrir C.SIS, svonefndu SIS II. Núverandi útgáfa ræður ekki við fleiri en 18 aðildarlönd og á SIS II að bæta úr því. Litið er til stækkunar

ESB til austurs í þessu sambandi og reiknað með að lönd eins og Tékkland, Pólland o.fl. eigi eftir að bætast við síðar.

Helstu verkefni JSA-stofnunarinnar eru þessi:

- Persónuverndarmál í tengslum við Schengen.
- Eftirlit með öryggis-, aðgangs- og persónuverndarþáttum í rekstri C.SIS í Strassborg.
- Ráðgefandi hlutverk varðandi öryggismál upplýsingakerfisins.
- Samstarf við persónuverndarstofnanir í þáttökulöndum samstarfsins.
- Að samræma innlenda lagaframkvæmd og lagatúlkun í málum er upp koma vegna Schengen-upplýsingakerfisins.

Á árinu 2004 voru haldnir fjórir fundir. Sóttur var fundur er haldinn var 20. júní. Fundir, er haldnir voru 4. mars, 27. september og 13. desember, voru ekki sóttir vegna anna stofnunarinnar.

Á fundunum var m.a. fjallað um sameiginlega úttekt JSA á upplýsingakerfum Schengen samkvæmt 96. gr. Schengen-samningsins, en nánari umfjöllun um þá úttekt er að finna í ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2004, bls. 128 og 129. Hafa umrædd upplýsingakerfi að geyma upplýsingar um brottvísanir úr landi, þ.e. það þegar erlendu fólki, sem búsett er í landinu, er vísað á brott, og í sumum aðildarríkjum Schengen einnig frávísanir, þ.e. það þegar fólki, sem reynir að komast inn í landið, er vísað frá (tekið skal fram að frávísanir eru ekki skráðar á Íslandi).

JSA skilaði skýrslu um niðurstöður framangreindrar úttektar. Á Íslandi varð niðurstaðan sú, eftir að Persónuvernd hafði framkvæmt sinn hluta úttektarinnar, að vinnslan samrýmdist framangreindu ákvæði samningsins. Var Ríkislögreglustjóranum og Útlendingastofnun, sem hafa með höndum umrædda vinnslu persónuupplýsinga hér á landi; Umferðarstofu, sem hýsir það tölvukerfi, sem notað er við vinnsluna; sem og dómsmálaráðuneytinu; tilkynnt um lok úttektarinnar með bréfum, dags. 28. og 29. júní 2005, og send framangreind skýrsla.

Á fundum JSA var einnig m.a. fjallað um SIS II. JSA hefur frá upphafi fylgst með þróun þess gagnagrunns og leitast við að hafa áhrif á uppbyggingu hans með tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Hinn 31. maí 2005 gaf JSA út álit um afstöðu sína í þeim efnum og er þar ýmislegt gagnrýnt í tengslum við þróun umrædds upplýsingakerfis.

Tekið skal fram að lokum að miklar breytingar kunna að vera í vendum í tengslum við stjórn-sýslu á þessu sviði. Um það vísast til álits 6/2005 frá vinnuhópi samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, en fjallað er um álitid í kafla 4.6.4 hér að ofan.

4.6.7. Um 27. alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana

27. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í Montreux í Sviss 14.-16. september. Ráðstefnan var sótt af forstjóra og Særúnu Maríu Gunnarsdóttur. Á ráðstefnunni var rætt um hvort sams konar persónuupplýsingalöggjöf gæti hentað öllum ríkjum óháð mismunandi réttarhefð og menningu, hvernig beita mætti meginreglum persónuupplýsingaréttarins í tengslum við Netid, hvernig beita mætti innra eftirliti til að tryggja vernd persónuupplýsinga, hvernig einfalda mætti reglur um meðferð persónuupplýsinga og það hvernig slíkum reglum er framfylgt, hver reynslan af framkvæmd laga á grundvelli tilskipunar 95/46/EB væri, mikilvægi þess að ábyrgðaraðilar settu sér sjálfir reglur um hvernig persónuupplýsingar skyldu verndaðar, hver árangurinn væri af starfi persónuverndarstofnana, reglur um flutning persónuupplýsinga milli landa, hvernig koma mætti á jafnvægi milli verndar á friðhelgi einkalífs og baráttu gegn hryðjuverkum, vinnslu persónuupplýsinga á vegum einkaaðila sem starfa í þágu hins opinbera, lífsýnasöfn og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við starfsemi þeirra, pólitíska markaðssetningu, framlag alþjóðlegra stofnana til verndar persónuupplýsinga og lögreglusamstarf í sambandsríkjum. Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar á ráðstefnunni:

1. Ályktun um notkun lífkenna í vegabréfum. – Mælt var til þess að sem fyrst yrði beitt virkum öryggisráðstöfunum til að verja lífkenni í vegabréfum og komast þannig hjá hættum sem stafa af eðli líf-

kenna sem persónuupplýsinga. Þá var farið fram á að gerður yrði skýr greinarmunur á lífkennum, sem safnað er og geymd á grundvelli laga í þágu starfa hins opinbera (s.s. landamæraeftirlits), og lífkennum sem unnið er með í viðskiptalegum tilgangi á grundvelli samþykkis hins skráða. Auk þess var mælt til þess að með tæknilegum úrræðum yrði í komið í veg fyrir að lífkenni í vegabréfum og öðrum persónuskilríkjum yrðu notuð til annars en að staðfesta það að einstaklingur sé sá sem hann segist vera með því að bera saman upplýsingar í skilríkjunum við upplýsingar sem hinn skráði veitir sjálfur við framvísun skilríkja.

2. Ályktun um vinnslu persónuupplýsinga í þágu pólitískrar markaðssetningar. – Sett voru fram viðmið um það hvernig staðið skyldi að vinnslu persónuupplýsinga í þessu skyni. Þess skyldi gætt að aldrei væri unnið með meiri persónuupplýsingar en nauðsynlegar væru í þágu þessa tilgangs. Notaðar skyldu löglegar leiðir við öflun persónuupplýsinga og þær skyldu unnar með sanngjörnum hætti. Hafa skyldi í huga að í sumum tilvikum væru upplýsingar opinberar eða ætlaðar til notkunar í þágu eins markmiðs eingöngu, á tiltekinn hátt, aðeins vegna tiltekins tilviks eða í vissan, afmarkaðan tíma og skyldi leggja sérstaka áherslu á að koma í veg fyrir að aðferðir, sem notaðar væru til að hafa samband við fólk, einkenndust af ýtni. Gæti skyldi þess að upplýsingar væru áreiðanlegar, viðeigandi, ekki umfram það sem nauðsynlegt væri og uppfærðar, sérstaklega þegar upplýsingarnar tengdust þjóðfélagsviðhorfum eða stjórnmalaskoðunum hins skráða. Svo að nota mætti upplýsingarnar yrði vinnsla þeirra að samrýmast þeim tilgangi sem söfnun þeirra byggðist upphaflega á og hefði verið kynntur fyrir hinum skráðu, sérstaklega þegar um væri að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar. Upplýsingar, sem upphaflega hefði verið aflað á grundvelli upplýsts samþykkis í þágu markaðssetningar á vöru eða þjónustu, mætti nota í pólitískri markaðssetningu ef tekið væri fram í samþykkisyfirlýsingu að slíkt stæði til. Aðeins skyldi unnið með upplýsingar á þann hátt að samrýmdist tilganginum með vinnslunni, sérstaklega þegar tengdar væru saman upplýsingar úr ólíkum áttum. Hinum skráðu skyldi veitt fræðsla um vinnsluna þegar upplýsinga væri aflað hjá honum sjálfum. Hið sama ætti við þegar þeirra væri aflað annars staðar, a.m.k. ef þær væru ekki aðeins varðveittar tímabundið. Vinnsla skyldi byggjast á samþykki eða annarri löglegri heimild og farið skyldi að reglum um fjarskipti þegar notuð væri tölvupóstföng, farsímanúmer o.s.frv. Viðhafa skyldi fullnægjandi öryggisráðstafanir við vinnsluna og hinir skráðu skyldu hafa rétt til vitneskju um vinnsluna, leiðréttingar, eyðingar, andmæla o.fl. Í tilkynningum til hinna skráðu skyldi þessara réttinda getið.

3. Ályktun um staðfestingu persónuverndarstofnana sem þátttakenda á alþjóðafundum forstjóra. – Persónuverndarstofnanirnar í Lúxemborg, Saskatchewan í Kanada, Basel-kantónu í Sviss og Basklandi voru staðfestar sem þátttakendur á alþjóðafundum forstjóra.

4. Ályktun varðandi áheyrnaraðild. – Samþykkt var ályktun um að þau ríki gætu fengið áheyrnaraðild að alþjóðafundunum sem ekki hafa persónuverndarstofnun sem telja má nægilega sjálfstæða í störfum sínum til að viðmiðum þar að lútandi sé fullnægt.

Auk framangreindra ályktana var samþykkt yfirlýsing sem ber heitið Montreux-yfirlýsingin. Í henni hvöttu forstjórar persónuverndarstofnana til alþjóðlegrar viðurkenningar á meginreglunum um vernd persónuupplýsinga og lýstu yfir vilja sínum til að vinna með alþjóðlegum og yfirþjóðlegum stofnunum að gerð alþjóðasamnings um persónuvernd. Föru þeir fram á það við Sameinuðu þjóðirnar að þær ynnu drög að slíkum bindandi samningi sem fjallaði skýrlega um réttinn til verndar persónuupplýsinga og einkalífs sem mannréttinda sem unnt skyldi vera að framfylgja. Þá hvöttu þeir allar ríkisstjórnir heimsins til að standa að lagasetningu um persónuvernd og Evrópuráðið til að hvetja þau aðildarríki sín, sem enn væru ekki orðin aðilar að samningi þess um vernd persónuupplýsinga frá 1981, til að bæta úr því. Auk þess hvöttu þeir þjóðarleiðtoga, sem kæmu saman á alþjóðaráræðingum um upplýsingasamfélagið í Túnis 16.-18. nóvember, til að setja í ályktun fundarins ákvæði um persónuvernd eins og gert hefði verið á fundi ríkja rómönsku Ameríku í Santa Cruz í Bólívíu

2003, sem og fundi ríkja, sem hefðu frönsku að opinberu máli, í Ougadougou í Burkina Faso 2004. Þá hvöttu forstjórnarnir alþjóðlegar og yfirþjóðlegar stofnanir til að fara að meginreglum um persónuvernd og koma á sjálfstæðum persónuverndarstofnunum með fullnægjandi valdheimildir, auk þess sem þeir hvöttu alþjóðleg félagasamtök, s.s. á sviði viðskipta og neytendaverndar, til að þróa staðla um persónuvernd. Einnig hvöttu þeir vél- og hugbúnaðarframleiðendur til að þróa tölvutækni sem verndar friðhelgi einkalífs. Þá samþykktu forstjórnarnir að auka samstarf persónuverndarstofnana, s.s. með þróun sameiginlegra staðla, að stuðla að samvinnu við ríki sem ekki hefðu enn sjálfstæða persónuverndarstofnun, að auka samstarf við persónuverndarfulltrúa einstakra lögaðila og að stofna sameiginlega vefsíðu.

4.6.8. Um samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (Consultative Committee of the Convention for the Protection of Individuals with Regard to Automatic Processing of Personal Data (ETS 108) (T-PD)) hélt fund í Strassborg 2.–4.febrúar. Fundinn sótti Ingvi Snær Einarsson. Á fundinum var m.a. fjallað um skýrslu ráðgjafanefndar T-PD um söfnun og vinnslu upplýsinga um lífkenni, skýrslu um meginreglur um vernd persónuupplýsinga á Netinu og vinnslu fjarskiptaupplýsinga.

Nefndin starfar á grundvelli 13. gr. Evrópusamnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga sem gerður var í Strassborg 28. janúar 1981 (CONVENTION nr. 108 for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data). Fullgildingarskjal Íslands vegna þessa samnings var afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins 25. mars 1991, en hann hafði verið undirritaður fyrir Íslands hönd 27. september 1982 með fyrirvara um fullgildingu. Með ályktun 17. desember 1990 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda samninginn og öðlast hann gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 1991.

Nánari umfjöllun um starf nefndarinnar er að finna á heimasíðu Evrópuráðsins. Tengil við hana er að finna á heimasíðu Persónuverndar.

4.6.9. Um fund um staðsetningarbúnað í farsímum

Hinn 12. júlí var haldinn fundur í Brussel um staðsetningarbúnað í farsímum, s.s. til að gera fjarskiptanotendum unnt að nota símann til að vísa sér veginn að tilteknum fyrirtækjum eða senda raf-ræn boð um hvar þeir væru til vana sinna. Fundinn sótti Þórður Sveinsson. Á fundinum var fjallað um hvernig framkvæmdin væri nú við veitingu þjónustu sem byggðist á staðsetningarbúnaði og hver væru mest aðkallandi viðfangsefnin í tengslum við vernd umræddra upplýsinga.



5. Lög og reglur

5.1. Lög nr. 77/2000, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 90/2001, lögum nr. 81/2002, lögum nr. 46/2003 og lögum nr. 72/2003

Lögin, eins og þau voru í árslok 2005, eru birt hér fyrir neðan og á heimasíðu stofnunarinnar (www.personuvernd.is).

I. kafli. Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, sbr. nánar ákvæði 36. gr.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Persónuupplýsingar*: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
2. *Vinnsla*: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
3. *Skrá*: Sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn.
4. *Ábyrgðaraðili*: Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
5. *Vinnsluaðili*: Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.
6. [*Rafræn vöktun*]: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
 - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
 - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.]¹⁾
7. *Samþykki*: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykktur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang

- hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
8. *Viðkvæmar persónuupplýsingar:*
- Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífskoðanir.
 - Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknáð.
 - Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
 - Upplýsingar um stéttarfélagasáðild.
9. *Sértæk ákvörðun:* Ákvörðun sem afmarkar rétt og/eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga.
- ¹⁾ L. 46/2003, 1. gr.

3. gr.

Efnislegt gildissvið.

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota.

4. gr.

[Rafræn vöktun.

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.]¹⁾

¹⁾ L. 46/2003, 2. gr.

5. gr.

Tengsl við tjáningarfrelsi.

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

6. gr.

Landfræðilegt gildissvið.

[Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, [í aðildarríki stofnsamnings Friverslunarsamtaka Evrópu]¹⁾ eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.²⁾

[Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á

Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.]¹⁾

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Pegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.]³⁾

¹⁾ L. 72/2003, 5. gr. ²⁾ Augl. 638/2005. ³⁾ L. 90/2001, 1. gr.

II. kafli. Almennar reglur um vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.

[Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.]¹⁾

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

1. að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;
2. að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;
5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

[Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.]¹⁾

¹⁾ L. 90/2001, 2. gr.

8. gr.

[Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.]¹⁾

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi:

1. [hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.]¹⁾
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmunir hans skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

. . . 2)

[Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hans skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitíð til

þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.]¹⁾

¹⁾ L. 90/2001, 3. gr. ²⁾ L. 46/2003, 3. gr.

9. gr.

[Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.]¹⁾

[Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum:]¹⁾

1. hinn skráði samþykki vinnsluna;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan sé framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskygni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmati starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau; slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða;
6. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
9. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

[Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.]²⁾

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinin í [1. og 2. mgr.]²⁾ telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknnum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkis þess er óskað.

Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.

¹⁾ L. 90/2001, 4. gr. ²⁾ L. 81/2002, 1. gr.

10. gr.

Notkun kennitölu.

Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.

11. gr.

[Áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur¹⁾ og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.²⁾

¹⁾ Rgl. 299/2001. ²⁾ L. 90/2001, 5. gr.

12. gr.

Innra eftirlit.

[Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla umhverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli¹⁾ um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.²⁾

¹⁾ Rgl. 299/2001. ²⁾ L. 90/2001, 6. gr.

13. gr.

[Trúnaðarskylda vinnsluaðila við meðferð persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu¹⁾ í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur stað-

festu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.]²⁾

[Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluaðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluaðili ekki.]³⁾

¹⁾ Augl. 638/2005. ²⁾ L. 90/2001, 7. gr. ³⁾ L. 72/2003, 6. gr.

14. gr.

Frestur til að fullnægja skyldum.

Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er fyrir ábyrgðaraðila að afgreiða erindi innan eins mánaðar er honum heimilt að gera það síðar. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili innan mánaðarfrestsins gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

15. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Verða skal við erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. án þess að taka fyrir það sérstakt gjald. Þó má, ef um er að ræða mikinn kostnað, svo sem vegna ljósritunar skjala, taka greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af dómsmálaráðherra með reglugerð.

III. kafli. Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda. Fræðslu- og viðvörðunarskylda. Réttur til rökstuðnings.

16. gr.

Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er skylt að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Þeim sem þess óskar skal enn fremur, að því er varðar tiltekna tegund vinnslu, veitt vitneskja um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum þessum;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum persónuupplýsinga sem unnið er með;
5. hvaðan upplýsingar koma;
6. viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar úr landi og þá til herra.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint til ábyrgðaraðila, eða fulltrúa hans skv. 6. gr., og má krefjast skriflegrar greinargerðar um þau atriði sem óskað er vitneskju um.

17. gr.

Opinber skrá um veittar heimildir og móttæknar tilkynningar.

Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilar skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður.

18. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

19. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfraeðivinnslu eða vísindarannsókna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Skal þá m.a. tekið tillit til heilsu hins skráða og hagsmuna venslamanna hans. Þó má samkvæmt beiðni veita umboðsmanni hins skráða vitneskjuna, enda mæli engar sérstakar ástæður gegn því.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnvísulögum. Þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.

Þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. getur hann óskað greinargerðar um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

Dragi veiting vitneskju um tiltekna upplýsingar úr möguleikum á að leiða til lykta mál sem er til meðferðar má fresta veitingu upplýsinganna þar til lokið er undirbúningi málsmeðferðar.

Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir.

20. gr.

[Fræðsluskýlda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki,
 - c. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1.mgr.¹⁾

¹⁾ L. 81/2002, 2. gr.

21. gr.

[Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr. Sé ætlun ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
 - b. hvaðan upplýsingarnar koma,
 - c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða
4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.¹⁾

¹⁾ L. 81/2002, 3. gr.

22. gr.

Rökstuðningur sértækra ákvarðana sem byggjast á sjálfvirkri upplýsingavinnslu.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga getur sá sem ákvörðunin beinist að krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðuninni til grundvallar.

23. gr.

Viðvaranir um notkun persónusníða.

Þegar persónusnið sem skilgreinir tiltekið hátterni, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:

1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. eða
2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv., getur Persónuvernd, þegar henni berst tilkynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili geri hinum skráða viðvart og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörur er að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.

24. gr.

Viðvaranir um rafræna vöktun.

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

IV. kafli. Leiðrétting, eyðing, lokun o.fl.

25. gr.

Leiðrétting og eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

26. gr.

Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili engu síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlæt看legt út frá heildstæðu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat skal taka tillit til hagsmuna annarra, almennra persónuverndarhagsmuna, almannahagsmuna og þeirra aðgerða sem þörf er á til að verða við kröfunni.

Persónuvernd getur, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notkun slíkra upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra.

27. gr.

Réttur til að fá ákvörðun sem byggist á handvirkri vinnslu upplýsinga.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr., sem að öllu leyti hefur byggst á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, getur sá sem ákvörðun beinist að, eða mál varðar beinlínis með öðrum hætti, krafist þess að fá ákvörðunina handunna, enda sé um að ræða ákvörðun sem varðar persónulega hagi eða eiginleika hans og hefur verulega þýðingu fyrir hann.

Réttur skv. 1. mgr. er ekki til staðar ef beitt er viðhlítandi ráðstöfunum til að gæta persónuverndarhagsmuna viðkomandi og um er að ræða ákvörðun sem byggist á fyrirmælum laga eða tengist gerð eða efndum samnings.

28. gr.

[Um andmælarétt hins skráða og um bannskráHagstofunnar.

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lög-mætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

Hagstofa Íslands skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarfsemi, en Hagstofa Íslands setur nánari reglur um gerð og notkun slíkra skráa og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram í samræði við Persónuvernd. Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í

slikum tilgangi, bera hana saman við skrá Hagstofunnar til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannaskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur. [Ef markpóstur er sendur með rafrænum hætti er skylt að fram komi á ótvíræðan hátt um leið og hann er móttækinn að um slíkan póst sé að ræða.]¹⁾

Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda félaga-, starfsmanna eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum viðmarkaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við Hagstofuna, sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.]²⁾

¹⁾ L. 30/2002, 23. gr. ²⁾ L. 90/2001, 8. gr.

V. kafli. Flutningur persónuupplýsinga úr landi.

29. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Heimill er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr. [Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir¹⁾ í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.]²⁾

Við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipun 95/46/ESB fullnægi skilyrðum 1. mgr. skal m.a. líta til reglna viðkomandi ríkis um meðferð persónuupplýsinga, reglna um góða viðskiptahætti og þeirra öryggisráðstafana semviðhafðar eru hjá viðtakanda. Þá skal taka mið af því hvort viðkomandi ríki hafi fullgilt samning Evrópuráðsins nr. 108 frá 28.janúar 1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

¹⁾ Augl. 638/2005. ²⁾ L. 90/2001, 9. gr.

30. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Óheimill er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema:

1. hinn skráði hafi samþykkt flutninginn, eða
2. slíkt sé nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða vegna aðildar Íslands að alþjóðastofnun, eða

3. heimild standi til slíks flutnings í öðrum lögum, eða
4. afhendingin sé nauðsynleg til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila, eða
5. flutningurinn sé nauðsynlegur til að gera eða efna samning í þágu hins skráða, eða
6. afhendingin sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða,
7. [ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur,
8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að].¹⁾

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. [Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvend. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli um flutning persónuupplýsinga úr landi.]¹⁾

¹⁾ L. 90/2001, 10. gr.

VI. kafli. Tilkynningarskylda, leyfisskylda o.fl.

31. gr.

Tilkynningarskylda.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu.

Tilkynningarskyldan á ekki við ef einungis er unnið með upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi.

Persónuvernd getur ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar. Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu getur Persónuvernd sett fyrirmæli, þar á meðal um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða.

¹⁾ Rgl. 698/2004.

32. gr.

Efni tilkynninga.

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, sbr. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;

11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;

12. [hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr.]¹⁾

Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli²⁾ um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfræst eftir tegund og eðli vinnslu.

¹⁾ L. 81/2002, 4. gr. ²⁾ Rgl. 698/2004.

33. gr.

Leyfisskyld vinnsla.

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið¹⁾ að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið²⁾ að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu.

¹⁾ Rgl. 698/2004. ²⁾ Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 157/2003.

34. gr.

Forsendur leyfisveitingar o.fl.

Ábyrgðaraðila má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögnum eða fyrirmælum Persónuverndar.

Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal Persónuvernd, innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða.

35. gr.

Skilmálar Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga.

Þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 33. gr. skal Persónuvernd binda það skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr.

Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga:

1. hvort tryggt sé að hinn skráði geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögnum, þar á meðal til að hætta þátttöku í verkefni, og eftir atvikum fá eytt skráðum persónuupplýsingum, til að fá fræðslu um réttindi sín og beitingu þeirra;
2. hvort persónuupplýsingar verði nægjanlega öruggar, áreiðanlegar og uppfærðar í samræmi við tilgang vinnslunnar skv. 7. gr.;
3. hvort með persónuupplýsingarnar verði farið af þeirri varúð sem reglur um þagnarskyldu og tilgangur vinnslunnar krefst;
4. hvort skipulagt hafi verið hvernig hinum skráða verði veittar upplýsingar og leiðbeiningar, innan þeirra marka sem sanngjarnt er að ætlast til miðað við umfang vinnslunnar og aðrar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru;
5. hvort stofnað hafi verið til öryggisráðstafana sem séu eðlilegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagmælsku um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst.

VII. kafli. Eftirlit og viðurlög.

36. gr.

Skipulag Persónuverndar og stjórnýsla.

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir dómsmálaráðherra.

Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk Persónuverndar.

Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.

37. gr.

Verkefni Persónuverndar.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga [á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna].¹⁾ Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi:

1. að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og mæla, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laganna,²⁾
2. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum,
3. að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitæfni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,
4. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,

5. að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, um persónuvernd, þar á meðal með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir,³⁾
6. að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd,
7. að birta árlega skýrslu um starfsemi sína.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu.

[Persónuvernd setur reglur⁴⁾ um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.⁵⁾

¹⁾ L. 90/2001, 11. gr. ²⁾ Rgl. 340/2003. ³⁾ Augl. 1001/2001. ⁴⁾ Rgl. 888/2004. ⁵⁾ L. 81/2002, 5. gr.

38. gr.

Aðgangur Persónuverndar að upplýsingum o.fl.

Persónuvernd getur krafðið ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna. Einnig getur Persónuvernd kvatt ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar og skýringar varðandi ákveðna vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar sem lúta rafrænni vinnslu, og tæki til slíkrar vinnslu. Persónuvernd getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðvum og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu.

39. gr.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Persónuvernd veiti persónuverndarstofnunum erlendis upplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt til að hún eða hin erlenda persónuverndarstofnun geti ákveðið eða framkvæmt aðgerðir til að tryggja persónuvernd.

40. gr.

Stöðvun vinnslu o.fl.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skrár eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Viðmat á því hvort og þá hvaða úrræðum skuli beitt skal Persónuvernd m.a. taka tillit til þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laga þessara eða reglur settar samkvæmt þeim er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Sinni aðili ekki fyrirætlum Persónuverndar skv. 1. mgr. getur hún afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati.

41. gr.

Dagsektir.

Ef ekki er farið að fyrirætlum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirætlunin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirætlum Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

42. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirætlum Persónuverndar.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

43. gr.

Bætur.

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laga þessara, reglna eða fyrirætlum Persónuverndar skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluaðila.

VIII. kafli. Lagatengsl, gildistaka o.fl.

44. gr.

Tengsl við ákvæði annarra laga.

Lögin gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega.

Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.

45. gr.

Reglugerðir um einstaka flokka starfsemi.

Með reglugerð má mæla fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstétum.

Í reglugerð¹⁾ skal mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi skal bundin leyfi Persónuverndar og um hana gilda eftirfarandi ákvæði laganna: 11. gr. um öryggi og gæði upplýsinga, 12. gr. um innra eftirlit, 13. gr. um meðferð vinnsluaðila á upplýsingum, 18. gr. um upplýsingarétt hins skráða, 21. gr. um viðvör-

unarskyldu þegar upplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða, 25. gr. um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi upplýsinga, 26. gr. um eyðingu og bann við notkun upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi, 33. gr. um leyfisskylda vinnslu, 34. gr. um forsendur leyfisveitingar, 35. gr. um skilmála, 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl., 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl., 41. gr. um dagsektir, 42. gr. um refsingar og 43. gr. um bætur.

Að fenginni umsögn Persónuverndar skal ráðherra í reglugerð²⁾ mæla nánar fyrir um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

Þá skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi þeirra sem nota nafnalista, vinna nafnritanir, þar á meðal við markaðssetningarstarfsemi, og við gerð markaðs- og skoðanakannana.

¹⁾ Rg. 246/2001. ²⁾ Rg. 322/2001, sbr. 926/2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar er lög þessi hafa verið birt skal ráðherra skipa stjórn og auglýsa embætti forstjóra Persónuverndar laust til umsóknar. Eftir að forstjóri hefur verið skipaður ræður hann eftir þörfum annað starfsfólk til að annast undirbúning að gildistöku laganna og sinna stjórnarsýslu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 46. gr. skal Persónuvernd þegar er stjórn hennar hefur verið skipuð taka að sér eftirlit með því að meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi sé í samræmi við lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga við gildistöku laganna skal á þar til gerðu eyðublaði tilkynna Persónuvernd um vinnsluna

í samræmi við ákvæði 31. og 32. gr. innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Leyfi sem tölvunefnd hefur gefið út skulu halda gildi, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

5.2. Um stjórnvaldsreglur

Persónuvernd gaf ekki út stjórnvaldsreglur á árinu 2005. Þær reglur sem helst reyndi á í framkvæmd voru reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga og reglur nr. 888/2004 um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði.

Þessar reglur eru birtar hér fyrir neðan og á heimasíðu Persónuverndar (www.personuvernd.is) eins og þær voru í árslok 2005.

5.3. Reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um tilkynningarskyldu vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um undanþágur frá þeirri skyldu og um leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða er ætluð til persónulegra nota fellur utan gildissviðs reglna þessara. Sama á við um vinnslu sem fram fer í tengslum við rannsókn eða könnun þar sem skráðar upplýsingar eru hvorki merktar með persónuauðkennum, númerum né öðrum rekjanlegum auðkennum.

Um tilkynningaskyldu lögreglu fer samkvæmt reglugerð nr. 794/2000 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

2. gr.

Tilkynningarskylda

Ábyrgðaraðili skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 skal tilkynna Persónuvernd um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga sem hann framkvæmir eða fer fram á hans vegum. Hann ber að lögum ábyrgð á því að vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt hagað í samræmi við efni tilkynningar til Persónuverndar og lög nr. 77/2000.

Sendi skal tilkynningu í upphafi fyrstu vinnslu en ekki í hvert skipti sem hún fer fram. Verði breytingar á tilkynntri vinnslu, s.s. ef unnið er með aðra tegund upplýsinga, upplýsingarnar afhentar öðrum eða gerðar tiltækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu, eða þær notaðar á annan hátt, t.d. með samtengingu, eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, skal senda Persónuvernd nýja tilkynningu þannig að stofnunin hafi á hverjum tíma réttar upplýsingar um vinnsluna.

3. gr.

Form og efni tilkynninga

Tilkynningu til Persónuverndar má koma á framfæri á þar til gerðu eyðublaði, sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar, eða á prentuðu eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu Persónuverndar.

Í tilkynningu skal tilgreina öll þau atriði sem greinir í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 77/2000. Þar skal og koma fram hvort um sé að ræða nýja tilkynningu eða tilkynningu um breytingu á vinnslu. Sé um að ræða tilkynningu um breytingu skal tilgreina númer eldri tilkynningar. Í tilkynningu skal og tilgreina kennitölu ábyrgðaraðila. Verði vinnsla falin vinnsluaðila, í heild eða að hluta til, skal og tilgreina kennitölu hans og skyldur hans samkvæmt samningi hans og ábyrgðaraðila.

4. gr.

Hvenær er heimilt að hefja vinnslu persónuupplýsinga

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að hún byggist á 8. eða 9. gr. laga nr. 77/2000. Það ræðst af því hvort vinnsla er leyfisskyld eða tilkynningarskyld hvenær heimilt er að hefja hana.

Heimilt er að hefja leyfisskylda vinnslu þegar skriflegt leyfi Persónuverndar er komið til ábyrgðaraðila.

Heimilt er að hefja tilkynningarskylda vinnslu þegar ábyrgðaraðila hefur borist staðfesting frá Persónuvernd um móttöku tilkynningarinnar. Honum er þó ávallt heimilt að hefja vinnslu þegar liðnir eru 15 dagar frá því að hann sendi tilkynninguna. Honum er hins vegar óheimilt að hefja vinnslu hafi honum, innan umrædds frests, borist tilmæli Persónuverndar þess efnis.

Persónuvernd getur hvenær sem er stöðvað vinnslu sem hún telur vera ólögmeta eða sett skilmála fyrir því að henni megi halda áfram, sbr. 40. og 35. gr. laga nr. 77/2000.

Vinnslu persónuupplýsinga, sem hvorki er tilkynningarskyld né leyfisskyld, má hefja hvenær sem er.

5. gr.

Undanþágur frá tilkynningarskyldu almennra persónuupplýsinga

Ekki er skylt að tilkynna um vinnslu almennra persónuupplýsinga sem:

1. Er eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og tekur einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.
2. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á lagaskyldum.
3. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á skyldum hans samkvæmt samningi við hinn skráða eða samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins.
4. Aðeins felst í vinnslu persónuupplýsinga sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar,

enda sé ekki um að ræða vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.

5. Telst til rafrænnar vöktunar, sem eingöngu fer fram í öryggis- og eignavörsluskyni, enda hafi skilyrðum laga um fræðslu og viðvaranir verið fullnægt sem og gildandi sérreglum um framkvæmd slíkrar vöktunar.
6. Er að öllu leyti handunnin.
Undanþágur frá tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. gilda ekki um rafræna vinnslu:
 1. Persónuupplýsinga um hegðun og mat á árangri einstaklinga, s.s. um einkunnir nemenda og frammistöðu starfsmanna.
 2. Persónuupplýsinga sem fram fer í þeim tilgangi að fella einstaklinga inn í tiltekið persónusnið, skv. 23. gr. laga nr. 77/2000.
 3. Sem felur í sér flutning ódulkóðaðra persónuupplýsinga úr landi.

6. gr.

Tilkynningarskyld vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, sem ekki er leyfissskyld skv. 7. gr., er tilkynningarskyld.

7. gr.

Leyfissskyld vinnsla persónuupplýsinga

Óheimilt er að hefja eftirtalda vinnslu persónuupplýsinga fyrir en fyrir liggur skriflegt leyfi Persónuverndar, sem hún veitir að fenginni umsókn frá ábyrgðaraðila. Þetta á við um:

1. Vinnslu sem felst í samkeyrslu skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Slík samkeyrsla er þó ekki leyfissskyld byggja hún á fyrirmælum laga eða ef einvörðungu eru samkeyrðar upplýsingar úr Þjóðskrá um nafn, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer. Sama á við ef samkeyrðar eru skrár sama ábyrgðaraðila eða samkeyrslan byggist á upplýstu samþykki.
2. Vinnslu sem tengist framkvæmd vísindarannsóknar þar sem unnið er með erfðaeftni manns. Þetta á þó ekki við ef aðeins er unnið með hluta af erfðaeftni þannig að það verði ekki rakið til tiltekins manns.
3. Vinnslu upplýsinga um refsiverðan verknað manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hins skráða.
4. Söfnun og miðlun persónuupplýsinga um fjárhagsstöðu og lánstraust einstaklinga 5. Vinnslu upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífsmáttíðni, s.s. hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar og fóstursamninga, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hinna skráðu.
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er slík vinnsla persónuupplýsinga ekki leyfissskyld, byggja hún á fyrirmælum laga.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 31., 32. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 90/2001 um tilkynningarskylda og leyfissskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd, 12. ágúst 2004

5.4. Reglur nr. 888/2004 um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið reglna þessara er að stuðla að því að jafnvægi ríki annars vegar á milli hagsmuna ábyrgðaraðila af því að tryggja öryggi og hafa eðlilegt eftirlit með þeim sem sæta rafrænni vöktun, m.a. með því hvernig sá hug- og vélbúnaður sem hann leggur til sé nýttur í þágu viðkomandi starfsemi, og hins vegar hagsmuna hinna skráðu af því að njóta eðlilegs einkalífsréttar.

Reglur þessar gilda um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, s.s. með eftirlitsmyndavélum, tæknibúnaði til að fylgjast með síma-, tölvupósts- og netnotkun, ökusíritum, rafrænum staðsetningarbúnaði og rafrænum aðgangsstýringum. Þær gilda þó ekki um eftirlit með mætingum, t.d. með notkun stimpilkorta.

2. gr. Merking hugtaka.

Merking hugtaka í reglum þessum er sem hér segir:

1. *Rafræn vöktun:* Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með tilteknum einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
 - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
 - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.
2. *Leitarkerfi:* Kerfi sem gerir mögulegt að finna með skjótvirkum hætti persónuupplýsingar um tiltekna einstaklinga í safni myndefnis, hljóðefnis eða annars konar gagna, s.s. á grundvelli útlitsauðkenna eða annarra einkenna.
3. *Einkatölvupóstur:* Tölvupóstur sem sendur er eða mótttekinn með vél- eða hugbúnaði ábyrgðaraðila, s.s. vinnuveitanda, en lýtur að einkamálefnum viðkomandi einstaklings og varðar hvorki hagsmuni ábyrgðaraðila né þá starfsemi sem hann rekur.
4. *Netnotkun:* Notkun einstaklings á hug- og vélbúnaði sem ábyrgðaraðili lætur honum í té, t.d. til að vafra um Netið, til að taka við og senda tölvupóst eða til snarspjalls (msn).
5. *Netvöktun:* Viðvarandi eða reglubundin söfnun upplýsinga um netnotkun, s.s. með aðgerðaskráningu.
6. *Aðgangsstýring:* Stýring aðgangs að skilgreindum svæðum og gögnum, hvort sem þau eru á tölvutæku formi eða ekki, sem felur í sér að hægt er að sjá hver hefur farið um hin skilgreindu svæði eða hefur unnið með viðkomandi gögn.
7. *Símvöktun:* Viðvarandi eða reglubundin söfnun upplýsinga um símanotkun einstaklings.
8. *Ökusíriti:* Rafrænn búnaður í farartæki sem gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um ökumenn, þ. á m. um ferðir þeirra og/eda aksturslag.
9. *Rafrænn staðsetningarbúnaður:* Rafrænn búnaður sem gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um staðsetningu og ferðir einstaklinga, s.s. þráðlaus auðkenningarbúnaður (RFID), þ.e. örflögur með útsendingartíðni sem sýna staðsetningu, t.d. út frá hnitakerfi.

3. gr.

Áskilnaður um meðalhóf og málefnalegan tilgang.

Rafræn vöktun verður að fara fram í málefnalegum tilgangi, s.s. í öryggis- eða eignavörsluskyni. Vöktun til að mæla vinnu og afköst starfsmanna er einnig háð því að hennar sé sérstök þörf því að:

- a. ekki sé unnt að koma við verkstjórn á hinu vaktada svæði með öðrum hætti; eða
- b. án vöktunarinnar sé ekki unnt að tryggja öryggi á viðkomandi vinnusvæði, s.s. í ljósi sjónarmiða um hollustuhætti og mengunarvarnir; eða

c. hún sé nauðsynleg vegna sérstaks samkomulags um launakjör í viðkomandi fyrirtæki, s.s. þegar laun eru byggð á afkastatengdu, tímamældu launakerfi.

Við alla rafræna vöktun skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. Skal gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.

Vöktun með leynd er óheimil nema hún styðjist við lagaheimild eða úrskurð dómara.

4. gr.

Varðveisla, miðlun, eyðing og önnur meðferð persónuupplýsinga.

Óheimilt er að safna persónuupplýsingum við framkvæmd rafrænnar vöktunar nema það sé nauðsynlegt í ljósi tilgangsins með vöktuninni.

Persónuupplýsingum sem safnast við rafræna vöktun skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með öflun þeirra. Óheimilt er að varðveita slíkar upplýsingar lengur en í 90 daga, nema lög mæli fyrir um annað.

Persónuupplýsingar sem til verða við framkvæmd rafrænnar vöktunar má aðeins nota í þágu tilgangs með söfnun þeirra og aðeins að því marki sem þess gerist þörf í þágu tilgangsins. Þær má ekki afhenda öðrum, vinna frekar eða geyma nema með samþykki hins skráða eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Þó er heimilt að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða meintan refsiverðan verknáð en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu.

5. gr.

Sérákvæði um tölvupóst og netnotkun

Óheimilt er að skoða tölvupóst, vakta netnotkun starfsmanns eða nemanda nema að uppfylltum ákvæðum reglna þessara. Einkatölvupóst má þó aldrei skoða nema alveg brýna nauðsyn beri til s.s. vegna tölvuveiru eða sambærilegs tæknilegs atviks. Þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð skal þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun sé þess nokkur kostur.

Við starfslok skal starfsmanni gefinn kostur á að eyða eða taka afrit af þeim tölvupósti úr vinnusvæði sínu sem ekki tengist starfsemi vinnuveitandans. Tölvupósti nemenda skal eytt við námslok en áður skal veita hæfilegan frest til töku afrita. Óheimilt er að gera ráðstafanir til að varðveita upplýsingar um netnotkun starfsmanns eða nemanda eftir starfs- eða námslok.

6. gr.

Sérákvæði um ökusírita

Notkun ökusírita er heimil sé hennar sérstök þörf, s.s. vegna öryggissjónarmiða. Ekki skal nota ökusírita til að vinna upplýsingar um staðsetningu ökumanna nema á því sé sérstök þörf í ljósi lögmæts og málefnalegs tilgangs með notkun þeirra.

7. gr.

Fræðsluskýlda ábyrgðaraðila gagnvart starfsmönnum, nemendum o.s.frv.

Sá sem viðhefur rafræna vöktun skal, áður en vöktun hefst, fræða þá sem sæta vöktuninni um:

- Hvaða búnaður sé notaður, t.d. hvort notaðar séu stafrænar myndavélar, ökusíritar, hljóðupptökutæki eða annar sambærilegur búnaður.
- Tilgang vöktunar, hvaða persónuupplýsingar eigi að vinna með, hve lengi þær verði varðveittar, hvort þeim verði miðlað til þriðja aðila og þá til hverra.
- Rétt til að andmæla vöktuninni og hverjar geti verið afleiðingar þess.

- d. Rétt til að fá að vita hvaða upplýsingar séu skráðar um viðkomandi, um rétt hans til að fá upplýsingar leiðréttar eða eytt röngum eða villandi upplýsingum um sig.
- e. Að hvaða marki netnotkun sé heimil, hvaða búnað megi nota og hvaða notkun sé vöktuð.
- f. Hvernig farið sé með einkatölvupóst og annan tölvupóst.
- g. Hvort og þá hvaða netnotkun sé bönnuð, m.a. hvort bannað sé að sækja á Netið tiltekið efni og/eða senda slíkt efni í tölvupósti og hvernig bregðast megi við lendi menn fyrir mistök á bönnuðum heimasíðum eða fái bannað efni sent með tölvupósti.
- h. Hvort símvöktun fari fram og hvort takmarkanir, og þá hvaða, séu á heimild til einkanota á tilgreindum símtækjum.
- i. Afleiðingar þess ef brotið er gegn fyrirmælum um notkun síma, Netsins eða annars slíks búnaðar á vinnustað.
- j. Önnur atriði, að því marki sem þörf krefur með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, svo að starfsmenn geti gætt hagsmuna sinna.

8. gr.

Viðvaranir um rafræna vöktun.

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

9. gr.

Reglur um rafræna vöktun.

Ábyrgðaraðili að rafrænni vöktun sem leiðir til vinnslu persónuupplýsinga skal setja skriflegar reglur um hana og skilgreina þá stefnu sem hann hyggst fylgja varðandi hana. Óheimilt er að beita slíkum reglum nema þeim sem vöktun beinist að hafi áður sannanlega verið kunngjört efni þeirra og þeim gefinn a.m.k. 15 daga frestur til að koma að athugasemdum. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið á um tilgang vöktunarinnar, aðgang að upplýsingunum og varðveislutíma þeirra.

Ef kjarasamningur eða samkomulag, sem telja verður bindandi milli aðila, felur í sér ríkari rétt en leiðir af reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., þá víkja þær síðarnefndu.

10. gr.

Upplýsingaskylda vinnuveitanda við gerð ráðningarsamnings.

Við ráðningu starfsmanns skal, áður en gengið er frá samningi, upplýsa starfsmanninn um það hvernig háttáð sé vöktun á viðkomandi vinnustað. Skal það gert með skýrum, ótvíræðum og sannanlegum hætti. Verði slíku ekki viðkomið skal tryggja skýra upplýsingagjöf og aðgengi starfsmanna að reglum, s.s. með birtingu þeirra á heimasíðum vinnuveitenda, samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda og í starfsmannahandbókum.

11. gr.

Réttur hins skráða til að skoða gögn sem til verða við rafræna vöktun og hann varða.

Sá sem sætt hefur rafrænni vöktun á rétt á að skoða gögn, s.s. fá að hlusta á hljóðupptökur, sem til verða um hann við vöktunina, í samræmi við 18. gr. laga nr. 77/2000, enda standi ákvæði 2. mgr. 19. gr. laganna því ekki í vegi.

Ábyrgðaraðili skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku erindis verða við beiðni samkvæmt 1. mgr. Komi upp ágreiningur má vísa honum til úrlausnar Persónuverndar. Getur Persónuvernd þá lagt fyrir ábyrgðaraðila að varðveita gögn þar til niðurstaða Persónuverndar liggur fyrir.

12. gr.

Stöðvun rafrænnar vöktunar.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun rafrænnar vöktunar sem í bága fer við ákvæði reglna þessara og um eyðingu þess efnis sem til hefur orðið.

13. gr.

Heimild.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 5. gr. laga nr. 81/2002, taka þegar gildi.

Persónuvernd, 29. október 2004